

# Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði II:

Fornleifar frá Gufuskálum að Hróðurnesi



Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis: Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og  
Kristborg Þórsdóttir



Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2010

*Forsíðumyndin er af uppistandandi húsi á bæjarhól Litla-Hólms (GK-104:001)*

Fornleifastofnun Íslands 2010

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)



## EFNISYFIRLIT

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF</b> .....	<b>7</b>
<b>3. SKÝRINGAR</b> .....	<b>9</b>
<b>4. FORNLEIFASKRÁ</b> .....	<b>11</b>
<b>GK-100 Gufuskálar</b> .....	11
<b>GK-101 Vesturkot</b> .....	23
<b>GK-102 Hróðurnes</b> .....	24
<b>GK-103 Stóri-Hólmur</b> .....	30
<b>GK-104 Litli-Hólmur (Minni Hólmur)</b> .....	49
<b>GK-105 Borghús (Bakkakot)</b> .....	57
<b>GK-106 Nýlenda</b> .....	63
<b>GK-107 Rófa</b> .....	65
<b>GK-108 Garðhús</b> .....	66
<b>GK-109 Ráðagerði</b> .....	67
<b>GK-110 Keflavík</b> .....	67
<b>5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ</b> .....	<b>74</b>
Bæjarhólar og býli .....	74
Kirkjur, kuml og legstaðir .....	77
Garðlög og kálgarðar .....	77
Skepnuhald .....	78
Sjósókn .....	78
<b>6. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>80</b>
Minjar í hættu .....	80
Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu .....	80
<b>HEIMILDAMENN</b> .....	<b>84</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>84</b>
<b>SÉRHEITASKRÁ</b> .....	<b>87</b>
<b>VIÐAUKI 1: HNI TASKRÁR Á ISN93</b> .....	<b>88</b>
<b>VIÐAUKI 2: MINJAKORT</b> .....	<b>6</b>

## 1. INNGANGUR

Þegar Fornleifastofnun Íslands og Sveitarfélagið Garður sömdu um heildarskráningu allra minjastaða í sveitarfélaginu stóð til að skráningunni yrði skipt í fjóra áfanga. Fyrsti áfanginn var skráður veturinn 2008 og sá næsti sumarið á eftir og kom út skýrsla fyrir fyrstu tvo áfangana það sama ár. Í ársbyrjun 2009 höfðu forsvarsmenn sveitarfélagsins samband við Fornleifastofnun og fóru þess á leit að verki yrði hraðað og tveir síðari áfangarnir skráðir saman, sumarið 2009. Afrakstur þeirrar skráningar birtist í þessari skýrslu. Sumarið 2009 voru skráðar fornleifar á 10 jörðum í Leirunni, frá Gufuskálum í norðvestri að Hróðurnesi í suðaustri, að báðum jörðum og öllum hjáleigum meðtöldum. Að auki voru skráðar fornleifar í óskiptu landi í Heiðinni suðvestan við gamla þjóðveginn GK-095:019 að Garði. Stór hluti óskipta landsins við suðurmörk sveitarfélagsins var tekinn eignarnámi af ríkinu árið 1941 og var sá hluti aðalskráður veturinn 2008<sup>1</sup>. Staðsetning minjastaða úr þeirri skráningu er sýnd á korti aftast í skýrslunni en upplýsingar um minjastaðina birtust í skráningarskýrslunni sem kom út 2008<sup>2</sup>. Sumarið 2009 voru nýskráðar 204 fornleifar í Sveitarfélaginu Garði, en að auki eru í fornleifaskrá skýrslunnar 30 fornleifar úr eldri skráningu og því samtals þekktar um 234 fornleifar á skráningarsvæðinu. Sú skráning sem áður hafði verið gerð var í landi Stóra-Hólms og þess hluta jarðarinnar Keflavíkur sem er innan marka Sveitarfélagsins Garðs. Báðar voru skráningarnar gerðar vegna umhverfismats, annars vegar vegna álvers við Helguvík og hins vegar vegna breikkunar Reykjanesbrautar<sup>3</sup>. Umfjöllun um minjastaði aftast skýrslunni miðast við þær fornleifar sem eru í fornleifaskrá. Fjöldi jarðanna er miðaður við lögbýli eins og þau koma fyrir í Jarðabók Johnsen frá 1847 en undir þær fellur fjöldi hjáleigna og þurrabúða.

Vert er að geta þess að flest minni lögbýlin sem skráð voru 2009 hafa löngum aðeins átt heimatún sín en ekkert land utan þeirra. Á slíkum jörðum voru því aðeins þær minjar skráðar undir lögbýli sem töldust í tünnum þeirra, eins og þau voru afmörkuð árið 1919. Aðrar fornleifar voru skráðar í landi stærri heimajarða, jafnvel þótt að í sumum tilfellum væri ljóst að minjarnar hefðu verið notaðar af hjáleigubændum. Fornleifar voru skráðar utan túns á jörðunum Gufuskálum,

---

<sup>1</sup> Ágústa Edwald. 2008. *Aðalskráning fornleifa við suðurmörk Sveitarfélagsins Garðs*. Óútgefin bráðabirgðaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands.

<sup>2</sup> Birna Lárusdóttir o.fl. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. Fornleifastofnun Íslands.

<sup>3</sup> Adolf Friðriksson. 2006. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík*. Fornleifastofnun Íslands og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifakönnun. Reykjanesbraut*. Fornleifastofnun Íslands.

Hrúðurnesi, Stóra-Hólmi, Litla-Hólmi og Bakkakoti. Með Bakkakoti eru skráð þrjú tórnthús sem eru beint upp af túni Bakkakots til suðvesturs. Ekki er ljóst hvort Bakkakot átti land utan túns og því mögulegt að þessi býli hafi tilheyrt Stóra-Hólmi. Hjárleigur og tórnthús sem ekki voru lögbýli eru skráðar með þeim jörðum sem talið er að þær hafi byggst frá og tilheyrt. Allar minjar sem tilheyrðu hverju slíku býli/tórnthúsi eru skráðar undir einu númeri og eru mörg dæmi um að 5-10 mannvirki séu skráð saman undir einu númeri. Sökum þessa eru skráðar minjaeiningar mun fleiri en númerin í fornleifaskránni gefa til kynna.

Kristborg Þórsdóttir vann skráningu á vettvangi sumarið 2009 og sá um ritun skýrslu. Sædis Gunnarsdóttir gerði svæðisskráningu (heimildakönnun) árið 2000 og um kortagerð sá Lís Rut Björnsdóttir. Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundunum hætti. Á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í 4. kafla er svo ítarleg fornleifaskrá. Í henni er skrá yfir allar þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla er yfirlit um sögu byggðar á svæðinu og samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (6. kafli) auk almennra tillagna um miðlun upplýsinga um minjar í öllu sveitarfélaginu. Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða. Minjastaðirnir eru merktir á loftmyndir af svæðinu frá Loftmyndum ehf. Þar má einnig sjá túnakort frá 1919.

## 2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma.

Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.



Áætlað frávík frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávíki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## 4. FORNLEIFASKRÁ

### GK-100 Gufuskálar

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. JÁM III, 98-99. 1847, 33 1/3 hr. Konungseign. JJ,88. Jarðarinnar er getið í Þórðarbók Landnámu: "Gufi hét annarr son Ketils. Hann vildi byggja í Nesi en Ingólfr rak hann á brutt þaðan; þá fór hann á Rosmhvalanes og vildi byggja á Gufuskálum..." ÍF I, 66 nm og í Sturlubók Landnámu: "Ketill tók Rosmhvalnes; sat hann enn fyrsta vetr at Gufuskálum" ÍF I, 166. Þá er hennar getið í Egilssögu: "Ketill gufa kom til Íslands, þá er land var mjök byggt; hann var inn fyrsta vetr at Gufuskálum á Rosmhvalanesi." ÍF II, 240. Jarðarinnar er getið á skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "...vt j tyslinga stein Gvfvskalar eigv þaðann vt til midvarar j midskala..." DI II, 77. Þá er hennar getið í afgjaldareikningi Eggerts fögeta Hannessonar frá 1552 og í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 420, 156. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 nefnir tvær nafnlausar hjáleigur á jörðinni. JÁM III, 99.

1703: "Fóðrast kann iii kýr. ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfrista og stúnga engin nema í grýttri jörðu valla nýtandi. Eldiviðartak lítið af fjörupáangi. Lýngrif lítillfjörlegt. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon nær engin. Heimræði árið um kring... Lending slæm um stórstraum. Tún eru grýtt og uppblásin til þriðjunga. Engjar eru öngvar. Hagar eru mjög litlir vetur og sumar. Vatnsból í lakasta máta og þrýtur bæði sumar og vetur." JÁM III, 98-99. Túnakort 1919: Gufuskálar: Tún 2,8 teigar, kálgarðar 930 m<sup>2</sup>. Vesturkot: Tún 0,9 teigar, kálgarðar 900 m<sup>2</sup>.

#### GK-100:001 Gufuskálar bæjarhóll bústaður

64°03.293N 22°36.728V

Bærinn á Gufuskálum er merktur á túnakort jarðarinnar frá 1919. Bæjarröðin snýr norðaustur-suðvestur. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: "Gamli bærinn stóð aðeins austar en í miðju túni - á sama stað og bærinn stendur nú. Það er efst á háum hól, sem ýmist er nefndur Hóllinn eða Gufuskálahóll. Af honum hallar mjög norður. Hóllinn mun að mestu leyti vera forn öskuhaugur. Fjós og hlaða var sambyggt gamla bænum að vestan. Gufuskálar eru nú í eyði og ekki er að sjá að tún jarðarinnar séu nýtt. Bæjarhóllinn er í miðju túni en stutt er frá honum austur á klappir í fjörinni.

Bæjarhóllinn er geysistór, um 50 m í þvermál. Hann er um 4 m á hæð og er þverhnipt fram af honum til austurs og norðausturs þar sem hann er hæstur. Ekki sést til neinna bæjarhúsa en einhverjar leifar af kálgorðum eru í jöðrum hólans (sjá 002 og 003). Hann er að líkindum

náttúrulegur að einhverju leyti en miklar minjar munu vera hér undir sverði og mikil uppsöfnun mannvistarleifa. Í grein Sigurðar B. Sívertsen, Samanburður á forntíð og nútíð í Romshvalaneshreppi frá því fyrir um 60 árum, sem prentuð var í Árbók Suðurnesja, segir: "Húsakynni á Gufuskálum voru þau örgustu og aumustu sem ég hefi nokkurn tíma séð þá ég flutti þangað [Sigurður flutti að Gufuskálum vorið 1833]. Innan úr löngum niðurgröfnum og grjótlögðum göngum var baðstofumynd, ef baðstofu skyldi kalla. Í austurenda var á þriggja álna löngum moldarbeck hjónarúmið við moldarvegg, með rúmstokksmynd og staurum í botni. Raftur á baðstofu en hvergi súð eða fjöl. Hinumegin við innganginn í baðstofuna var pallmynd með rúmbælum, en undir pallinum stóðu einhver óþverra ílát eða þá kálfur úr fjósi. Til beggja hliða úr bæjardyrnum voru einhverjir kofar með óþverra rusli, en bæjardyr fylltust oft af vatni svo varla varð út komist og rann úr fjósaforinni í leysingum."

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar,4; Árbók Suðurnesja 1988,100.



Bæjarhóll Gufuskála 001, horft til norðvesturs

#### GK-100:002 Hólgarður gerði útihús

64°03.306N 22°36.724V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m norðvestan við bæ 001. Fast vestan og norðan við útihúsið og samtengt því eru merktir inn kálgarðar á túnakortið og annar þeirra sést enn. Þeir eru hér skráðir undir sama númerið og úthúsið. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: "Fjós og hlaða var sambyggt gamla bænum [001] að vestan. Fram á Hólnum, neðan við hlöðuna, var kálgarður nefndur Hólgarður." Líklega hefur annar kálgarðanna fast við útihúsið sem hér er skráð verið nefndur Hólgarður. Minjarnar eru í vestur- og norðurjaðri bæjarhóls 001.

Afar mikill gróður vex á og við bæjarhólinn.

Kálgarðurinn sem er vestan við útihúsið sést enn og er hann grjóthlaðinn. Hann afmarkar svæði sem er um 14x28 m að stærð og snýr austur-vestur. Nærri austurenda garðsins er grjótpúst áföst garðinum utanverðum sem er um 2x2 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hefur verið á þessum slóðum. Við austurenda kálgarðs sjást óljósar hleðslur eða steinkantur liggja til suðurs, beygja til suðausturs og aftur til suðurs og kunna þar að vera leifar útihúss þess sem merkt er inn á túnakort og hér er skráð en það er óljóst. Mesta hæð kálgarðsins er um 1 m og sjást 4 umför.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar, 4.

**GK-100:003** gerði útihús 64°03.283N 22°36.715V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 15 m suðaustan við bæ 001. Fast norðvestan við bæjarhúsin var samkvæmt túnakortinu kálgarður A sem lá nær upp að norðvesturhlíð þeirra. Enn sést til þessa kálgarðs. Annar kálgarður B var samkvæmt túnakorti fast við þennan kálgarð, austan megin við bæjarhúsin. Ekki sést til hans. Þessir tveir kálgarðar auk þróarinnar eru skráðir hér undir sama númeri. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: "Annar kálgarður var framan við sjálf bæjarhúsin [001] og þriðji kálgarðurinn [002] var vestan við bæinn."

Kálgarður A og útihúsið eru í suðurjaðri bæjarhóls, afar grasgefnum.

Kálgarður A er um 7x27 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn en sést víðast sem kantur og er mjög grasi vaxinn. Hleðslur sjást enn á suður- og austurhlíð. Á miðri suðurlanghlíð kálgarðsins vantar hleðslur á um 5 m löngum kafla og þar var þróin sem sýnd er á túnakorti en ekki sést til hennar. Mesta hleðsluhæð og breidd garðsins er um 1 m og sjást 3 umför í hleðslum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort, 1919. Ö-Gufuskálar, 4.

**GK-100:004** Sjávargata vegur leið 64°03.314N 22°36.700V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata frá bæ 001 til norðvesturs að vörinni 008. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: "Frá bænum lá Sjávargata skáhallt útávið niður að lendingu [008]. Steinaröð var sín hvoru megin hennar."

Sjávargatan sést fyrst um 15 m sunnan við bæ 001.

Gatan liggur um aflíðandi brekku niður af bæjarhól 001 og meðfram ströndinni í grasi grónu túni.

Gatan er upphlaðin en hún er mjög grasi gróin og ekki sést í hleðslur. Gatan sést á um 25 m löngum kafla og liggur í sveig til norðausturs að vör 008. Hún er um 1,5 m á breidd og um 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar, 4.

**GK-100:005** gryfja óþekkt 64°03.321N 22°36.700V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 20 m norðan við bæ 001. Á þeim stað sést enn gryfja.

Gryfjan er norðaustast á dálitlum hól sem er fast norðan við bæjarhólinn.

Hóllinn er hæstur um 3 m og er afar grasgefinn. Á honum vex ljósara gras en á bæjarhólnum og ekkert illgresi.

Gryfjan er nokkuð sporöskjulaga, er um 2x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gryfjan er dýpst um 0,6 m. Ekki sést í grjót í henni eða hleðslur.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:006** heimild um útihús 64°03.310N 22°36.702V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 10 m norðan við bæ 001, fast sunnan við Sjávargötu 004.

Mannvirkið var að líkindum í lægð milli hæða í jaðri bæjarhóls. Þar vex afar mikill grasgróður.

Ekki sést til mínja um mannvirki á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-100:007** garðlag traðir 64°03.263N 22°36.769V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var eitthvert mannvirki um 40 m sunnan við bæ 001. Mannvirkið er línulegt og liggur til NNA frá túngarði 013 út á túnið. Merkingin er ekki skýr en hér er um 'gamalt garðlag' að ræða samkvæmt kortalyklinum. Í örnefnalýsingu segir: "Háar klappir í túninu ofan við bæinn heita Kastali. Kastalahlíð var á túngarðinum [013] ofan hans. Hér áður lá heimreiðin frá því, niður sunnan við Kastalann." Austan við Kastala eru tvær einföldar samsíða grjótraðir sem myndar óljósar traðir. Traðirnar eru um 35 m suðaustan við bæ 001. Líklegast

hefur mannvirkid sem merkt er inn á túnakortið verið leifar þessara traða.

Traðirnar eru í túni á milli Kastala og lágrar hæðar.

Traðirnar eru í dálitlu skarði í túnjaðri. Stórir steinar mynda gisnar grjótraðir en ekki eru hleðslur sýnilegar. Traðirnar eru um 25 m á lengd og breiðastar um 3 m við túngarð 013 en eru víðast um 2 m á breidd og snúa suðvestur-norðaustur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar, 4.

**GK-100:008** mannvirki lending 64°03.330N  
22°36.656V

Vör er merkt á túnakort frá 1919 um 80 m norðvestan við bæ 001. Spil er merkt við vörina. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: "Vörin (lendingin) er niður af Hólnum, austan til fyrir miðju túni. Inn í hana var ein renna, en hún víkkaði ofan til. Stundum voru allt upp í sjö skip í Gufuskálavör á vetrarvertíð. Mest var útgerðin frá Gufuskálum en einnig frá Vesturkoti [101:001]."

Vörin er austan undir flötum klöppum í stórgryttri fjöru. Ekki sjást sker í sjónum utan við hana til austurs.

Vörin er um 10x20 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Veggir hennar eru 1,5-2 m á hæð. Allbratt er upp úr henni og hefur grjót safnast í hana. Norðaustur af henni eru leifar af grjóthlaðinni undirstöðu spils sem er um 5 m í þvermál, um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Viðarleifar af spilinu eru enn greinilegar.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar, 5.

**GK-100:009** heimild um útihús

64°03.348N 22°36.681V

Á túnakort frá 1919 er ritað: "Tvö fiskihús og kofatættur," vestan við vörina 008. Húsin eru ekki teiknuð á kortið og nákvæm staðsetning þeirra ókunn. Þau hafa þó líklega verið um 110 m norðaustan við bæ 001 miðað við staðsetningu texta á túnakorti og eru hér skráð undir einu númeri.

Mínjarnar voru líklega þar sem er grasi gróinn bakki vestan við grytta fjöru.

Ekki sést til mínja á þeim stað sem merkingin er á túnakortinu. Líklega hefur sjórinn brotið þær.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-100:010** heimild um leið

64°03.357N 22°36.716V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata frá lendingunni 008 til suðvesturs að Vesturkoti 101:001. Gatan var um 80 m sunnan við bæ 001.

Gatan lá um grasi gróið tún.

Ekki sést til leiðarinnar í túninu enda er kafgras á því.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-100:011** *Hausthús* bæjarstæði býli

64°03.415N 22°36.774V

Lítið afmarkað tún er merkt um 60 m norðaustan við Vesturkot 101:001 á túnakort frá 1919. Engin hús eru merkt á túninu en heitið Hausthús stendur ritað innan sviga við það. Líkleg skýring á því að ekki eru merkt nein hús á þessum stað á túnakortinu er að þau hafi verið farin í eyði og ef til vill hrunin. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir:

"Hausthús ft. voru tómthús u.þ.b. 60-70 föðmum austur af Vesturkoti [101:001]. Hausthús fóru í eyði um 1913-1914. Síðasti ábúandi þar var Einar Eyjólfsson." Hausthús eru um 20 m vestan við sjávarbakka og um 230 m NNV við bæ 001. Þau eru áföst túngarði sem sýndur er á túnakorti og sameinast túngarði 013.

Mínjarnar um tómthúsið eru í grasi grónu túni. Túngarðurinn er á mörkum túns og móa.



*Lending 008, horft til suðausturs*

Tvískipt tóft er í Hausthúsum og er hún áföst túngarðinum sem liggur til vesturs frá sjó, meðfram Vesturkotstúni og endar við túngarð 013 skammt norðvestan við þar sem núverandi afleggjari liggur gegnum þann garð. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 150x190 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er innan þessa svæðis, nærri norðausturhorni. Stallur er í túninu suðaustan við tóftina og hefur líklega verið lítið tún eða kálgarður á honum. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftin A er um 8x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin, mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 4 umför. Hún er tvískipt eins og áður segir. Hólf I er um 4x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Hvorki er suðurveggur á tóftinni, né austurveggur, og ekki sést hvar op hefur verið á hólfinu eða tóftinni. Hólf II er lítið annað en norðvesturhorn sem er um 2x2 m að innanmáli. Sá hluti túngarðsins B sem liggur til austurs frá tóftinni kann að vera leifar af þessu hólfi að hluta en lítil beygja er á honum um 3 m austan við tóftina. Garðurinn er að mestu niðurfallinn en er um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Hann er um 23 m á lengd frá tóft A til sjávar. Þar sem túngarðurinn liggur til vesturs frá tóftinni er hann vel greinilegur og gróinn að hluta á 35 m löngum kafla. Þar er hann um 1,3 m á breidd og um 0,7 m á hæð. Frá þessum hluta garðsins liggur garðurinn í hálfhring umhverfis tún Vesturkots og meðfram suðvesturhlið



*Hausthús 011. horft til norðurs*

Gufuskálatúns að túngarði 013. Þessi hluti garðsins er útfluttur og stendur ekki steinn yfir steini nema að litlu leyti uppi á klöpp þar sem garðurinn mætir túngarði 013. Þar er garðurinn um 0,4 m á hæð, 0,5 m breiddur og sjást 2 umför hleðslu. Minjar um meint tún eða kálgarð suðaustan við tóft A er allskýr kantur C sem sést fyrst um 9 m sunnan við tóftina. Hann afmarkar svæði sem er um 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Austurhliðin nær langleiðina að tóftinni. Kanturinn er um 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919, Ö-Gufuskálar, 5.

**GK-100:012** *Kóngsgerði* tóftabyrping býli

64°03.452N 22°36.788V

Norðvestan við túnmörk, í "kargaþýfðum túnmóa" er merkt býlið Kóngsgerði á túnakort frá 1919.

Þar stendur: "Kóngsgerði var hér, rífið timburhúsið 1918." Í

örnefnalýsingu Gufuskála segir: "Tómthúsið

Kóngsgerði var vestan við Kúamóa.


Það var norðvestur af Hausthúsum [011].

Dálítið gerði var í kringum kotið og þaðan var

konungsútgerð á tímabili. Mun gerðið af því hafa fengið nafn sitt. Kóngsgerði fór í eyði 1915." Kóngsgerði er um 290 m norðan við bæ 001.

Býlið er suðaustan undir lágu grjótholti nærri sjávarbakka.

Minjar sem býlinu tilheyrta eru á svæði sem er um 75x85 m að stærð og snýr VNV-ASA. Alls voru skráð 14 mannvirki á svæðinu: 4 tóftir, 5 garðlög, 1 gryfja, 1 traðir og 3 þústir. Í lýsingunni hér á eftir er hverju mannvirki



*Kóngsgerði 012*

gefinn bókstafur til aðgreiningar. Garðlag L er norðan við býlið og afmarkar svæði sem er um 45x37 m að stærð og snýr norður-suður. Garðurinn er hlaðinn úr fjörugrjóti og stendur enn á nokkrum stöðum. Hann er um 1 m á breidd, hæstur er hann um 1,2 m og sjást þar 6 umför. Innan garðsins er uppblásið að miklu leyti og líklega virðist að þarna hafi verið beitarhólf fyrir skepnur frekar en tún. Garður þessi liggur í norðurhorn garðs J sem er um 18x22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hans eru úr mold og grjóti og eru um 1,5 m á breidd og um 1 m á hæð, ekki er hægt að greina fjölda umfara. Tengdur þessum garði er grjóthlaðinn garður K sem er minni um sig. Hann liggur í kringum bæjarstæðið og afmarkar svæði sem er um 35x30 m og snýr VNV-ASA. Saman umlykja garðarnir flestar minjarnar sem tilheyra Kóngsgerði og afmarka þeir svæði sem er um 35x30 m að stærð og snýr VNV-ASA. Garður K er hæstur um 0,7 m og um 1 m á breidd, sjást 5 umför. Hann er víða fallinn niður eða horfinn. Í vesturhorni þar sem garðarnir mætast er mjó renna á milli þeirra sem myndar mjóar traðir N. Þær eru um 4,5x1 m að innanmáli, snúa norðvestur-suðaustur. Samtengdur garði K er garður sem liggur til austurs, að sjó, um 20 m langur. Við enda garðsins niður við sjó er einföld tóft G sem er um 4x3,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin en hleðslur eru signar og mikið grjót hefur hrunið úr þeim. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást 3 umför. Suðaustan við hana er grjótdreif H sem er um 2x1 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og þar suðaustan við, frammi á sjávarbakkanum er garðbrot I sem er um 1 m á hæð, 4 umför, 1 m á breidd og um 3 m á lengd. Á bæjarstæðinu er hlaðinn grunnur af timburhúsi A sem var rífið 1918. Hann er um 5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grunnurinn stendur um 0,2 m upp úr sverði en hleðslur eru um 1,2 m á hæð innanmáls og sjást 6 umför. Þar fast við til norðvesturs sést óljóst móta fyrir grunni annars húss B en ekki sést í hleðslur. Hornið sem er greinanlegt er um 2x3 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er um 0,1 m. Norðaustan við hann er einföld grjóthlaðin tóft C sem er um 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til suðvesturs en hrunið hefur í innganginn og tóftin er hálf full af grjóti, hlöðnu að hluta. Rest er yfir lítið, einfalt hólf í tóftinni sem er um 0,5 m á breidd og um 1 m á lengd, snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hefur þetta verið gert eftir að hætt var að búa í Kóngsgerði þó að ekki sé hægt að fullyrða um það. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 4 umför. Fast norðaustan við þessa tóft er gryfja D, hlaðin að innan. Hún er um 1x2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Gryfjan er gróin að hluta, er um 1 m á dýpt, sjást 4 umför. Um 7 m vestan við grunn A er þúst F sem er um 3x1 m að stærð, snýr ANA-VSV og er um 0,3 m á hæð, ekki sést í hleðslur. Ferköntuð gróf E er um 7 m norðvestan við þúst F. Hún er um 2x3 m að innanmáli og um 0,3 m á dýpt, gróin og ekki sést í grjót, snýr norðvestur-suðaustur. Úr vesturhorni gryfjunnar er mjó renna sem liggur til suðvesturs að garði K. Meðfram norðvesturvegg garðs J er dálítill upphækkun M sem gæti verið gamall húsgrunnur eða útlöft tóft. Hún er um 3x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, er um 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar, 5.

### GK-100:013 garðlag túngarður

64°03.287N 22°36.824V

"Tún jarðarinnar ásamt Kúamóa er umgirt með grjótgardi allt um kring og liggur nálægt túnnum nýbýlisjarða," segir í örnefnalýsingu. Túngarður Gufuskála liggur í hálfhring til suðvesturs utan um tún og aðliggjandi móa. Túngarður þessi er aðeins sýndur að hluta á túnakorti. Það er sá hluti hans sem er við túnið suðvestanvert. Áframhald af garðinum sem ekki er sýnt á túnakorti er samskonar og hinn og samtengdur honum og því eðlilegt að skrá hann sem eina heild. Af þessum túngarði liggur annar túngarður (sjá 011) sem hefur verið útfluttur að mestu leyti og lá næst túnnum Gufuskála og Vesturkots GK-101 að suðvestan- og norðanverðu. Túngarðurinn liggur um klappir og móa utan túns. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 555x220 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er hæstur um 1,2 m og sjást þar 6 umför hleðslu. Víðast er garðurinn um 1 m á breidd. Hann er víðast hruninn en er enn mjög vel greinilegur. Fast við utanverðan túngarð, um 185 m norðvestan við bæ 001 eru leifar gerðis. Þar ganga tvö garðlög út frá túngarði til VSV og afmarka þau svæði sem er um 20x8 m að stærð, snýr NNV-SSA. Garðlagið í norðurenda er um 6 m á lengd og um 1 m á breidd, 0,5 m á hæð. Í suðurenda er lítið horn sem er um 2x2 m að stærð, 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Garðarnir afmarka graslendi, mögulega viðbót við túnið, sem er greinilegt á milli þeirra.



Túngarður 013, horft til norðausturs

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Gufuskálar, 2.

**GK-100:014** garðlag óþekkt

64°03.437N 22°36.761V

Útflatt garðlag liggur á milli Kóngsgerðis 012 og Hausthúsa 011. Það er um 245 m norðan við bæ 001.

Garðurinn er í flatlendu túni sem komið er í órækt.

Frá norðausturhorni tóftar A í Hausthúsum 011 liggur gróinn og siginn garður að garði K sem liggur umhverfis Kóngsgerði 012. Garðurinn er um 46 m langur, um 2 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Hann liggur NNA-SSV.

Aðeins sést örla á grjóti í NNA-enda en þar er mun minni gróður en í hinum endanum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þetta garðlag var byggt en mögulega hefur það verið vörslugarður.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:015** heimild um leið

64°03.706N 22°37.373V

"Úr Grænugróf [099:029] í, merktan með LM, stóran stein [099:034] er liggur við aukavegin, segir í örnefnalýsingu. Steinninn sem minnst er á í örnefnaskrá er um 930 m norðvestan við bæ 001 og lá leiðin fast við hann.

Leiðin lá um afar stórgrýttan og gróðursnaudan móa suðaustur af sjávarhömrum.

Ekki sést til vegar eða gatna við landamerkin. Óvíst er að aukavegurinn sem getið er um í örnefnaskrá sé fornleif.

Ekki náðist í heimildamann sem gat varpað ljósi á það.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Gufuskálar, 2.

**GK-100:016** Neðrivegur vegur leið

64°03.213N 22°36.809V

Á heimasíðu Ferlis segir: "Gamlar götur út úr Garði lágu við Langholt og Hríshólavörðu [099:032]. Þær nefndust Efrivegur [sjá 095:019]. Neðrivegur lá ofan við Leirubæina. Enn sést móta fyrir götum þessum." Ruddur vegur liggur til norðurs frá Garðsbraut að túngarði 013. Líklegt er að sá vegur sé hluti af Neðrivegi en ekki sáust ummerki um leiðina annarsstaðar á skráningarsvæðinu.

Vegurinn liggur um grösugan en grýttan móa.

Vegurinn sést á um 200 m löngum kafla og hefur stefnuna norður-suður. Hann er víða um 2 m á breidd. Grjóti hefur verið rutt úr honum og því hlaðið meðfram honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**<http://ferlir.is/?id=4285>

**GK-100:017** tóft óþekkt

64°03.092N 22°36.647V

Lítill tóft er skammt austan við Garðsbraut, norðvestast á Hádegisholti 022, um 380 m sunnan við bæ 001.

Tóftin er á grýttu holti, lyngi vöxnu á köflum.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin í skeifu. Hún er um 1,5x1 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er opin til suðvesturs. Hleðslur eru hrundar en tvö umför sjást. Mesta hleðsluhæð er um 0,3. Tóftin er vel gróin. Óvíst er hvaða hlutverki tóftin gegndi en ef til vill hefur hún verið skotbyrgi eða smalabyrgi.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:018** þúst brunnur

64°03.315N 22°36.686V

"Brunnur var beint niður af bænum [001], ofan til á svonefndum Klöppum en þær náðu út að lendingunni [008]," segir í örnefnalýsingu. Meintar leifar af brunninum eru um 55 m norðaustan við bæ, í rofbakka ofan á Klöppum.

Þar sem brunnurinn var að líkindum er rofbakki ofan á sléttum Klöppum, svokölluðum. Sjórinn er smám saman að rífa bakkann.

Um 4 m sunnan við þúst 029 stendur járnör upp úr grassverðinum á bakkanum en tilgangur þess er óljós. Niður undan því til austurs má sjá viðarleifar og laust grjóti í sjávarbakkanum. Lítið vik er inn í bakkann á þessum stað, það gengur um 1 m inn í bakkann til vesturs og er um 1,5 m breitt yst (austast) og mjókkar í odd inn í bakkann. Ekki eru greinilegar hleðslur eða önnur skýr merki um brunn en eitthvað er af grjóti í rofinu í sjávarbakkanum sem er um 1 m á hæð og þar eru einnig viðarleifar eins og áður er sagt. Þetta er líklegasti staðurinn fyrir brunn ef hann er ekki horfinn með öllu. Annar brunnur var gerður í Gufuskálum árið 1937. Hann er fast norðvestan við bæjarhól 001. Hann er merktur með skilti sem Gufuskálabrunnur. Brunnurinn er steypdur og lokaður og því ekki hægt að sjá hleðslur eða stærð en steypri kassinn er um 1 m á kant. Gryfja er fast sunnan við brunninn og er bárujárnsþak yfir henni, hún er full af rusli og ekki hægt að sjá að hún tengist brunninum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 4.



*Þúst 018, horft til vesturs*

**GK-100:019** heimild um leið

64°03.314N 22°36.692V

"Fram á Hólnum, neðan við hlöðuna, var kálgarður, nefndur Hólgarður [002]. Hann var vestan við brunngötuna.

...Brunnur [018] var beint niður af bænum [001] ... Áðurnefnd brunngata lá frá bæ [001] og niður að honum," segir í örnefnalýsingu.

Allbrött brekka liggur niður af bæjarhólnum að meintum brunni 018. Afar grasgefið er á bæjarhólnum og í næsta nágrenni hans.

Ekki sjást ummerki brunngötu í brekkunni. Líklegt er að hún sé horfin vegna rasks á bæjarhólnum eða sjáist ekki vegna gróðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 4.

**GK-100:020** þúst útihús

64°03.357N 22°36.708V

Þúst er um 120 m norðaustan við bæ 001, innan gamla túnsins.

Þústin er í grasi vöxnu túni, um 30 m vestan við sjávarbakka.

Þústin er um 6x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er nokkuð flöt að ofan en í suðausturenda stendur hún hæst upp úr umhverfinu eða 0,5 m. Ekki sést í hleðslur en einn stakur steinn er í suðausturenda, kann að vera aðfluttur. Líklegast hefur húsið verið e.k. útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:021** *Kóngsgerðisvör* mannvirki lending

64°03.430N 22°36.712V

"Kóngsgerðisvör var beint niður af Kóngsgerði [012]. Hún var fallin saman og hætt að nota hana þegar Símon [Guðmundsson f. 11.11.1887] og Guðbjörn [Þórarinnsson f. 11.5.1894] mundu fyrst eftir," segir í örnefnalýsingu.

Vörin er um 255 m norðan við bæ 001 og um 70 m suðaustan við Kóngsgerði 012.

Vörin er í stórgrýttri klappar- og sandfjöru þar sem sjórinn hefur rífið breitt vik inn í sjávarbakkann til vesturs.

Vörin er um 50 m löng og um 3 m á breidd. Veggir hennar eru um 1 m á hæð og mikið af grjóti hefur safnast í hana.

Hún snýr suðaustur-norðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 5.

**GK-100:022** varða eyktamark

64°03.126N 22°36.541V

"Sunnan við Gufuskála, utan túns, er holt sem kallast Hádegisholt. Það nær frá merkjum upp af Sjálfkvíum og út á móts við Innri-Vatnagarð (þ.e. ofan hans). Á því var varða og var hádegi miðað af henni," segir í örnefnalýsingu. Vörðubrot sést enn á þessum slóðum, um 345 m sunnan við bæ 001.

Vörðubrotið er á grýttu klapparholti, allbratt er niður af því til austurs. Varðan er hrúnin. Hún er um 1,2 m í þvermál og er um 0,5 m á hæð, sjást tvö umför af hleðslu. Allstórt grjót hefur verið notað í hleðsluna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 6.



Varða 022, horft til vesturs

**GK-100:023** tóft óþekkt

64°03.235N 22°36.853V

Einföld tóft er um 150 m suðvestan við bæ 001.

Tóftin er í allgrösugum og grýttum móa þar sem eru uppblásnir moldarflákar.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 5x3,5 m að stærð, snýr ANA-VSV. Op er á tóftinni í suðausturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og innanmáls sjást 4 umför. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:024** tóft naust

64°03.333N 22°36.696V

Tóft er um 80 m norðaustan við bæ 001 og um 35 m vestan við vör 008.

Tóftin er á lágum náttúrulegum hól. Afar grasgefið er á hólnum.

Tóftin er um 5x4 m að stærð en er nokkuð ógreinileg vegna gróðurs.


Hún er einföld og að öllum líkindum grjóthlaðin en ekki sést í grjóthleðslur.

Tóftin snýr austur-vestur og er opin til vesturs.

Staðsetning og gerð tóftar bendir til að hún hafi verið naust.

Sunnan við tóftina er svæði sem er um 5x5 m að stærð, líklega hluti af hólnum sem tóftin stendur á, og kunna þar að leynast minjar undir sverði þó að þær sjáist ekki á yfirborði. Til þess bendir gróðurfar sem er þar eins og á tóftinni og sker það sig frá öðrum gróðri í túni. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta



64°03.275N 22°36.796V

**GK-100:025** varða óþekkt

Vörðubrot er um 60 m vestan við bæ 001, skammt austan við túngarð 013.

Vörðubrotið er á Kastala, grónum klapparhól í túnjaðri.

Varðan er niðurfalinn og um 0,8x0,6 m að stærð. Hún snýr austur-vestur.

Aðeins sjást 2 umför af hleðslu og er hún mjög sokkin.

Ekkert er vitað um hlutverk vörðunnar en ef til vill hefur hún verið eyktarmark.

**Hættumat:** engin hætta



Varða 025, horft til austurs

**GK-100:026** þúst útihús

64°03.364N 22°36.681V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru byggingar um 140 m norðaustan við Vesturkot 101:001, upp við sjó. Þar hafa hugsanlega verið hjallur og malir. Á þessum slóðum eru enn stök tóft og tvær þústir, um 140 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á grasgefnum sjávarbakka.

Minjarnar eru á svæði sem er um 34x10 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Syðst á svæðinu er þúst A sem er um 11x6 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er öll grasi gróin og er grjót í grassverðinum. Austurmörk hennar eru við sjávarbakkann og brýtur sjóinn á henni. Þar í brotinu er grjót og um 2 m sunnan við norðurenda þústarinnar er allmikil grjóthrúga sem er um 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hrunin hleðsla er í þústinum og er hún um 1 m á hæð, sjást 5 umför. Þústin sjálf er um 1 m á hæð og er aflíðandi halli á henni til vesturs. Nærri suðvesturhorni þústar er lítil tóft B sem er um 3x3 m að stærð. Hún er einföld og grjóthlaðin en veggir hennar eru aðeins 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð en ekki sést op á tóftinni. Tóftin er niðurgráfin og er um 0,6 m djúp. Fast norðan við A er ógróin grjótdreif sem er um 5x3 m að stærð snýr austur-vestur. Um 12 m norðar er önnur þúst C sem er um 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Þar er einnig gróið yfir og grjót í grassverði. Fyrir miðri þúst er grjóthrúga á austurbrún sem er um 2x1 m að stærð og snýr norður-suður. Hún stendur ekki upp úr þústinum en er um 1 m á hæð og sást 4 umför. Til norðurs frá henni liggur hruninn varnargarður sjá 030. Mesta hæð þústarinnar er um 1 m og er hún aflíðandi til vesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-100:027** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga ein heima við bæinn [001], ekki nafn gefið. Jarðardýrleiki er óviss." Ekki er vitað hvar hjáleiga þessi hefur staðið og því ekki unnt að staðsetja hana.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM III, 99.

**GK-100:028** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga önnur. Jarðardýrleiki óviss." Ekki er vitað hvar hjáleiga þessi hefur staðið og því ekki unnt að staðsetja hana.

**Heimildir:** JÁM III, 99.

**GK-100:029** þúst óþekkt

64°03.316N 22°36.688V

Þúst er á sjávarbakka um 60 m norðaustan við bæ 001. Mikið af fiskibeinum og öðrum dýrabeinum eru í rofi á bakkanum.

Þústin er frammi á sjávarbakka þar sem er rof vegna ágangs sjávar. Flatar klappir eru til austurs og hefur sjórinn hreinsað allan jarðveg af þeim.

Þústin er um 4x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,2 m á hæð. Í rofinu er um 0,5 m þykkt lag undir grassverði af beina- og skeljaleifum, að langmestum hluta fiskibeinum en einnig eitthvað af dýrabeinum, sennilega af sauðfé. Ekki sést í hleðslur en eitthvað af grjóti hefur hrunið úr brotinu. Mögulega er þetta ruslahaugur en einnig kann þarna að hafa verið mannvirki, ef til vill mannabústaður eða útihús í tengslum við sjósókn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Þúst 029, horft til austurs*

**GK-100:030** garðlag varnargarður

64°03.397N 22°36.712V

Frá miðri þúst 026C liggur varnargarður meðfram sjávarbakkanum sem stefnir til norðurs. Garðurinn er um 160 m norðaustan við bæ 001.

Garðurinn er á mörkum túns í klapparfjöru.

Garðurinn er víðast hruninn. Hann liggur NNV-SSA. Garðurinn er um 55 m langur, um 1 m á hæð og 1-2 m á breidd. Mest sjást 6 umför í hleðslu. Grjótið er vaxið hvítum skófum.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**GK-100:031** þúst óþekkt

64°03.368N 22°36.780V

Tvær þústir eru nálægt hvor annarri í túni Gufuskála um 150 m norðan við bæ 001. Önnur þeirra er lítil og skýrt afmörkuð, líkist helst stórrí þúfu í annars sléttu túni en hin er stærri og með ógreinilegri mörk. Líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum slóðum.

Þústirnar eru í sléttuðu túni. Gróðurskil eru í túninu á milli þeirra. Neðan skilanna til austurs er dökkur og kraftmikill grasgróður með hundasúru og illgresi en ofan skilanna er ljósari grasgróður sem laus er við illgresi. Minni þústin er ofan við skilin en sú stærri neðan við þau. Bíslóði liggur á milli þústanna, algróinn.

Þústirnar eru á svæði sem er um 21x15 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Minni þústin er um 3 m í þvermál og er um 1 m á hæð. Stærri þústin er um 15 m norðaustan við þá minni og er um 7x6 m að stærð og um 0,5 m á hæð, snýr NNA-SSV. Ekkert er vitað um mannvirki á þessum stað eða möguleg hlutverk þeirra.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst A, horft til vesturs*

**GK-100:032** Huldufólkshamar hleðsla vatnsból

Stórt vatnsstæði er um 140 m norðvestan við bæ 001 og um 90 m sunnan við Vesturkot 101:001.

Vatnsstæðið er í grýttum móa skammt utan túns.

Á heimasíðu Ferlis segir: "Önnur lind er ofan við Gufuskála, við Huldufólkshamar. [...] Hún er fallega hlaðin úr steini og er hún það eina [s]em stendur eftir af bænum Vesturkoti [GK-101] í landi Gufuskála." Á öðrum stað á heimasíðunni segir: "Þegar Lénharður [hóll norðvestan við Gufuskála] var skoðaður kom í ljós forn gróin tóft [043], sennilega skáli. Þar gæti hafa verið viststaður Ketils gufu og manna hans þá er þeir dvöldu veturlangt að Gufuskálum. Lind er skammt neðan við hólinn að vestanverðu. Hún kemur undan lágum klöppur [svo] og er lindin hlaðinn að hluta. Dýptin er um 1 m." Að öllum líkindum er hér um sömu lindina að ræða.

Ekki er minnst á Huldufólkshamar í örnefnalýsingu Gufuskála og ekki fundust neinar sagnir um hann. Örnefnið bendir til þess að trú hafi verið á að huldufólksbústaður hafi verið í hamrinum. Vatnsstæðið er hlaðið norðaustan í klappir sem mynda helming þess. Það er um 2x2,5 m að innanmáli, snýr VNV-ASA, og sjást 2 umför hleðslu. Vatnsstæðið er um 1 m á dýpt og er þurr í botninn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** <http://www.ferlir.is/?id=4285>; <http://www.ferlir.is/?id=8456>;

64°03.348N 22°36.851V



*Hleðsla 032, horft til vesturs*

**GK-100:033** garðlag óþekkt

64°03.213N 22°36.809V

Skammt vestan við túngarð 013 þar sem núverandi afleggjari liggur heim að bæ eru tvö samsíða garðlög, um 110 m vestan við bæ 001.

Minjarnar eru í grýttum lyngmóa með moldarflákum.

Garðlögin ná yfir svæði sem er um 56x16 m að stærð og liggur norður-suður. Garðlögin liggja norður-suður og eru um 13 m á milli þeirra. Þau eru úr grjóti en hleðslan er óvönduð og víða hrunin. Grjót er smátt í eystri garðinum.

Garðarnir eru nokkuð grónir, aðallega sá vestari. Mesta breidd er um 1,3 m og mesta hæð um 1 m. Núverandi afleggjari að bænum liggur yfir garðlögin. Það vestara er ívið lengra en hitt, um 56 m á lengd, en það austara er um 27 m langt. Suðurendi vestara garðlagsins nær að eldri afleggjara en þar er garðurinn mjór og lágur. Ekkert er vitað um hvaða tilgangi þessi garðlög þjónuðu.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:034** garðlag óþekkt

64°03.490N 22°36.847V

Stutt garðlag er um 30 m suðaustan við túngarð 013. Garðlagið er um 380 m norðvestan við bæ 001.

Garðlagið er í gróðurlitlum, grýttum móa niður við sjó.

Garðurinn er grjóthlaðinn, um 8 m langur, snýr austur-vestur. Hann er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð.

Garðurinn er hruninn og ekki sést fjöldi umfara. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur þjónað en mögulega hefur hann verið fiskur verið þurrkaður á honum.

**Hættumat:** engin hætt

**GK-100:035** garðlag túngarður

64°03.519N 22°36.883V

Grjótgardur er um 15 m norðan við túngarð 013.

Garðlagið er í grýttum lyngmóa sem hallar til austurs að sjó.

Garðurinn er um 45 m langur og liggur frá sjávarhömrum til suðvesturs í nokkrum hlykkjum. Hann er hruninn, er breiðastur um 0,8 m og hæstur um 0,6 m þar sem eru 4 umför. Líklega markar þessi garður eldri mörk túnsins í Gufuskálum en þau hafa verið færð 20-30 m suðaustar á um 70 m löngum kafla.

**Hættumat:** engin hætt

**GK-100:036** tóftir óþekkt 64°03.492N 22°37.001V


Hringlaga tóft og grjótpúst eru um 430 m norðan við bæ 001, um 40 m norðvestan við túngarð 013.

Minjarnar eru í grýttum lyngmóa sem er að hluta uppblásinn.

Minjarnar eru á svæði sem er um 20x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar hér á eftir. Tóft A er austast á svæðinu. Hún er um 6 m í þvermál og eru hleðslur hrundar og grónar. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást tvö umför á einum stað en annars stendur ekki steinn yfir steini.

Ekki sést skýrt op á tóftinni sem líklega hefur verið einhvers konar aðhald. Um 10 m vestar er grjótpúst B sem er um 4 m í þvermál. Þetta er hringlaga mannvirki sem hefur verið hlaðið út frá klapparbjörgum sem eru í austur- og suðausturjaðri þústarinnar. Mannvirkið er samantfallið en er um 1,2 m á hæð og stendur að auki á lágum hól. Ekki er vitað hvert hlutverk þess var.

**Hættumat:** engin hætt



**GK-100:037** garðlag túngarður

64°03.254N 22°36.615V

Garðlag er við suðurmörk túnsins. Það liggur frá klöpp um 15 m austan við túngarð 013 niður í fjöru. Garðlagið er um 110 m suðaustan við bæ 001. Það hefur að líkindum eitt sinn verið hluti af túngarði 013 en er nú innan hans og ekki samtengt honum.

Garðurinn liggur á mörkum túns og grýttis móa þar sem landinu hallar til austurs að sjó.

Garðurinn er hruninn en var hlaðinn úr fjörugrjóti. Hann er um 28 m á lengd og snýr suðvestur-norðaustur.

Garðurinn er um 1 m á breidd og mesta hæð er um 0,5 m. 3 umför sjást í hleðslu.

**Hættumat:** engin hætt

**GK-100:038** gryfja óþekkt

64°03.244N 22°36.664V

Grjóthlaðin gryfja er í kvos um 10 m norðaustan við túngarð 013 í suðurjaðri túnsins. Hún er um 100 m sunnan við bæ 001.

Gryfjan er í túnjaðri, á milli tveggja klapparhóla.

Gryfjan er samfallin, er um 2,5x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er gróin að innan og er um 0,4 m djúp. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gryfjan þjónaði.

**Hættumat:** engin hætt

**GK-100:039** garðlag varnargarður

64°03.298N 22°36.669V

Garðlag er á sjávarbakkanum ofan á Klöppum, um 15 m austan við bæjarhól 001.

Garðlagið er á grösugum sjávarbakka en víða er rof í hann.

Garðurinn er grjóthlaðinn en er hrúninn. Hann er um 6 m langur og um 1,2 m á breidd. Garðurinn er hlaðinn utan í bakkann og er hæstur um 0,6 m. Hægt að sjá 3 umför. Hann liggur norður-suður og hefur að öllum líkindum verið sjóvarnargarður. Mögulega hefur hann verið samtengdur sjóvarnargarði 039 á einhverjum tíma en um 150 m skilja garðlögin að.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots



*Garðlag 039, horft til norðurs*

**GK-100:040** þúst útihús

64°03.316N 22°36.716V

Þúst er í lítilli brekku um 30 m norðaustan við bæ 001 og um 15 m norðaustan við gryfju 005.

Þústin er fast norðaustan undir hól sem er norðaustan við bæjarhólinn. Afar grasgefið er umhverfis þústina og á henni.

Þústin er um 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,6 m á hæð og finnst fyrir grjóti undir sverði. Ekkert er vitað um hlutverk þessa mannvirkis en þó hefur það líklega verið einhvers konar útihús, enda í heimatúni og skammt frá bæ.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-100:041** garðlag óþekkt

64°03.283N 22°36.653V

Fast suðaustan við bæjarhól 001 er einföld steinaröð, nokkuð jarðsigin, sem liggur suðaustur-norðvestur.

Grjótið liggur utan í hæð í landslaginu, áleiðis niður í fjöru til suðausturs.

Grjótröðin er um 10 m löng og um 0,3 m á breidd en ekki stendur steinn yfir steini. Um 4 m sunnan við grjótið er gryfja, mögulega brunnr. Hún er um 2x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Er dýpst um 0,5 m. Hún er hálf full af einhvers konar illa lyktandi leðju. Ekki sést í hleðslur. Ekki er hægt að segja neitt um hlutverk þessa mannvirkis.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:042** náma mógrafir

64°03.242N 22°36.696V

Mógrafir eru uppi á klapparhól í suðurjaðri túns um 100 m SSA við bæ 001.

Mógrafirnar mynda hvílt ofan í gróinn klapparhól í túnjaðri. Túngarður 013 er meðfram mógröfunum að suðvestanverðu.

Mógrafirnar eru um 5x10 m að stærð, snúa norðvestur-suðaustur. Dýpstar eru þær um 0,6 m og ná á einum stað niður á klöpp. Þær eru þurrar að kalla en í jarðveginum er mýrarrauði sem gefur til kynna að vatn sitji þarna.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-100:043** heimild um óþekkt

64°03.341N 22°36.836V

Á heimasíðu Ferlis segir: "Þegar Lénharður [hóll norðvestan við Gufuskála] var skoðaður kom í ljós forn gróin tóft, sennilega skáli. Þar gæti hafa verið viststaður Ketils gufu og manna hans þá er þeir dvöldu veturlangt að Gufuskálum. Lind [032] er skammt neðan við hólinn að vestanverðu." Þegar skráningarmaður var á vettvangi lágu upplýsingar um þess tóft ekki fyrir og sá hann hana ekki á vettvangi. Samkvæmt upprætti á sömu heimasíðu af minjum í og við tún Gufuskála er tóftin um 130 m norðvestan við bæjarhólinn 001.

Gróið klapparholt í suðvesturjaðri heimatúnsins.

Ekki sást til tóftarinnar á vettvangi og er henni ekki lýst nánar á heimasíðu Ferlis en áður hefur komið fram.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** <http://ferlis.is/?id=8845>

## GK-101 Vesturkot

1847, hjáleiga frá Gufuskálum. JJ, 88.

Túnakort 1919: Tún: 0,9 teigar, kálgarðar 900 m<sup>2</sup>.

**GK-101:001** Vesturkot bæjarhóll bústaður  
64°03.395N 22°36.856V

Vesturkot er sögð hjáleiga frá Gufuskálum GK-100 í Jarðabók Johnsens frá 1847. Hún er merkt á túnakort frá 1919 um 210 m norðvestan við bæjarhól Gufuskála 100:001. Þar er merkt hlað fast norðan við bæinn. Í örnefnalýsingu segir ennfremur: "Í túni Gufuskála voru þessi kot: Vesturkot var einum 250 föðmum norðvestur frá bænum [100:001]. Það hafði tveggja kúa gras úr túni Gufuskála." Bærinn er norðvestarlega í túni Gufuskála. Undir Vesturkoti eru aðeins skráðar minjar í heimatúninu en aðrar minjar í nágrenni kotsins voru skráðar með Gufuskálum GK-100. Bærinn er í sléttu túni.

Ekki sést til eiginlegs bæjarhóls í Vesturkoti og ekki er víst að búseta þar hafi verið nógu löng til að eiginlegur bæjarhóll næði að myndast. Íbúðarhús sem sýnt er á túnakorti er horfið en kjallari sem var undir því sést enn. Kjallarinn er grjóthlaðinn og er steinlím í hleðslum. Hann er um 5x8 m að stærð og skiptist í tvö jafnstór hólf sem eru um 3x4 m að innanmáli og snúa suðvestur-norðaustur eins og tóftin. Hleðslur standa um 0,5 m upp úr jörðinni en mesta hleðsluhæð innanmáls er um 2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JJ, 88; Túnakort 1919; Ö-Gufuskálar, 4.


**GK-101:002** tóft útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m norðaustan við bæ 001. Kálgarður er fast norðan og sunnan við tóft útihússins sem enn sést.

Tóft útihússins og samfastur kálgarður eru í sléttu túni.

Tóftin og kálgarðurinn eru á svæði sem er um 40x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er grjóthlaðin og skiptist í þrjú hólf. Heildarstærð tóftarinnar er um 13x13 m. Hólf I er stærst, það er norðaustasta hólfíð, er um 5,5x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur fyrir suðaustur-hlið en þó er lág hleðsla þar, um 0,4 m á hæð. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið timburþil. Hleðsluhæð hólfins er 1,8 m og sjást 10 umför. Suðvestan við þetta hólf er hólf II sem er um 1,5x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðausturs og að því er virðist einnig til norðvesturs en þar er rof í vegginn. Óvíst er hvort það hafi þjónað sem dyr. Norðvestan við þetta hólf er hólf III sem er að mestu niðurgrafið en það er um 4x7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur þess standa um 0,6 m upp úr jörðu en hleðsluhæð innanmáls er um 1,2 m og sjást 6 umför. Mesta hæð tóftarinnar utanmáls er 1,5 m. Hólf III er laustengt við tóftina og það virðist ekki hafa verið byggt á sama tíma og hin hólfín en er samt fast við þau. Það er ekki merkt inn á túnakort og hefur því verið byggt eftir 1919. Kálgarður er samtengdur tóftinni. Hann er um 40x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en hleðslur sjást óvída. Mest sjást 2 umför og mesta breidd og hæð er um 1 m.

**Hættumat:** engin hætta



Vesturkot, tóftir útihúsa og kálgarða auk húsgrunns

64°03.406N 22°36.870V



Tóft 002, horft til suðausturs

**GK-101:003** heimild um útihús 64°03.408N 22°36.907V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m vestan við bæ 001. Þar var forgryfja og/eða salerni.

Útihúsið var í sléttu túnin nærri mörkum túns og móa.

Ekki sést til minja um þetta mannvirki og er líklegt að það hafi horfið við sléttun túns.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-101:004** gerði útihús 64°03.399N 22°36.847V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m norðan við bæ 001, nyrst á hlaðinu. Fast austan við húsið var kálgarður.

Leifar útihússins eru fast við bæjarhólinn 001 í sléttu túni.

Ekki sést annað af þessu húsi en mögulega norðaustur-veggur. Kálgarður liggur í framhaldi af honum til suðausturs.

Veggurinn er 4 m langur, um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð, hruninn. Kálgarðurinn afmarkar svæði sem er um 13x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grjóthlaðinn en gróinn að mestu leyti. Mesta hæð og breidd garðsins er um 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-101:005** heimild um leið 64°03.391N 22°36.871V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata, heimreið, frá bæ 001 til suðausturs út túnið.

Gatan lá um slétt tún.

Ekki sést til götunnar. Þar sem leiðin hófst við bæjarhólinn er stór steinn með bolla í, fast vestan við húsgrunn 001.

Er bollinn um 20 sm í þvermál og um 5 sm djúpur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919.

## **GK-102** Hróðurnes

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. JÁM III, 100-102. 1847, 20 5/6 hdr. Bændaeign, JJ, 88. Árið 1919 var tvíbýli í Hróðurnesi, Túnakort 1919. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Innsti bær í Leirunni heitir Hróðurnes, 20 hndr. jörð. Bærinn stóð áður nær sjó [001], en var fluttur lengra upp vegna sjávarágangs [002]; hafði sjór áður brotið eina hjále<i>gu [020], sem undir jörðina lá. Tótmhússbýli er ný uppbyggt í landareigninni, sem Melbær [024] heitir," Sýslu- og sóknarlýsingar, 73.

1703: "Fóðrast kann ii kýr. ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenníngum. Lýngrif brúkar jörðin í Stórahólmslandi. Eldiviðartak af fjörupáangi bjarglegt. Torfrista og stúnga ekki nema í grýttri jörðu valla nýtandi og það í Stórahólmslandi. Rekavon lítil. Skelfiskfjara lítil. Murkjarnar og þvilíkt annað var fyrir nokkrum árum, en nú er það um nokkra tíma frá, síðan sá skaðlegi is fordjarfaði fjöruna. Heimræði er árið um kríng ... Lending er góð. Túnum og húsum grandar sjáfangangur til stórmeina. Engjar eru öngvar. Útihagar öngvir nema hvað jörðin brúkar í Stórahólmslandi, og halda menn að hálfenda þessi sje í fyrstu bygð af þeirrar jarðar landi." JÁM III, 100-102.

**GK-102:001** Hróðurnes bæjarhóll bústaður 64°02.711N 22°35.553V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Innsti bær í Leirunni heitir Hróðurnes, 20 hndr. Jörð. Bærinn stóð áður nær sjó, en var fluttur lengra upp vegna sjávarágangs [002]." Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Utan við land er allmikið urðarsvæði, sem nefnt er Hróður og er talið að þar hafi bærinn verið fyrst." Elsti bæjarhóll Hróðurness er að líkindum um m 90 m austan við Neðra-Hróðurnes 002. Ekki er tekið fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín að bærinn hafi verið fluttur en þar kemur fram að sjávangangur grandí túnum og húsum til stórmeina. Það getur þá verið að bærinn hafi verið fluttur á tímabilinu 1703-1839.

Elsti bæjarhóll Hróðurness hefur að líkindum verið þar sem nú er klapparfjara og hefur allur jarðvegur sem þar var skolast á haf út.

Engin ummerki sjást um elsta bæjarhól Hróðurness og nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SSGK, 158; Ö-Hróðurnes, 1; JÁM III, 102

**GK-102:002** Hróðurnes bæjarhóll bústaður 64°02.700N 22°35.664V

"Hrúðurnestúni var skipt í Eystratún og Vestratún. Lendingin [016] var beint niður undan miðju túni. ... Gamla húsið í Hrúðurnesi stóð rétt fyrir suðaustan landinguna," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvíbýli í Hrúðurnesi það ár, Hrúðurnes neðra og Hrúðurnes efra 003. Neðri bærin er án efa sá bær sem nefndur er í örnefnalýsingunni og er hann skráður hér. Neðra-Hrúðurnes var um 90 m VSV við meinta staðsetningu bæjarhóls 001.

Neðra-Hrúðurnes var þar sem nú er golfvöllur Golfklúbbs Suðurnesja, nærri nýlegum sjóvarnargarði.

Ekki sést til bæjarhólsins og hefur hann að líkindum horfið við gerð golfvallarins. Það er hins vegar ekki víst að bæjarhóll hafi náð að myndast á þessum stað ef bærin var ekki fluttur fyrir en eftir 1703 sbr. 001.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 10. Túnakort 1919.

**GK-102:003** *Hrúðurnes* bæjarstaði bústaður 64°02.642N 22°35.786V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvíbýli í Hrúðurnesi það ár, Hrúðurnes neðra 002 og Hrúðurnes efra. Efri bærin stóð um 120 m suðvestan við hinn neðri 002, kálgarður var fast vestan við hann.

Efra-Hrúðurnes var þar sem nú er golfvöllur Golfklúbbs Suðurnesja.

Ekki sést til minja um bæinn og hefur að líkindum verið sléttað úr þeim við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:004** heimild um útihús 64°02.643N 22°35.771V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m austan við efri bæinn 003 í Hrúðurnesi .

Útihúsið var þar sem nú er golfvöllur.

Ekki sést til minja um útihúsið og líklegt að sléttað hafi verið úr því við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:005** þúst kálgarður 64°02.635N 22°35.787V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar um 5 m sunnan við efri bæinn 003 í Hrúðurnesi.

Óljós ummerki um kálgarðana eru á miðjum golfvelli.

Á golfvellinum sjást óljóst tveir garðar sem eru líklega leifar kálgarðsins. Garðarnir afmarka svæði sem er um 31x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur en mörk eru óljós til beggja enda. Garðarnir eru útflattir og grónir. Þeir eru um 2 m á breidd. Garðurinn sem myndar norðvesturhlið kálgarðsins er um 0,2 m á hæð en garðurinn sem myndar suðausturhliðina er um 0,6 m á hæð. Golfbílum er ekið er eftir þeim garði og kann að vera að jarðvegi hafi verið bætt ofan á hann vegna þess. Óljóst framhald er af þessum garði til norðausturs og suðvesturs. Líklega er það vegna bílaumferðarinnar en leið 006 var í beinu framhaldi af garðinum til suðvesturs samkvæmt túnakorti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Þúst 005, horft til NNA*

**GK-102:006** heimild um leið 64°02.618N 22°35.785V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá efri bænum 003 í Hrúðurnesi til suðurs út túnið, líklega heimreið.

Leiðin lá þar sem nú er sléttur golfvöllur.

Ekki sést til greinilegra ummerkja um leiðina vegna framkvæmda við golfvöllinn og vegna þess að golfbílum er ekið eftir braut á sömu slóðum og leiðin var. Vegna þeirrar umferðar er lágur hryggur í golfvellinum þar sem leiðin lá og verður hann greinilegri þegar kemur norðaustur að kálgarði 005.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:007** heimild um útihús 64°02.661N 22°35.772V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 50 m norðvestan við efri bæinn 003 í Hrúðurnesi og um 110 m

suðvestan við neðri bæinn 002.

Útihúsið var þar sem nú er golfvöllur.

Ekki sést til minja um útihúsið og líklegt að sléttað hafi verið úr því við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:008** heimild um útihús

64°02.694N 22°35.660V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hús um 10 m sunnan við neðri bæinn 002 í Hróðurnesi. Þar var forgrýfja og/eða salerni.

Útihúsið var þar sem nú er golfvöllur.

Ekki sést til minja um húsið og líklegt að sléttað hafi verið úr því við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:009** heimild um útihús

64°02.699N 22°35.684V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hús um 10 m vestan við neðri bæinn 002 í Hróðurnesi. Þar var forgrýfja og/eða salerni.

Útihúsið var þar sem nú er golfvöllur.

Ekki sést til minja um útihúsið og líklegt að sléttað hafi verið úr því við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:010** heimild um útihús

64°02.701N 22°35.676V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m vestan við neðri bæinn 002 í Hróðurnesi.

Útihúsið var þar sem nú er golfvöllur.

Ekki sést til minja um útihúsið og líklegt að sléttað hafi verið úr því við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:011** *Hróðunesbrunnur* mannvirki brunnur

64°02.697N 22°35.675V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 5 m suðvestan við neðri bæinn 002 í Hróðurnesi. Í örnefnalýsingu segir ennfremur: "Lendingin [016] var beint niður undan miðju túni. Rétt ofan hennar var Hróðunesbrunnur, vatnsból, sem nær aldrei þraut."

Brunnurinn er í jaðri golfvallar.

Tréhlemmur hylur brunninn en aðeins sést í steypubrot í honum. Ekki hægt að segja til um stærð eða gerð brunnsins en hlemmurinn er um 1,5 m í þvermál.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919, Ö-Innleira, 10.

**GK-102:012** heimild um leið

64°02.703N 22°35.659V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata frá neðri bænum í Hróðurnesi 002 með sjó til vesturs að útihúsi 013.

Leiðin lá þar sem nú er golfvöllur.

Ekki sést til leiðarinnar og hefur hún líklega horfið við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:013** heimild um skemmu

64°02.733N 22°35.724V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 90 m VNV við neðri bæinn 002 í Hróðurnesi, um 10 m norðan við túnmörk. Húsið er á svipuðum slóðum og örnefnalýsingin greinir frá að landing hafi verið (sjá fornleif 016). Í örnefnalýsingunni segir ennfremur: "Pakkhús var norðvestan við landinguna og skúr áfastur því sjávarmegin." Líklega er það húsið sem merkt er á kortið.

Útihúsið var á milli garðs 014 og nýlegs sjóvarnargarðs og hefur nokkuð rask orðið á svæðinu vegna framkvæmda við gerð hans og mögulega einnig við gerð golfvallarins.

Ekki sést til minja um útihúsið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:014** garðlag vörslugarður

64°02.732N 22°35.729V

Samkvæmt túnakorti var garðlag meðfram ströndinni frá landamerkjagarði 022 milli Hróðurness og Stóra-Hólma GK-103 til norðurs. Tvær safnþrær/salerni voru við garðinn og eru mannvirkin öll skráð hér undir einu númeri. Garðurinn er á fjörुकambi í túnjaðri þar sem nú er golfvöllur. Minjarnar eru á svæði sem er um 110x10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Minjarnar fá bókstaf til aðgreiningar í umfjöllum. Garðurinn C er grjóthlaðinn, hann er um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Hann er um 100 m á lengd, snýr NNV-SSA en rof eru á honum á tveimur stöðum. Við garðinn, um 250 m austan við bæ 001 er dæld A. Hún er D-laga, er um 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í dældinni er lítill grasvöxtur en þar er mosi. Ekki sést til hins mannvirkisins B sem á að vera um 50 m norðan við dæld C og um 245 austan við bæ 001. Þar er mikill grasgróður og hvorki hægt að sjá afgerandi hleðslur né dældir. Garðurinn verður sokkinn og ógreinilegur þegar kemur norður fyrir dæld A en sést í sjávarbakkanum að þeim stað sem B var en sést lítt eða ekki eftir það.



*Garðlag 014, horft til norðurs*

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**GK-102:015** garðlag vörslugarður

64°02.727N 22°35.730V

Garður liggur til ASA frá norðurenda garðs 022 að nýlegum sjóvarnargarði, um 90 m norðvestan við neðri bæ Hróðurness 002. Samkvæmt túnakorti frá 1919 afmarkaði garður þessi þýfðan kúamóa. Garðurinn er inni á golfvelli, á mörkum milli aðalvallar og æfingavallar sem kallast Jóelsvöllur. Garðurinn er grjóthlaðinn en hruninn. Hann er um 2 m á breidd og um 1 m á hæð, gróinn. Garðurinn er um 80 m langur og snýr VNV-ASA. Landamerkjagarður 022 tengist þessum garði við VNV-enda hans.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:016** Hróðurnesvör mannvirki lending

64°02.700N 22°35.664V

"Hróðurnesvör er í viki suðaustan við þessar varir [Stórahólmsvör 103:013 og Ráðagerðisvör 103:014]," segir í örnefnaskrá og síðar: "Hróðurnestúni var skipt í Eystratún og Vestratún. Lendingin var beint undan miðju túni." Hróðurnesvör er ekki ýkja greinileg. Hún er um 25 m norðaustur af bænum 002.

Vörin er í grjótfjöru, syðst í lítilli vík inn í ströndina. Hár og brattur sjóvarnargarður er fast suðvestan við vörina. Vörin er um 5x10 m að stærð, snýr NNA-SSV. Vörin var full af sjó þegar hún var skoðuð á vettvangi og því ekki hægt að sjá hversu djúp hún er.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 4;10.



*Hróðurnesvör 016, horft til NNA*

**GK-102:017** heimild um 64°02.703N 22°35.656V

"Gamla húsið [002] í Hróðurnesi stóð rétt fyrir suðaustan lendinguna [016]. Hlaðin grjóthyggja var fram í sjóinn framan þess," segir í örnefnalýsingu.

Bryggjan hefur að líkindum verið á mörkum golfvallar og nýlegs sjóvarnargarðs.

Ekki sést til minja um bryggjuna og er líklegt að hún hafi horfið við gerð golfvallarins eða varnargarðsins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 10.

**GK-102:018** heimild um fjós

64°02.690N 22°35.681V

"Fjós og hlaða var aðeins ofan við bæinn [002]," segir í örnefnalýsingu. Hugsanlega er útihús 007 sem skráð var af túnakorti frá 1919 sé í raun sami minjastaður og getið er í örnefnaskrá en ekki er hægt að fullyrða um það.

Fjósið var þar sem nú er golfvöllur.

Ekki er ljóst hvar fjósið var nákvæmlega og ekkert sést til þess vegna framkvæmda við golfvöllinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-102:019** *Skökk* heimild um sjóbúð 64°02.698N 22°35.551V

"Dálitill melhryggur liggur ASA frá húsinu í Hróðurnesi [002]. Suðaustan til á honum er Skökk, sjóbúð fyrir Innanesjamenn [svo], sem þar lágu við, einkum framan af vetrarvertíð. Hún mun nú löngu horfin," segir í örnefnalýsingu. Skökk er merkt inn á uppdrátt sem gerður var 1975-76 eftir loftmynd Landmælinga Íslands frá árinu 1954. Uppdráttinn gerði Ófeigur J. Ófeigsson læknir af æskustöðvum sínum. Uppdrátturinn var færður Golfklúbbi Suðurnesja að gjöf árið 1987. Um Skökk segir: Tvilyft verbúð var fast austan við túngarð í Neðra Hróðurnesi [002]. Byggð af innnesjamönnum f. 6 skipshafnir svefnloft uppi. Niðri: veiðarfæra og sjófærageymsla, lóðir beittar, gert við net." Ekki er vitað hvar sjóbúðin var nákvæmlega en líklega hefur hún verið þar sem nýlegur sjóvarnargarður er á mörkum golfvallar og klapparfjöru.

Ekki sést til minja um sjóbúðina og hefur hún væntanlega horfið vegna ágangs sjávar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 10; Ófeigur J. Ófeigsson: uppdráttur

**GK-102:020** bæjarstæði býli

Í Sýslu- og sóknarlýsingu frá 1839 segir: "Innsti bær í Leirunni heitir Hróðurnes, 20 hndr. jörð. Bærinn stóð áður nær sjó [sjá 001], en var fluttur lengra upp vegna sjávarágangs [002]; hafði sjór áður brotið eina hjáleigu, sem undir jörðinni lá." Engar frekari upplýsingar fengust um hjáleigu þessa eða staðsetningu hennar en líkast til var hún á landsvæði sem nú er brotið í sjó. Ekki reyndist unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SSGK, 158.

**GK-102:021** *Í Naustum* bæjarstæði býli 64°02.690N 22°35.521V

"En fyrir neðan Hróðurnes voru kot, sem nefnd voru "Í Naustum". Þar hjá er Melbær [024]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar "Í Naustum" var nákvæmlega. Líklegt er þó að býlið hafi verið á mörkum fjöru og golfvallar, um 115 m suðaustan við neðri bæ Hróðurness 002 og um 65 m norðan við Melbæ.

Ekki sést til minja um kotin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Hróðurnes, 1.

**GK-102:022** garðlag landamerki 64°02.723N 22°35.819V

"Bærinn í Hróðurnesi var, eins og fyrr segir, færður upp frá sjó. Skulu þá fyrst athuguð merkin: Stórt grindarhlið er í norðurhorni túnsins að kalla við marbakkann. Svo er grjótgardur til vesturs-suðvesturs meðfram móa frá Stóra-Hólmi [GK-103]. Svo beygir hann til suðurs, svo móti Stórhólmi og Ráðagerði [GK-109] í suðurhorn túngarðs frá Grænegarði [103:043] og Melhúsum [103:048], síðan beint í Snasa," segir í örnefnaskrá. Stuttur garðbútur sést enn af landamerkjagarði Hróðurness, um 130 m norðvestan við neðri bæinn 002.

Garðurinn er inni á miðjum golfvelli, nærri mörkum milli aðalvallar og æfingavallar, svokallaðs Jóelsvallar.

Garðbúturinn sem var á merkjum er algróinn hryggur á golfvellinum, nokkuð stæðilegur þó. Hann er um 2 m á breidd og hæstur um 1 m. Garðurinn er um 55 m langur og snýr norður-suður. Skarð er í hann miðjan. Hann tengist varnargarði 015 í norðurenda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Hróðurnes, 1.



*Garðlag 022 (fjær) og garðlag 015 (nær), horft til vesturs*

**GK-102:023** garðlag túngarður

64°02.657N 22°35.756V

Útfluttur garður liggur til suðvesturs frá Neðra-Hrúðurnesi 002 áleiðis að Efra-Hrúðurnesi 003. Garðurinn hefur líklega verið túngarður enda kemur staðsetning hans heim og saman við túngarð á túnakorti frá 1919 sem skildi á milli túna Neðra- og Efra-Hrúðurness.

Garðurinn er á miðjum golfvelli.

Garðurinn er sem fyrr segir útfluttur. Hann sést á um 90 m löngum kafla og er um 2 m á breidd og um 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er algróinn og sést ekki í grjóti í honum þó að líklegt sé að hann hafi verið grjóthlaðinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-102:024** Melbær tóftaþyrping býli

64°02.655N 22°35.508V

"Suðaustan við Hrúðurnesmóa er Melbæjarblettur, en svo var túnið í Melbæ alltaf kallað ... Melbær stóð neðst, norðvestanhalt í blettinum," segir í örnefnalýsingu. Melbær er merktur á túnakort frá 1919. Samkvæmt kortinu voru tún býlisins 1,15 teigar og kálgarðar þess alls 960 m<sup>2</sup>. Samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingu var Melbær tómthús sem byggt var úr landi Hrúðurness. Enn sést til minja á bæjarstæði Melbæjar (A). Það er um 480 m suðaustan við bæ 001. Aðrar minjar sem tilheyrðu Melbæ samkvæmt túnakorti voru: þrjú útihús (B-D), áfast einu þeirra (B) var kálgarður, sá sami og er áfastur býlistóftinni; tvær þrær (E,F), brunnur (G), traðir (H) og gata sem lá frá Melbæ og suður túnið (I).


Melbær er í austurjaðri golfvallar.

Minjarnar sem tilheyrðu Melbæ og enn sést til eru á svæði sem er um 130x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á bæjarstæðinu er stór grunnur A sem er um 20x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Grunnurinn er 0,5-1 m á hæð, hæstur suðaustast. Húsin sem sýnd eru á túnakorti hafa verið í norðvesturenda grunnsins en þar sjást nú lítil merki um byggingar og hefur verið tyrft yfir þann hluta grunnsins.

Ofaná grunninum er stór tóft og tvö hólf greinanleg í henni.

Tóftin er um 14x6 m að stærð og snýr eins og grunnur. Í suðausturenda er djúpt hólf, steinhlaðið með sementslími eins og tóftin öll. Það er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést inngangur í það en hleðslur eru hrundar í suðurhorni. Hólfíð er um 2 m á dýpt. Í norðvesturenda tóftar er ógreinilegt hólf sem er um 3x5 m að innanmáli en veggir til norðvesturs og norðausturs horfnir og aðrir veggir ógreinilegir. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m. Ógreinilegt garðlag liggur til austurs frá austurhorni grunns, er um 1,5 m á lengd, 0,5 m á breidd og um 0,1 m á hæð. Annað ógreinilegt garðlag liggur til norðausturs frá miðjum grunni, er um um 9 m langt, um 1 m á breidd og um 0,2 m að breidd. Frá norðurhorni grunnsins liggja traðir H til NNA. Traðirnar eru um 9 m langar og snúa norðaustur-suðvestur. Einn steinhlaðinn garður er til vitnis um traðirnar. Hann er um 0,5 m á breidd og um 0,4 m þar sem hann er hæstur. Ekki sést steinn yfir steini í hleðslu. Tóft útihúss B er við suðvesturenda kálgarðsveggjar sem liggur frá bæjartóftinni. Veggur þessi er um 10 m langur og 2 m á breidd. Tóftin er grjóthlaðin, um 3x3 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki sést í inngang eða frekari ummerki kálgarðs önnur en áður nefndur veggur. Leifar af útihúsi D sjást enn auk ummerkja um kálgarð sem er samtengdur því. Gamall sjóvarnargarður J er á bakkanum sem útihús D stóð fast við. Hleðslur garðsins eru ekki mjög sýnar og sjást 4-5 umför. Húsið hefur verið sambyggt garðinum og sést nú aðeins austurstafn þess en óljóst mótur fyrir öðrum

veggjum undir sverði og einnig má greina kálgarðinn. Varnargarðurinn er um 47 m langur, um 1 m á breidd og um 1,2 m á hæð en meðfram honum utanverðum hefur nýlegur varnargarður verið hlaðinn. Garðurinn liggur norðvestur-



suðaustur. Tóft útihúss D er um 5x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Í austurgafli innanverðum má sjá 5 umför og er hleðslan um 1,2 m á hæð. Aðrir veggir tóftarinnar eru útlattir. Tóftin virðist vera einföld og ekki sést hvar op var á henni. Frá tóftinni til suðausturs er sambyggður kálgarður sem er um 26x7 m að stærð og snýr norður-suður, meðfram varnargarði. Hleðslur eru útlattar, eru um 0,4 m á hæð. Ekki sést til annarra minja í túni Melbæjar og er líklegt að sléttað hafi verið úr þeim við gerð golfvallarins. Lítil tjörn er nú þar sem brunnurinn var en ekki er að sjá í henni nein mannvirki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 11; Túnakort 1919; SSGK, 73

**GK-102:025** garðlag óþekkt 64°02.639N 22°35.553V

Garðlag er á golfvelli um 30 m suðvestan við bæjarstæði Melbæjar 102:024 og hefur að líkindum tilheyrð því.

Garðlagið er á miðjum golfvelli.

Garðlagið er um 30 m langt og liggur austur-vestur. Það er útlatt, er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Garðurinn er algróinn en hefur að líkindum verið grjóthlaðinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið gegndi en helst kemur til greina að það hafi verið tún- eða kálgarður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**GK-102:026** Melbæjarvör mannvirki lending 64°02.716N 22°35.579V

"Hrúðunesvör [016] er í viki suðaustan við þessar varir [Stórahólmsvör 103:013 og Ráðagerðisvör 103:014]. Aðeins austan við hana, í sama vikinu, er Melbæjarvör," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 125 m NNV við Melbæ 024.

Vörin er í klettafjöru í sunnanverðu viki inn í landið. Innan við vörina, til suðurs er malarfjara.

Vörin er um 10x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Erfitt er að áætla nákvæma dýpt en sennilega er hún um 1,5 m djúp.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 4

**GK-102:027** Jónsvör mannvirki lending 64°02.730N 22°35.568V

"Hrúðunesvör [016] er í viki suðaustan við þessar varir [Stórahólmsvör 103:013 og Ráðagerðisvör 103:014]. Aðeins austan við hana, í sama vikinu, er Melbæjarvör [026] - og lítil vör rétt austan hennar hét Jónsvör. Hún var afar lítil og hætt að setja upp í hana þegar Símon [Guðmundsson f. 11. nóv. 1887] man eftir," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 95 m norðaustan við Neðra-Hrúðurnes 002.

Vörin er í klettafjöru í sunnanverðu viki inn í landið. Innan við vörina, til suðurs er malarfjara.

Vörin er ekki greinileg en þó sést allbreið renna í fjörunni, líklega að mestu leyti náttúruleg en mjókkar þegar nær dregur landi. Ekki er að sjá skýr mannaverk á henni. Hún er um 3 m breið þar sem þrengst en víðast er hún um 15 m á breidd og um 20 m löng, snýr norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 4

## **GK-103 Stóri-Hólmur**

1703, jarðadýrleiki óviss. JÁM III, 102. Konungseign. 1847, 45 hdr., Bændaeign, JJ, 88. Jarðarinnar er getið í Þórðarbók Landnámu: "...þá fór hann [Gufi annar son Ketils] á Rosmhvalanes og vildi byggja at Gufuskálum. En þau Steinuðr keyptu saman, at hann skyldi á burt fara, er varmannastöð skyldi vera ávallt frá Hólmi." ÍF I, 66 nm. Jarðarinnar Hólms á Rosmhvalanesi er getið í skrá yfir rekaskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "Jinn primis. Holmvr æ vidreka in j keflavik til motz cid njardvík." DI II, 76 og í skrá um hvalskipti á Rosmhvalanesi, einnig frá um 1270: "...þar af einn hlvt holmvr...", DI II, 78. Þá er hennar getið í afgjaldareikningi Eggerts fógeta Hannessonar frá 1552, DI XII, 418, 421, og í hlutabók og sjávarútgerðareikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá 1553, DI XII, 578, 589. Jarðarinnar er einnig getið í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

Heimildir geta hálfkirkju á Stóra-Hólmi:

HÓLMUR Á ROSMHVALANESI (G) -Maríu og Þorláki - HÁLFKIRKJA

[1367]: "I xvii. Mariu kirkia og hinz heilaga Thorlaks Biskups ad Holme a Rossmalanese a steindan duk les Vilchinsbok"; Hítardalsbók, DI III 221

1397: "a ij kyr. portio Ecclesiae v hundrud oc xx oc xij aurar"; Máld DI IV 105

1570 og síðar (Gíslamáldagar): "halfkirkian a Hollme i garde" DI XV, 638.

1598: "hálfkirkja"; AM 263 fol. bl. 61

Árið 1703 eru sjö hjáleigur á jörðinni: Vesturhús [042], Ráðagerði [GK-109], Garðhús [GK-108] og Kötluhóll [006] sem og þrjár aðrar nafnlausar [044, 045, 046]. Einnig er Keflavík [GK-110] talin með jörðum Stóra-Hólms en samt ekki hjáleiga. JÁM III, 102-106. Árið 1847 eru eftirtaldir hjáleigur í byggð á Stóra-Hólmi: Litli Hólmur [GK-104], Borghús [GK-105], Nýlenda [GK-106], Rófa [GK-107], Garðhús, Ráðagerði. JJ, 89

1703: "Fóðrast kann iiii kyr og i ungneyti ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenníngum. Torfrísta og stúnga bjargleg. Lýngrif nokkurt í eigin landi. Fuglveiði og eggver hefur til forna verið í bergi því, sem nú kallast Hólmsberg ... er nú alls engin. Rekavon nokkur. Skelfiskfjara nokkur ... Eldivíðartak af fjörubangi nægjanlegt. Heimræði árið um kríng ... Túninu grandar sandur og sjáfargangur árlega. Engjar eru öngvar. Útigangur í betra lagi ... Vatnsból hverfur nokkrum sinnum til mikilla meina." JÁM III, 102. Túnakort 1919: Tún 4,1 teigar, kálgarðar 720m<sup>2</sup>.

**GK-103:001** Stóri-Hólmur bæjarhóll bústaður 64°02.690N 22°35.521V


"Stórhólmur er nálægt því beint í suður frá Bakkakoti [105:001], þó aðeins vestan við suður. Bærinn stóð á miklum hól, Stórhólmsból, ofarlega í túni. ... Fjós var sambyggt gamla bænum," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Stóri-Hólmur "rúinn húsum" það ár. Bærinn hefur þá væntallega verið í eyði þegar túnakortið var gert en í norðvesturhorni túnsins, um 190 m SSA við Bakkakot 105:001, eru merktar bæjarrústir. Ekki er vitað hversu lengi bærinn var í eyði fyrir árið 1919 en um það leyti sem Ásgeir Jóelsson, heimildamaður, flutti með fjölskyldu sinni í Kötluhól 006 (um 1926) var nýtt íbúðarhús reist á jörðinni, um 155 m austur en bæjarhóllinn. Jörðin er nú í eyði og er golfvöllur Golfklúbbs Suðurnesja þar sem tún hennar voru áður. Í grein Sigurðar B. Sívertsen, Samanburður á forntíð og nútíð í Romshvalaneshreppi frá því fyrir um 60 árum, sem prentuð var í Árbók Suðurnesja 1988 segir um bæinn á Stóra-Hólmi: "Húsakynni áttu að heita stærri hér en annarsstaðar og átti stofa að heita sem var austur úr bæjardyrum, eins og aðrar með moldargólfi og hálfþiljuð niður að setubekk. Geymsluhirslur stóðu þar í stofunni og rekur mig minni til einnar eikarkistu, járnentar, sem tekið mun hafa frá 8-10 tunnur." Bæjarhóll með tóftum og kálgorðum er norðvestarlega í túni, stendur allhátt. Tóftir Kötluhóls 006 eru um 90 m til suðvesturs og tóftir Nýlendu 106:001 um 90 m til NNV.

Bæjarhóllinn er í norðvesturjaðri golfvallar Golfklúbbs Suðurnesja og eru golfflatir sunnan og austan við hann. Nýlega hefur verið slegin braut að hlöðnum húsgrunni eða uppfylltri tóft á hólum og virðist eiga að gera það að hluta af golfvellinum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Þar sem hóllinn hefur ekki verið sleginn er kafgras. Í vesturjaðri hans eru tóftir og kálgarðar.

Bæjarhóllinn er um 25x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hátt er fram af honum til austurs eða 5-6 m.

Vesturmörk hans eru ógreinileg því þar eru tveir kálgarðar E og F hver fram af öðrum en þeir eru saman um 42x14 m og snúa austur-vestur. Hóll er fast suðaustan við bæjarhóllinn, um 14x25 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hann er 3-4 m á hæð þar sem hann er hæstur. Ekki sést móta fyrir mannvirkjum á honum enda er hann mjög grasi vaxinn. Að sögn heimildarmanns var hóllinn öskuhaugur bæjarins. Líklegt er að hálfkirkja 002 sem heimildir eru um að hafi verið á jörðinni hafi verið á sama hól og öskuhaugurinn. Á bæjarhólnum sjást fjögur mannvirki sem öll eru skráð hér og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Fyrst er að nefna hlaðinn grunn A. Grunnurinn kann að vera tóft sem búið er að fylla upp í en hann er fast austan við kálgarð E, við norðurjaðar hólsins. Hann er um 4x4 m að stærð en vesturmörk eru óljós. Hleðslan er um 0,9 m á hæð og sjást í henni 4 umför. Um 4 m sunnar er einföld tóft B sem er um 3x4 m að stærð og snýr norður-suður. Grjóthleðslur sjást í innanverðum norðurgafli en hún er alveg opin til suðurs og hefur

líklega verið timburþil þar. Í hleðslum veggja sjást 3 umför. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Í austurjaðri hólsins er allmikil bunga, C, sem er um 3x10 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er um 1,5 m á hæð en fram af henni til austurs er snarbratt, 5-6 m. Á milli tófta A og B er



ógreinilegt hólf D sem er um 3x3 m að innanmáli. Ekki sjást veggir en hólfíð er um 0,4 m á dýpt. Kálgarðarnir eru tveir, hver fram af öðrum. Eins og fyrr segir eru þeir saman um 42x14 m að stærð og snúa austur-vestur. Vestari garðurinn F er um 24x12 m að stærð og austari garðurinn E er um 18x14 m að stærð. Kálgarðarnir eru grjóthlaðnir og eru veggir um 1 m á breidd og um 0,7m á hæð. Þeir eru víða niður fallnir og mjög grasi vaxnir. Suðurhlið vestari garðsins er óljós.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 9; Túnakort 1919; Árbók Suðurnesja 1988, 101.

**GK-103:002** heimild um hálfkirkja 64°02.752N 22°36.021V

Hálfkirkju á Stóra-Hólmi er getið í heimildum. Elsta heimildin um kirkjuna eru úr máldaga frá 1367. Þá er hennar getið í skjölum frá 1397 og 1598. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en líklegt er að hún hafi verið þar sem öskuhaugurinn var síðar sjá nánar 001.

Öskuhaugurinn er á hól fast austan við bæjarhól 001. Hann er nokkuð sléttur og afar grasgefinn.

[1367]: lxxvii. Mariu kirkia og hinz heilaga Thorlaks Biskups að Holme a Rossmalanese a steindan duk les Vilchinsbok; Hítardalsbók, DI III 221

1397: a ij kyr. portio Ecclesiae v hundrud oc xx oc xij aurar; Máld DI IV 105

1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61. Ekki sést til minja um kirkju og ekki vitað hvar hún var. Ef hún var undir öskuhaugi á hólnum austan við bæjarhólinn er von til þess að leifar hennar hafi varðveist þar sem hólnum hefur ekki verið rutt út.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**DI III, 221; DI IV, 105; AM 263 fol. bl. 61.

**GK-103:003** þúst útihús 64°02.778N 22°35.782V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró/kamar um 220 m norðaustan við bæjarrústirnar 001. Í jaðri golfvallarins er grasi vaxin lægð sem er að öllum líkindum leifar þessa mannvirkis.

Lægðin er í órækt milli nýlegs grjótgards við sjó og norðausturjaðars golfvallarins.

Kraftmikill vallendisgróður vex í lægð sem er um 6x5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Lægðin er ekki er afgerandi og er það helst gróðurinn sem bendir til að þarna hafi verið eitthvert mannvirki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-103:004** gerði kálgarður 64°02.726N 22°36.053V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar um 10 m austan við bæjarrústirnar 001.

Kálgarðarnir voru þar sem nú er golfvöllur.

Sléttað hefur verið úr kálgorðunum að miklu leyti en óljós ummerki um þá má enn sjá á sléttum golfvellinum.

Garðurinn meðfram suðvesturhlið kálgarðanna stendur enn. Hann liggur frá suðausturhorni kálgarðs 001 E að traðarvegg 056. Hann er um 75 m langur, er um 0,5 m á breidd og hæð. Í garðinum er mosavaxið grjót og mikill grasgróður. Um 27 m norðaustan við miðjan garð er útflatt garðbrot sem er um 24 m á lengd, liggur norðvestur-suðaustur. Það beygir til suðvesturs í norðvesturenda og er þar um 6 m langt. Garðbrotið er um 1,5 m breitt og um 0,1 m á hæð. Saman eru garðarnir á svæði sem er um 75x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-103:005** hleðsla útihús 64°02.821N 22°35.900V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 180 m norðan við bæjarhólinn 001. Samkvæmt Ásgeiri Jólssyni, heimildamanni, var það byrgi við Lásagat/Nikulásarvör 028 sem Nikulás í Bakkakoti notaði. Samkvæmt bókinni Undir Garðskagavita kemur fram að Nikulás var fæddur 1820 og hefur hann líklega verið í Bakkakoti um og eftir miðja 19. öld. "Á bakkanum norðarlega í Stórhólmstúni var lending [028] frá Nýlendu, sem Lási [Nikulás Björnsson], áður nefndur, átti. Þar á bakkanum átti hann kofa, hlaðinn úr grjóti og saltaði hann fisk sinn þar," segir í örnefnaskrá. Minjar byrgisins eru á sjávarbakkanum og eru að hverfa vegna ágangs sjávar.

Nú sést aðeins einn veggur tóftarinnar, steinhlaðinn. Hann er um 1 m á breidd og 2 m á lengd, snýr norður-suður. Í honum sjást 3 umför og er hann um 0,4 m á hæð. Austan við vegginn má sjá hrundar hleðslur í rofi á sjávarbakkanum. Ekki er hægt að áætla stærð mannvirkisins út frá sýnilegum minjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919; Undir Garðskagavita, 334



*Hleðsla 005, horft til vesturs*


**GK-103:006** *Kötluhóll* tóftaþyrping býli

64°02.712N 22°36.128V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Kötluhóll, sjöunda hjáleiga. Jarðardýrleiki er óviss ... Fóðrast kann í kýr að tveim þriðjungum." Í örnefnalýsingu segir: "Kötluhóll er suðaustan Rófu [107:001]. Hann er grasbýli. Tún Rófu og Kötluhóls lágu saman. Bærinn á Kötluhól var suðvestast í túninu." Bærinn er merktur á túnakorti frá 1919 um 60 m suðvestan við rústir Stóra-Hólms 001. Ýmis mannvirki voru á bæjarstæðinu samkvæmt túnakorti og mörg mannvirki eru þar enn (A-F). Önnur mannvirki á túnakorti sem tilheyrðu býlinu eru útihús með áföstum kálgarði (G), fast suðaustan við bæjarstæðið, útihús (I) norðan við bæjarstæðið og leið (H) að því auk tveggja sambyggðra kálgarða (K), óskilgreindra garða (J) og túngarðsleifa (L). Allar minjarnar eru skráðar hér undir einu númeri.

Bæjarstæðið og minjar sem tilheyrðu býlinu eru skammt neðan (norðaustan) við Garðsbraut. Afar grasgefið er á bæjarstæðinu og umhverfis það. Býlið er skammt utan við golfvöll.

Á túnakorti frá 1919 koma fram þessar upplýsingar: Tún 0,95 ha, garðar 1000 m<sup>2</sup>. Minjarnar sem tilheyra býlinu og þegar hafa verið nefndar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun hér á eftir. Þær ná yfir svæði sem er um 160x80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Bæjarstæðið er fast austan og sunnan í grónum klapparhól. Hann er um 20x18 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð hólans er um 2 m. Hann er líklega náttúrulegur að stórum hluta. Á hólnum eru tvær greinilegar tóftir A,B, ein gryfja C og steiptur grunnur D auk garðlags E. Í norðurjaðri hólans eru leiðar af kálgarði F;




Kötluhóll 006, hesthústóft I

grjóthlaðið garðlag sem liggur frá klöpp í vestri til austurs. Það er um 40 m langt, niðurfallið. Garðlagið er um 0,5 m á hæð og breidd. Tóft A er norðvestast á hólnum sem bærinn var á. Hún er grjóthlaðin og einföld, er um 5x4 m að stærð, snýr norður-suður. Op er inn í hana sunnarlega á austurlangvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1,4 m og sjást mest 3 umför af hleðslu. Tóft B er fast austan við tóft A og kunna þær að hafa tilheyrt sömu byggingunni. Hún er grjóthlaðin og einföld, um 6,5x5,5 m að stærð, snýr norður-suður. Inngangur er inn í hana í suðvesturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 1,6 m. Mest sjást 5 umför af hleðslu. Fast norðaustan við tóft B er gryfja C sem er um 3x6 m að innanmáli, um 0,5 m á dýpt og snýr norður-suður. Fast sunnan við tóft B er steiptur grunnur D sem er um 5x3 m að stærð, snýr norður-suður en vesturmörk

eru ekki skýr. Framan við hann til suðurs er grjóthrun. Grunnurinn er um 0,2 m á hæð. Fast sunnan við tóft A er dæld í grasið þar sem grjót hefur verið sett ofan á bárujárnsplötur en ekki virðist hafa verið mannvirki þar. Út frá suðvesturhorni tóftar A gengur grjóthlaðinn en gróinn veggþútur E sem er um 4 m á lengd. Hann liggur suðvestur-norðaustur. Hann er breiðastur um 2 m í suðvestur-enda og er um 0,5 m á hæð. Ekki sést til útihúss G sem samkvæmt túnakorti var um 10 m suðaustan við bæjarstæðið, né heldur til kálgarðs sem var áfastur útihúsinu. Ekki sést til leiðar H sem samkvæmt túnakortinu lá á milli bæjarstæðis og útihúss I. Líklega er leiðin einfaldlega horfin í þann mikla grasgróður sem á svæðinu er þó e.t.v. hafi hún verið sléttuð í tún. Tóft útihúss I sést enn, um 30 m sunnan við bæjarstæðið.

Samkvæmt heimildamanni, Ásgeiri Jólssyni, var tóftin hesthús. Hún er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 6x4 m að stærð, snýr VSV-ANA. Í ANA-enda er stærra hólfið I sem er um 2x2,5 m að innanmáli. Ekki eru hleðslur í ANA-gafla og líkur á að þar hafi verið timburþil. Gengt er úr því hólfi í hólfi II sem er um 2x1,5 m að innanmáli. Op virðist vera á því hólfi í suðausturhorni þess. Hleðslur í hólfi II eru mun lægri en í hólfi I eða um 1 m. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,5 m. Að innanverðu sjást 6 umför hleðslu í tóftinni. Úr VSV-enda tóftar liggur garðlag sem tengist stærra kerfi garða J. Það nær yfir svæði sem er um 93x62 m að stærð og snýr norðvestur-

suðaustur. Garðarnir eru allir grjóthlaðnir og flestir niðurfallnir. Mesta hæð garðanna er um 1 m og mesta breidd er um 1,5 m, sjást mest fjögur umför hleðslu. Þeir mynda nokkurs konar kross og hlutverk þeirra er óljóst. Einn garður á svæðinu er stakur. Hann er um 62 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hluti garðhleðslanna hefur verið rifinn. Um 40 m norðvestan við suðausturenda garðanna sem mynda kross er hleðsla eða grunnur áfastur



Kötluhóll 006, tóftir og garðlög

suðvestanverðum garði. Hleðslan er 1,5x1,5 m að stærð og er um 0,2 m á hæð. Ekkert er vitað um hlutverk mannvirkisins. Tveir sambyggðir kálgarðar K eru um 35 m suðvestan við bæjarstæðið. Saman ná kálgarðarnir yfir svæði sem er um 53x38 m og snýr norðaustur-suðvestur. Kálgarðurinn sem er norðaustar er öllu greinilegri en hinn. Hann er um 38x21 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hans eru breiðastir um 1,5 m og þar sem þeir standa enn eru þeir um 1 m á hæð utanmáls og sjást 3 umför hleðslu. Suðvestari garðurinn er ógreinilegri og grónari. Hann er 53x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er víða um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Í norðaustari garðinum er jarðvegshryggur sem liggur þvert á garðinn og skiptir honum í tvennt, litlu norðvestan við miðjan garðinn. Að lokum eru túngarðsleifar L á tveimur stöðum sem talið er rétt að skrá með Kötluhól. Annars vegar er garður við brekkurætur um 65 m suðaustan við bæjarstæðið. Hins vegar er garður við merki á móti Rófu GK-107, um 38 m vestan við bæjarstæðið. Garðarnir eru að mestu leyti útfattir og grónir. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og mesta breidd um 1,2 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**JÁM III, 105105; Ö-Innleira, 10. Túnakort 1919.

**GK-103:007** *Hjallarif* örnefni hjallur

64°02.794N 22°35.767V

"Suðaustan við Bakkakotsvör [105:002], fast suðaustan við Bakkakotssand, eru þangivaxnir steinar og klappir, sem ná út undir Hólmarif. Þær heita Hlein. Með lágsjávudu myndast lón á milli Hólmarifs og Hleinar. Það þornar aldrei. Suður frá enda þessara klappa gengur langt rif til suðurs alla leið í Hólmsklappir eða Stórhólmsklappir eins og þær eru líka nefndar. Smá hraun er á milli Hleinar og rifsins. Rif þetta heitir Lásarif [sjá lendingu 028] ... Lásarif mun áður hafa verið kallað Hjallarif," segir í örnefnaskrá. Hjallarif/Lásarif er um 250 m austan við bæ 001.

Við suðvesturenda Hjallarifs er klappar- og grjótfjara.

Líklegt er að hjallurinn sem rífið dregur nafn sitt af hafi verið við eða á sjávarbakkanum en þar sjást ekki mannvirki. Þar er reyndar nokkur hrúga af skófum vöxnum steinum sem hlaðið hefur verið í garð 102:014 og kunna að hafa tilheyrt eldri garði eða öðrum mannvirkjum í fjörunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Innleira, 3-4

**GK-103:008** varða óþekkt

64°02.560N 22°36.446V

Vandlega hlaðin varða er neðan (austan) við stikaða leið, líklega 095:019. Varðan er um 475 m suðvestan við bæ 001 og um 135 m norðvestan við vörðu 009.

Varðan er hlaðin á litla klöpp í flatlendum móa sem víða er ógróinn.

Varðan er grjóthlaðin og ferköntuð. Hún er um 0,7x0,9 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er um 1,5 m á hæð og sjást 8 umför, er skófum vaxin.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-103:009** varða óþekkt

64°02.528N 22°36.297V

Varða er suðvestan við Garðsbraut og norðvestan við æfingavöll Golfklúbbs Suðurnesja. Hún er um 457 m suðvestan við bæ 001.

Varðan er á litlum hól í flatlendum móa, víða ógrónum.

Varðan er grjóthlaðin og ferköntuð. Hún er um 1x2 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 2 umför. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-103:010** *Árnakrókur* heimild um lendingu

64°02.800N 22°35.795V

Guðmundur Garðarsson og Ásgeir Jóelsson, heimildamenn, sögðu skráningarmanni frá vör sem heitir Árnakrókur og er um 100 m suðaustan við Nikulásarvör 028 og um 240 m austan við bæ 001.

Vörin er í stórgrýttri klapparfjöru.

Ekki sjást skýr ummerki um mannaverki á þessum stað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Varða 008, horft til austurs*

**GK-103:011** *Hólmavarða* varða óþekkt

64°03.014N 22°35.796V

"Leirhólmi er svolítið gróinn um miðjuna ... Suðuraustast á hólmanum, þar sem graslendið endaði, var Hólmavarða, stór grjóttvarða," segir í örnefnaskrá. Varðan hefur að líkindum verið um 525 m norðaustan við bæ 001.

Hólminn er tiltölulega flatlendur og gróðursnauður.

Ekki var unnt að komast út í hólmann þegar verið var á vettvangi. Frá landi sést ekki til leifa af vörðunni og eru allar líkur á að hún hafi horfið vegna landbrots. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan þjónaði en líklegt er að hún hafi verið mið eða markað leið að lendingu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Innleira, 2

**GK-103:012** hús útihús

64°02.755N 22°35.870V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 160 m norðaustan við bæjarrústirnar 001. Bárújarnshús undir þaki er þar sem útihús 002 hefur staðið og ekki er ólíklegt að það sé sama hús og er á túnakorti.

Síðasti bærin á Stóra-Hólmi stóð litlu vestar og sunnan við húsið er bárújarnsbraggi. Hús þessi standa nú inni á golfvelli. Malarborinn vegur liggur á milli 002 og bragga niður að sjó.

Húsið er um 11x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Það skiptist í þrjá hluta. Vestasti hluti þess er steypdur en aðrir hlutar þess standa á hlöðnum grunnni, sumstaðar sést sementslím og steypa í hleðslunni. Austan við húsið er bárújarnshjallur sem er á hlöðnum grunnni og næst hleðslunni eru víðarrimlar í veggjum. Við norðausturhorn útihússins eru eldri hleðslur sem eru e.k. kantur meðfram horni hússins og að hluta meðfram austurvegg. Hleðslan er um 5x3 m að stærð, snýr norður-suður. Hleðslan er hæst um 0,5 m en ekki sést fjöldi umfara. Ekki er ljóst hvaða hlutverki útihúsið þjónaði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Útihús 012, horft til suðurs*

**GK-103:013** *Stórhólmsvör* mannvirki lending

64°02.752N 22°35.703V

"Þegar komið er inn Stórhólmsund er Stórhólmsvör fast austan við Stórhólmsklappir. Ráðagerðisvör [014] er fast austan hennar og er smá grjóthryggur á milli. Varir þessar hafa verið búnar til," segir í örnefnaskrá og síðar: "Lendingin er beint í norðaustur af bænum [001]." Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Á Stórahólmi er ein sú bezta lending; og hafði sú vör verið rudd eða búin til fyrir hér um 50 árum með ærnum uppákosnaði; hafði sá, að sögn sem það gerði, þegið 100 dala verðlaun af kóngi. Skipaleiðin eða sundið er gott, svo menn segja, að þá muni útsjór ófær er það tekur af." Vörin er um 290 m austan við bæ 001.

Vörin er fast sunnan við klapparnes í grýttri klettafjöru. Mikill varnargarður hefur verið hlaðinn innan við Stórhólmsvör og Ráðagerðisvör 014 til að varna ágangi sjávar.

Vörin er mjög greinileg. Hún er um 5 m breið og 30-40 m löng.

Hún snýr austur-vestur og er um 1,5 m djúp.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 4, 9; SSGK, 158.



*Stórhólmsvör 013, horft til austurs*

**GK-103:014** *Ráðagerðisvör* mannvirki lending

64°02.748N 22°35.699V

"Þegar komið er inn Stórhólmsund er Stórhólmsvör [013] fast austan við Stórhólmsklappir. Ráðagerðisvör er fast austan hennar og er smá grjóthryggur á milli. Varir þessar hafa verið búnar til," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 295

m austan við bæ 001 og um 15 m sunnan við Stórhólmsvör.

Vörin er í grýttri klettafjöru. Mikill varnargarður hefur verið hlaðinn innan við Stórhólmsvör og Ráðagerðisvör til að varna ágangi sjávar.

Vörin er heldur minni um sig en Stórhólmsvör. Hún er um 3 m á breidd að innanmáli og 20-30 m löng. Mesta dýpt er 1-1,5 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 4

**GK-103:015** brunnur brunnur

"Neðan við hólinn [001] aðeins austanhallt, var brunnstæði og var þangað sótt vatn, bæði til bæjar og gripa," segir í örnefnaskrá.

Brunnurinn er um 20 m austan við bæjarhól 001, fast norðan við öskuhaug.

Brunnurinn er á sléttum bletti, grasi grónum í norðvesturjaðri golfvallar.

Brunnurinn er grjóthlaðinn, ferkantaður, um 2x2 m að stærð. Mikið hefur hrunið ofan í hann eða hann verið fylltur en hann er enn um 0,7 m djúpur. Ekki sést vatn í honum. Aðeins sjást 2 umför hleðslu en mikið stórgrýti hefur verið notað í hleðsluna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 9

64°02.761N 22°36.033V



*Brunnur 015, horft til norðvesturs*

**GK-103:016** varða samgöngubót

Varða er 240 m austan við Þjóðveg, 180 m NNV við vörðu 017.

Á grónu grjótholti.

Varðan er heilleg. Hún er ferhyrnd og um 80 sm á hvorn kant. Hún er um 1,5 m há. (Varðan er númer 076 í skýrslu frá 2006.)

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

64°01.651N 22°35.187V

**GK-103:017** varða óþekkt

Varða er við slóða, 250 m austan við Þjóðveg. Hún er 150 m NA við kirkjugarð og 30 m norðan við afleggjara sem liggur frá Þjóðvegi austur að Helguvík.

Varðan er á grónu grjótholti.

Varðan er hálf hrunin. Hún er um 1 m á hvorn kant og er um 70 sm há. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin. (Varðan er númer 075 í skýrslu frá 2006.)

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

64°01.571N 22°35.063V

**GK-103:018** Sundvarða varða samgöngubót

"Mið á Stórhólmsund var nokkuð hátt tré [033] á Stórhólmsklöppum. Þar var kallað Sundtré. Það átti að bera í vörðu, sem var á holti fyrir ofan Ráðagerði [109:001].

Hún var kölluð Sundvarða m gr.í nf.. Í henni var einnig krosstré," segir í örnefnaskrá. Sundvarða stendur á Sundvörðuholti, skammt við golfskála og skammt norðaustan við Garðsbraut, um 350 m sunnan við bæ 001.

Varðan er ofarlega á mosagrónu klapparholti. Nokkurt rask hefur orðið á holtinu sunnanverðu vegna mannvirkja í tengslum við golfklúbbinn.

Varðan er fallin en hefur verið gríðarstór. Nú er mikil grjóthrúga þar sem varðan stóð og má sjá í henni miðri viðarleifar úr krosstrénu. Ekki er útilokað að grjóti hafi verið bætt í hrúguna eftir að varðan féll og hætt var að nota hana sem mið en grjótið í henni er skófum og mosa vaxið og virðist hafa verið óhreyft nokkuð lengi. Varðan er um 3x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún



*Sundvarða 018, horft til suðausturs*

er um 0,8 m á hæð. Á norðaustur-langhlið hennar hefur orðið eitthvert rask og lítur út fyrir að grjót hafi verið tekið úr vörðunni og að hún hafi verið breiðari eða sem nemur 1 m. Í norðvestur-enda sjást 4 umför í innfallinni hleðslunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 5

**GK-103:019** *Stekkjarnef* heimild um stekk 64°02.528N 22°35.110V

"Austur frá Brúnkollu eru klappir með sjó fram austur af Stekkjarnefi. Það skiptist í tvennt, Vestra-Stekkjarnef og Eystra-Stekkjarnef. Stekkjarnefin eru grjóthólar, brattir sjávarmegin. ... Sagt var, að fyrr á öldum hefði Stekkjarnef verið gróið land og stekkur verið á því," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu stekkjarnes en Stekkjarnef er um 865 m suðaustan við bæ 001.

Stekkjarnef er stutt en allbreitt nef um 145 m norðan við Stóruvör 057. Nýlegur sjóvarnargarður er meðfram nefinu og hátt er niður af því í grýtta fjöru. Stekkjarnef er inni á golfvelli og hefur verið sléttað.

Ekki sést til minja um stekk á Stekkjarnefi. Orðalag í örnefnaskrá bendir til þess að stekkurinn hafi verið horfinn nokkru áður en golfvöllur var gerður á svæðinu en óvíst er af hvaða völdum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 5

**GK-103:020** *Bergvík* bæjarstæði býli 64°02.500N 22°35.194V

"Suðaustan við Stekkjarnef [sjá 019] er Bergvík," segir í örnefnalýsingu og síðar: "U.þ.b. 60 m í suður frá Brandsbæ [052] var tómthús, sem hét Bergvík. Þegar Símon [Guðmundsson f. 11 nóv. 1887] var að alast upp bjó Pétur Pétursson í Bergvík. Hann hafði grætt nokkuð stóran túnblett frá bænum niður á sjávarbakka." Túnakort af Bergvík frá 1919 er varðveitt. Þá stendur bærinn vestarlega í túni. Kálgarður er merktur fast sunnan við bæinn. Aðrar minjar sem voru innan túns samkvæmt túnakorti eru: fjögur útihús (B-D), tvö þeirra eru sambyggð kálgarði sem eru skráðir undir sama bókstaf (C) og kálgarður er einnig sambyggður útihúsi B; tvær þrær (F,G) og áfast annarri þeirra var kálgarður (F); vegur (G) að Melbæ 102:024; og varnargarður (H) auk þess sem á einum stað, suðaustarlega í túninu, er merktur kross (I) þar sem segir: „Hér standa eftir húsagrunnar og tveir kjallarar steinlímdir, frá öðru býlinu. Lagt niður og rífið 1916." Af þessu má merkja að tvíbýli hafi verið í Bergvík. Bæjarstæði Bergvíkur er um 850 m suðaustan við bæjarhól Stóra-Hólma 001.

Býlið var í suðausturhorni golfvallar Golfklúbbs Suðurnesja.

Búið er að slétta úr öllum minjum í túni Bergvíkur og nokkuð erfitt að átta sig á afstöðu þeirra en ströndin hefur einnig breyst mikið. Þar sem líkur eru á að bærinn A hafi staðið er moldarþúst sem er að gróa upp og kann að vera að leifar bæjarstæðisins leynist þar undir. Þústin er um 8x6 m að stærð, snýr NNV-SSA og er um 0,4 m á hæð. Ekki sést til neinna annarra minja sem tilheyrðu Bergvík og er næsta víst að flestar þeirra hafi verið jafnaðar við jörðu við gerð golfvallarins. Varnargarðurinn hefur þó líklega horfið vegna landbrots en mögulega einnig vegna þess að nýlegur varnargarður hefur verið hlaðinn á sjávarbakkanum. Líklegt er að einhverjar leifar af mannvirkjum í túni Bergvíkur séu enn undir sverði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 5, 12; Túnakort 1919.

**GK-103:021** *Bergvíkurvör* mannvirki lending 64°02.490N 22°35.129V

"Bergvíkurvör er með Stekkjarnefi [sjá 019] að suðaustan. Aðeins austar í vikinni er Stóravör [057]," segir í örnefnalýsingu. Vörin er merkt á túnakort frá 1919 norðaustur af bæ 020, þar er spil merkt við vörina og naust 022. Vörin er í klettafjöru, þakinni þara og nokkuð er um stórgrýti. Til vesturs er hár bakkinn, allur grjóthlaðinn.

Vörin er um 10 m breið þar sem hún er breiðust yst en mjókkar þegar nær dregur landi og er innst (norðvestast) um 3 m á breidd. Hún snýr suðaustur-norðvestur og er um 20 m löng. Svo virðist sem skarð hafi verið höggvið í klöpp í fjörunni innst í vörinni en ekki er útilokað að það sé náttúrulegt. Þegar vörin var skoðuð var flóð og því erfitt að segja til um dýpt hennar en innst er hún um 0,5 m djúp.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:**Ö-Innleira, 5; Túnakort 1919.

**GK-103:022** heimild um naust 64°02.490N 22°35.137V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var naust við Bergvíkurvör 021. Naustið er ekki merkt á kortið en við vörina hefur verið skrifað "hróf". Naustið var að líkindum fast vestan við vörina og um 50 m suðaustan við Bergvík 020.

Naustið var í klettafjöru, þar sem nokkuð er um stórgrýti. Til vesturs er hár bakkinn, allur grjóthlaðinn.

Ekki sést til minja um naust í fjörunni við Bergvíkurvör. Það hefur að líkindum horfið vegna ágangs sjávar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-103:023** *Nikulásarnaust* heimild um naust

64°02.831N 22°35.890V

"Neðan við Stóra-Hólm er Nikulásarnaust og Nikulásarvör [028]," segir í örnefnaskrá. Naustið hefur að líkindum verið um 200 m ANA við Nýlendu 106:001 og um 200 m norðaustan við Stórahólma 001. Naustaríf dregur að öllum líkindum nafn sitt af Nikulásarnausti (sjá örnefnaskrá Hróðurness).

Naustið var að líkindum í eða upp af grýttri fjöru. Allhátt er upp á sjávarbakkann til suðvesturs.

Ekki sést til nausts við vörina og líklegt að það sé horfið vegna sjávarágangs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Stóri-Hólmur, 2; Ö-Hróðurnes, 1

**GK-103:024** kantur varnargarður

64°02.853N 22°35.933V

Á merkjum móti Bakkakoti GK-105 er hlaðinn kantur á sjávarbakkann til varnar landbroti. Hann er um 220 m norðaustan við bæ 001.

Garðurinn er á sjávarbakkann vestan við malarfjöru.

Jarðvegi af golfvelli hefur verið ýtt fram af bakkannum.

Hleðslan sést á um 9 m löngum kafla. Hún er um 1 m á hæð og sjást 5 umför. Hleðslan snýr norður-suður. Gríðarmikið bjarg hefur oltið ofan í fjöru og er þar upp á rönd og hylur hluta hleðslunnar sem sést ef kíkt er á bak við bjargið. Grjótið í hleðslunni er misveðrað. Það sem er í norðurenda er meira skófum vaxið en sunnar. Ef til vill hefur sá kaflur verið lengur óvarinn af jarðvegi og þá má vera að þarna hafi verið einhvers konar kofi en ein spýta stendur út úr hleðslunni efst. Veðraði hlutinn er um 4 m langur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Kantur 024, horft til vesturs*

**GK-103:025** hleðsla óþekkt

64°02.839N 22°36.689V

Hrunin hleðsla er á flatlendi austan við Langholt, um 540 m norðvestan við bæ 001.

Hleðslan er á flötu mólendi, grýttu og nokkuð uppblásnu, skammt austan við Langholt.

Hleðslan er hrunin og að líkindum hefur grjót verið tekið úr henni því hún er alveg útflött. Hleðslan er um 2,5 m á kant og um 0,2 m á hæð. Grjótið er skófum og mosa vaxið og virðist mannvirkið nokkuð gamalt. Ekki er vitað hvaða hlutverki það þjónaði en mögulega hefur það verið varða eða smalakofi.

**Hættumat:** engin hætta


**GK-103:026** tóft óþekkt

64°02.568N 22°35.197V

Tóft er við sjávarkamb á milli Bergvíkur 020 og Ólafshúsa 053, um 780 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er í útjaðri golfvallar, skammt utan hans.

Tóftin er grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Hún er um 6,5x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er fast við sjávarkamb sem virðist vera manngerður þannig að jarðvegi og grjóti hafi verið ýtt saman til að mynda hrygg til varnar landbroti. Hólf I er í norðvesturenda, það er um 3x2 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur, op til suðvesturs. Ekki er gafll til norðausturs annar en varnargarður. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli og er veggur í norðausturenda greinilegur. Op til suðvesturs. Við suðurhorn tóftar



er kantur sem liggur til suðausturs, um 5 m langur og kann þar að hafa verið annað hólf eða sambyggt mannvirki. Kanturinn er um 0,6 m á hæð, sést grjót í honum. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1 m. Ekkert er vitað um hlutverk tóftarinnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**GK-103:027** varða óþekkt 64°01.789N 22°33.755V

Varða er út við sjávarbrún, um 270 m ASA við vitann á Hellisnýpu.

Varðan stendur á berri klöpp.

Varðan er lítil og hlaðin úr fremur smáu grjóti. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin. (Varðan er númer 074 í skýrslu frá 2006.)

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:028** Lásagat mannvirki lending 64°02.894N 22°35.756V

"Smá rauf er á milli Hleinar og rifsins [Hólmarífs]. Rif þetta heitir Lásarif. Rauf er nokkurn veginn á miðju rifinu og er hægt að róa í gegnum hana um smástraumsfjöru. Rauf þessi heitir Lásagat og dregur nafn af þeim, sem ruddi grjótinu, en sá hét Nikulás Björnsson og bjó þá í Nýlendu [GK-106]," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Á bakkanum norðarlega í Stórhólmstúni var lending frá Nýlendu, sem Lási [Nikulás Björnsson frá Nýlendu], áður nefndur, átti." Í Undir Garðskagavita segir: "Nikulásarós dregur nafn sitt af Nikulási Björnssyni, er lengi bjó í Nýlendu í Leiru. Nikulás gróf þar ós í gegnum stórt rif, meira en 50 metra vegalengd, og stendur enn með ummerkjum, þó að 70 til 80 ár séu síðan verkið var unnið. Rennan er 7 metra breið og 1 1/2 metri á hæð. Er þrekvirki þetta unnið af Nikulási og dætrum hans." Nikulásarvör er um 40 m norðaustan við hleðslu 005 þar sem að líkindum hefur verið fiskhús Nikulásar, og um 220 m norðaustan við bæ 001.

Næst landi er sandfjara en utar er hún stórgrýtt. Úti fyrir vörinni til austurs er Hólmarif og Lásagat.

Nokkurt grjót hefur borist í vörina sem er um 30x10 m að innanmáli og dýpst um 1 m. Vörin snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 3, 9. Undir Garðskagavita, 334.

**GK-103:029** heimild um brunn

Á heimasíðu Ferlis segir: "Norður af Bergvík var Græningarður eystri og vestari [043] og þá Lindarbær [032]. Vatnsbrunnurinn, fallega hlaðinn, er í Dalnum. Í leysingum fór Línlækur þar niður um. Í Dalnum var stundum þveginn þvottur [055]." Ekki er ljóst af textanum á heimasíðunni hvort sést hafi til brunnsins þegar Ferlismenn voru á ferðinni eða hvort verið er að vísa í heimildir. Ekki kemur heldur fram hvaða ár textinn er skrifaður en víst eru ekki mörg ár síðan. Ekki sáust ummerki um brunn í Dalnum og staðsetning hans ekki þekkt.

Dalurinn er lækjarskorningur sem liggur í sveig niður að sjó til norðausturs. Í honum rennur vatn en miklar breytingar hafa orðið á honum í tengslum við golfvöllinn og tjarnir búnar til í honum og brúnir hans hlaðnar á köflum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** <http://ferlir.is/?id=4285>

**GK-103:030** Gerðið heimild um býli 64°02.617N 22°35.915V

Á uppdrætti Ófeigs J. Ófeigssonar á loftmynd af hluta skráningarsvæðisins er merkt inn "Gerðið" undir allstórri klöpp og líkum leitt að því að þar hafi staðið Pálsbær. Ekki fengust frekari heimildir um þetta býli.

Gerðið var fast við klett, nú inni á golfvelli, við suðvesturjaðar hans.

Ekki sést til minja og er líklegt að sléttað hafi verið úr þeim við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ófeigur J. Ófeigsson: uppdráttur

**GK-103:031** Bakki heimild um bústað 64°02.620N 22°35.366V

"Suðaustan við Hróðurnesmóa er Melbæjarblettur, en svo var túnið í Melbæ [102:024] alltaf kallað. ... Sjávarmegin, suðaustast í blettinum, var tómtúsið Bakki," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt uppdrætti Ófeigs J. Ófeigssonar á loftmynd var Bakki við suðausturenda kálgarðs í Melbæ, sjá fornleif 102:024D.

Býlið var þar sem nú er jaðar golfvallar, fast við sjávarbakkann.

Ekki sést til minja um býlið og hefur mögulega verið sléttað úr þeim við gerð golfvallarins

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 11, Ófeigur J. Ófeigsson: uppráttur

**GK-103:032** *Lindarbær* þúst býli 64°02.603N 22°35.592V  
"Sunnan við Melbæjarblett [sjá 102:024] voru tvö kot, tómthús. Það vestara hét Lindarbær, en hitt Græningarður [043]," segir í örnefnalýsingu. Lindarbær er merktur á túnakort frá 1919. Kálgarðar eru merktir fast sunnan við bæinn. Samkvæmt kortinu voru tún Lindarbæjar 0,1 teigur og kálgarðar býlisins alls 450 m<sup>2</sup>. Innan túns Lindarbæjar var þró. Líklega hefur bærinn í Lindarbæ staðið á hólbrún, austur af Dalnum, um 470 m suðaustan við bæ 001. Býlið var þar sem nú er golfvöllur, líklega inni á miðjum golfvelli. Bærinn hefur að líkindum staðið á hólbrún og til norðausturs er djúp kvos. Allt í kring eru teigar.  
Ekki sést til neinna minja um bæinn ef frá er talin dálítill þúst sem er um 3x6 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Hún snýr NNA-SSV. Þústin gæti þó hæglega verið mannvirki gert í sambandi við golfvöllinn. Ekki sést til minja um þróna sem merkt er inn á túnakort.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 11; Túnakort 1919.

**GK-103:033** *Sundtré* heimild um samgöngubót 64°02.760N 22°35.709V  
"Mið á Stórhólmsund var nokkuð hátt tré á Stórhólmsklöppum. Þar var kallað Sundtré. Það átti að bera í vörðu [018], sem var á holti fyrir ofan Ráðagerði [109:001]," segir í örnefnaskrá. Sundtré var um 285 m austan við bæ 001. Dálítill gróðurforfa er á klettanefi sem skagar út í sjó.  
Ekki sést til minja um miðið. Líklega hefur sjórinn brotið tréð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Innleira, 5.

**GK-103:034** heimild um legstað 64°02.719N 22°35.997V  
Á heimasíðu Ferlis segir: "Ofar [en 060] var annar hóll, nú sléttalur. Þar vilja kunnugir menn meina að hafi verið dys Steinunnar landnámskonu." Þar segir einnig á öðrum stað: "Í þessari ferð gekk Kristjana [Vilhjálmisdóttir] hiklaust að aflöngum lágum hól í túninu og staðnæmdist þar. Heimreiðin lá um hrygginn. Norðan hans er hóllinn (hryggurinn) hæstur. Austan í honum er lítil dæld, líkt og einhver hafi gert tilraun til að grafa í hólinn. Kristjana sagði að afi hennar [Halldór Þorsteinsson frá Meiðastöðum í Garði] hafi verið ákveðinn í að þarna væri dys Steinunnar gömlu. Þá hefði hóllinn verið meiri um sig í túninu, en eftir að golfvöllurinn kom þarna hefði hóllinn verið aflagaður og sleginn, sem ekki hefði mátt gera fyrrum. Kristjana sagði að almannarómur hefði verið að þarna hefði dys þeirrar gömlu verið. Vildi hún koma því á framfæri því enginn virtist hafa haft áhuga á að varðveita tilvist hennar síðustu árin." Meintur legstaður er um 80 m suðaustan við bæjarhól 001.  
Meintur legstaður er á lágum hrygg inni á æfingagolfvelli Golfklúbbs Suðurnesja. Fast sunnan við hann er malarvegur sem liggur heim að síðasta bæ Stóra-Hólma.  
Ekki sjást nein ummerki um legstað þar sem hann er skráður og kann það að vera af því að svæðið hefur verið sléttað. Legstaðurinn er fast austan við kálgarð 004. Ljóst er að mikið rask hefur orðið á þessum stað og við hann. Ekkert er hægt að segja um hvort þarna hafi verið legstaður nema með frekari rannsóknunum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**<http://www.ferlir.is/?id=4285>; <http://www.ferlir.is/?id=8456>;

**GK-103:035** *Brautarholt* heimild um bústað 64°02.590N 22°35.807V  
Brautarholt er býli sem merkt er inn á upprátt Ófeigs J. Ófeigssonar á loftmynd af svæðinu og þar er leitt getum að því að Brautarholt og Nýibær séu sama býlið. Ekki fengust frekar heimildir um býlið en líklegt er að það sé fremur ungt.

Samkvæmt upprættinum var Brautarholt skammt VSV við Efra-Hrúðurnes 102:003, þar sem nú er suðvesturjaðar golfvallarins.

Ekki sést til minja um býli á golfvöllinum og allar líkur á að sléttað hafi verið úr þeim við gerð vallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ófeigur J. Ófeigsson: uppráttur

**GK-103:036** heimild um leið 64°02.510N 22°35.180V  
"Brunnur [037] er í Bergvík hringlagður og velhlaðinn [svo]. Gangstígur er þar uppaf, upp melana," segir í örnefnalýsingu Hrúðurness. Gangstígurinn lá á milli brunnsins og Bergvíkur 020.  
Gangstígurinn var í suðausturhorni golfvallar.

Ekki sést til götunnar á golfvellingum og hefur hún að líkindum horfið við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Hrúðurnes, 1.

**GK-103:037** þúst brunnur 64°02.511N 22°35.161V

"Brunnur er í Bergvík [020] hringlagadur og velhlaðinn [svo]," segir í örnefnalýsingu Hrúðurness. Brunnurinn er um 855 m suðaustan við bæ 001 og um 35 m norðaustan við Bergvík 020. Brunnurinn hefur að öllum líkindum tilheyrt Bergvík en er skráð hér sér af því að hann er utan túns.

Brunnurinn er á miðri golfflöt skammt frá sjávarbakknum.

Byrgt hefur verið yfir brunninn og sést hann því ekki. Yfir honum er tréhlemmur, um 1,5 m í þvermál. Hann stendur nokkuð upp úr umhverfi sínu, er um 5x3 m að stærð og um 0,7 m á hæð. Þústin umhverfis hann er hringlaga en mjókkar í totu til suðvesturs. Ekki sést í hleðslur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Hrúðurnes, 1.

**GK-103:038** Fjósvellir bæjarstæði býli 64°02.744N 22°35.878V

"Hjá Stórhólmi var þurrabúð, sem heitir Krossabrekka [058]. Þar fyrir ofan var kot, þar sem nú heita Fjósvellir," segir í örnefnaskrá. Að öllum líkindum var þetta býli þar sem síðasti bær Stóra-Hólms stendur enn, um 150 m suðaustan við bæ 001. Ásgeir Jónsson, heimildamaður, kallaði býlið Fjósakot. Ekki er ljóst af hverju örnefnið Fjósvellir er dregið en verið getur að fjós hafi verið þar sem býlið var áður en það byggðist eða eftir að það fór í eyði.

Ýmsar byggingar sem tilheyrðu síðasta bæ Stóra-Hólms standa enn þar sem Fjósvellir voru að líkindum. Þar hallar landinu lítillega til austurs í átt að sjó.

Ekki sést til mannvirkjaleifa á Fjósvellum. Mögulega hafa þau verið rifin við byggingu síðasta bæjar Stóra-Hólma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Stóri-Hólmur, 2

**GK-103:039** heimild um landamerki 64°02.805N 22°35.753V

"...þá til landsuðurs að merktum steini [040] ... Svo er merkt klöpp efst á Hjallarífi [007]," segir í örnefnaskrá. Ekki verður annað skilið en að Hjallarífi sé sama rif og annarsstaðar er ýmist kallað Naustarífi eða Lásarífi. Klöppin hefur að líkindum verið um 270 m norðaustan við bæ 001.

Við suðvesturendann á Hjallarífi er allhá klöpp í klappar- og grjótfjöru.

Ekki sást merkt klöpp efst í Hjallarífi og líklegt að slík merking hafi máðst af steininum eða hann horfið í sjóinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Stóri-Hólmur, 1

**GK-103:040** heimild um landamerki 64°02.862N 22°35.922V

"Þá er að athuga Stórahólmslandið. Að vestanverðu eru merkin þannig: á Stóra-hólmsbólma vestantil við svonefndar Stíflur ... þá til landsuðurs að merktum steini í litlu sandlóni, svo í austurlendingarkampt hjá Nýlendu [GK-106]," segir í örnefnaskrá. Líklega hefur steinninn verið í fjörunni ANA við endann á túngarði Bakkakots 105:014 sem liggur á mörkum milli Bakkakots og Stóra-Hólma.

Steinninn var að líkindum í grýttri sandfjöru.

Ekki fannst steinninn á vettvangi en ósennilegt er að hann sé enn á sínum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Stóri-Hólmur, 1

**GK-103:041** garðlag túngarður 64°02.692N 22°35.971V

"Túngarður er á merkjum mót Garðhúsum [GK-108]," segir í örnefnaskrá. Leifar af túngarði Stóra-Hólma sjást á merkjum bæjarins á móti Ráðagerði GK-109 og Garðhúsa GK-108. Túngarðurinn er um 100 m suðaustan við bæ 001.

Garðurinn er inni á golfvelli, nálægt áhaldahúsi golfvallarins í norðvesturenda aðalvallarins.

Stór hluti túngarðsins er horfinn en norðurhornið er enn greinilegt. Það er um 58x46 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er horfinn í bláhorninu. Hann er allur mjög gróinn, er um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð.

Aðeins sjást 2 umför af hleðslu í honum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Stóri-Hólmur, 1

**GK-103:042** Vesturhús bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Vesturhus, önnur hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss. ... Fóðrast kann í kýr af tveim þriðjungum." Engar frekari upplýsingar fengust um býli þetta og er því ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Mögulega var þetta býli eitthvert þeirra býla sem skráð eru innan Stóra-Hólms undir öðrum númerum og kann nafn þess að hafa breyst.

**Heimildir:**JÁM III, 103.

**GK-103:043** Græningarður garðlag bústaður 64°02.563N 22°35.580V

"Sunnan við Melbæjarblett [sjá 102:024] voru tvö kot, tótmhús. Það vestra hét Lindarbær [032], en hitt Græningarður," segir í örnefnaskrá. Græningarður er merktur á túnakort frá 1919. Samkvæmt kortinu voru tún býlisins 0,4 teigar og kálgarðar þess alls 880 m<sup>2</sup>. Auk bæjarins voru tvö útihús innan túns (B,C), auk þróar (D) með áföstum kálgarði. Einnig lá leið (E) frá bænum suður eftir túninu. Minnst er á tungarð (F) Græningarðs í örnefnaskrá Hróðurness. Á heimasíðu Ferlis er talað um Græningarð vestri og Græningarð eystri. Ekki fundust aðrar heimildir um tvíbýli í Græningarði. Græningarður var um 520 m suðaustan við Stóra-Hólma 001.

Býlið var þar sem nú er miður golfvöllur Golfklúbbs Suðurnesja.

Ekki sést til minja um bæinn A og líklega hefur verið sléttað úr húsum hans við gerð golfvallarins. Ekki sést til annarra minja innan túns Græningarðs en leifa af kálgarði sem áfastur var þró D. Garðaleifarnar eru á svæði sem er um 17x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Annars vegar er garður I sem er um 10 m langur og liggur austur-vestur. Hann er um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð, gróinn. Um 4 m sunnan við austurenda hans er garður II sem liggur í horn. Hann afmarkar svæði sem er um 7x11 m að stærð og snýr norður-suður. Garðurinn er um 1 m á breidd og um 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 11; Túnakort 1919; Ö-Hróðurnes, 1;<http://ferlir.is/?id=4285>

**GK-103:044** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga fjórða heima við bæinn. Jarðardýrleiki óviss. ... Fóðrast kann í kýr naumlega." Engar frekari upplýsingar fengust um býli þetta og er því ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Mögulega var þetta býli eitthvert þeirra býla sem skráð eru innan Stóra-Hólms undir öðrum númerum.

**Heimildir:**JÁM III, 104

**GK-103:045** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga hin þriðja heima við bæinn. Jarðardýrleiki óviss. ... Fóðrast kann í kýr." Engar frekari upplýsingar fengust um býli þetta og er því ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Mögulega var þetta býli eitthvert þeirra býla sem skráð eru innan Stóra-Hólms undir öðrum númerum.

**Heimildir:**JÁM III, 103

**GK-103:046** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Afbýli heima við bæinn. Jarðardýrleiki óviss ... Fóðrast kann í kýr og í úngneyti ríflega." Engar frekari upplýsingar fengust um býli þetta og er því ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Mögulega var þetta býli eitthvert þeirra býla sem skráð eru innan Stóra-Hólms undir öðrum númerum.

**Heimildir:**JÁM III, 103

**GK-103:047** hleðsla óþekkt 64°02.124N 22°34.365V

Stutt hleðsla er við suðausturhorn nyrðra Leiruvatns. Hún er um 50 m SSA við hleðslu 072.

Hleðslan er við vatnsbakka, í móa.

Hleðslan er neðarlega í litlum slakka. Hún er ógreinileg en greina má um 3 m langa steinaröð, um 40 sm breiða og 40 sm háa. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hleðslan var gerð. (Hleðslan er númer 073 í skýrslu frá 2006).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:048** *Melshús* þúst bústaður

64°02.473N 22°35.396V

"Tómthúsið Melshús var skammt suðaustur af Grænagarði [043]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti voru þrjú útihús (B-D) með áföstum kálgarði og gata (E) innan túns, auk bæjarins (A). Melshús eru um 750 m suðaustan við Stóra-Hólma 001.

Bærinn var í dálítilli lægð nærri suðausturjaðri golfvallar. Vegarslóði liggur fast suðvestan við bæjarstæðið. Melshús eru merkt á túnakort frá 1919 og snýr bæjarröðin nær austur-vestur. Samkvæmt kortinu voru tún býlisins 0,3 teigar og kálgarðar þess alls 860 m<sup>2</sup>. Minjarnar sem tilheyrðu býlinu eru á svæði sem er um 70x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Búið er að slétta úr rústum Melshúss (A) en þær voru líklega fast við veg sem enn er notaður, rétt áður en hann beygir að Bergvík 020. Bæjarstæðið er í dálítilli lægð og í henni er bunga sem gefur til kynna staðsetningu bæjarins. Steinar sjást í grassverðinum og hart er undir sverði en ekki sést móta fyrir veggjum. Ofan við bæinn til norðausturs kunna að vera kálgarðs- eða túngarðsleifar en í jaðri golfflatar er dálitill kantur sem er um 55 m á breidd og er hæstur um 0,4 m. Hann liggur suðaustur-norðvestur. Að öðru leyti sést ekki til minja í túni Melshúsa en afar líklegt er að mannvistarleifar séu enn undir sverði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 11; Túnakort 1919.

**GK-103:049** *Borgin* örnefni fjárskýli

64°02.056N 22°35.812V

"Hinir Berghólarnir eru svolitlu vestar en Gapastokkur [051]. Syðsti hóllin af þeim var nefndur Borgin og var hann hafður fyrir mið norður í Leirum," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er fast við girðingu sem afmarkar lóð sem afmörkuð er fyrir Helguvíkurálver, á milli hennar og Garðsbrautar. Tóft 062 er um 100 m austan við hann.

Mikið rask hefur orðið allt í kringum hólinn og hætt við því að minjar í kringum hann séu horfnar, hafi þær verið þar.

Ekki sést til minja á hólnum eða umhverfis hann. Hóllinn er fremur flatur að ofan og minnir ef til vill á borg úr fjarlægð og er mögulegt að "Borgar-örnefnið" sé einfaldlega þannig tilkomið en að eiginlegar borgir hafi ekki verið á þessum slóðum. Þetta er hins vegar ekki unnt að sker úr um.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 13

**GK-103:050** *Álfakirkja* huldufólksbústaður huldufólksbústaður

64°02.363N 22°34.964V

"Austsuðaustur af Gapastokk [051] er stór ílangur klettur, sem er eins og hús í laginu. Svólíttill hnúður var á norðvesturenda hans. Steinn þessi var nefndur Álfakirkja," segir í örnefnaskrá. Steinninn er um 1,1 km suðaustur af bæ 001 og um 175 m suðaustur af Gapastokk.

Steinninn er neðarlega í grösugri brekku þar sem er nokkurt stórgrýti. Skammt er niður að sjávarbrún til austurs og er snarbratt niður í sjó.

Steinninn er um 2,5x1,3 m að stærð, snýr NNV-SSA, og er um 1,6 m á hæð. Steinninn er burstarlaga, eða líkur tjaldi í lögun. Hliðar hans eru sléttar á yfirborði en SSA-endinn er hrufóttur. Lækkar lítillega til NNV.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 13



*Álfakirkja 050. horft til SSV*

**GK-103:051** *Gapastokkur* tóftir aftökustaður

64°02.397N 22°35.166V

"Hólmsberg endar til norðurs í Berghólum [sjá 062], en svo heita fjórir hólar í suðsuðvestur frá Bergvíkurbæ [020]. Hóllinn næstur Bergvíkurtúni, beint upp af Gónhól, var nefndur Gapastokkur. Hann var hár og klettóttur sjávarmegin og illfær. Vel var gengt upp á hann annars staðar. Símon [Guðmundsson] telur, að nafn sitt dragi hann af því, að strákar hafi farið nokkuð djarflega framan í honum og sýnt gapaskap... Huldufólkstrú lá á þessum hól." segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum aftan við skrána segir: "Ófeigur [Ófeigsson] taldi sennilegra að á Gapastokk hefði eitt sinn verið gapastokkur fremur en hann dragi nafn af gapaskap stráka." Gapastokkur er um 975 m suðaustan við bæ 001.

Gapastokkur er skammt sunnan við enda golfvallar, austastur Berghóla. Frá honum er ekki langt austur í sjó.

Hóllinn sjálfur er allstór, um 20x15mm að stærð að ofanverðu, snýr norðvestur-suðaustur. Snarbratt og hátt er niður af honum til austurs þar sem við tekur grýtt urð niður að sjó. Á hólnum vestanverðum eru tvær tóftir. Minjar eru á

svæði sem er um 10x5 m og snýr NNA-SSV. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Tóft A er vallgróin en sést í einstaka grjóti. Hún er einföld, um 5x4 m að stærð, snýr NNA-SSV. Op er á henni til SSV. Hún er hlaðin utan í klöpp sem myndar vesturvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Umhverfis tóftina er jarðvegstorfa sem rof er í á nokkrum stöðum. Fast NNA við hana er líkast tóft en kann einnig að vera gróið rof. Tóftin er um 3x3,5 m að innanmáli en ekki sjást skýrir veggir. Hún snýr NNA-SSV og mjókkar til NNA. Ekki er veggur í SSV-enda. Veggir eru ógreinilegir en mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftirnar þjónuðu en ef til vill hefur verið fjárskýli í tóft A. Erfitt er að segja nokkuð um það með vissu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 12, 14.

**GK-103:052** *Brandsbær* heimild um bústað 64°02.516N 22°35.179V

Ofan Guðrúnarkots [054] var Brandsbær. Þar var bekkhús," segir í örnefnaskrá. Brandsbær var að líkindum um 30 m norðaustan við Bergvík 020 og um 840 m suðaustan við bæ 001.

Bærinn var í suðausturhorni golfvallar, sunnan við allháan hól sem þó er ekki mikill um sig.

Ekki sjást minjar um Brandsbæ á golfvellingum og líklega hefur verið sléttað úr þeim við gerð vallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 12

**GK-103:053** *Ólafshús* þúst býli 64°02.593N 22°35.293V

"Dálitlu fyrir suðaustan Melbæjarblett [sjá 102:024] var lítið kot, kallað Ólafshús," segir í örnefnaskrá. Ólafshús eru merkt á túnakort frá 1919. Samkvæmt kortinu voru tón býlisins 0,14 teigar og kálgarðar þess alls 700 m<sup>2</sup>. Túnið sem tilheyrði býlinu er samkvæmt túnakorti um 60x50 m að stærð og sneri norðvestur-suðaustur. Bæjarhúsin voru í miðjum suðausturenda þess. Auk bæjarhúsanna voru innan túns þró (B), brunnur (C), brunngata (D) og gata (E) til suðvesturs frá bænum eftir túninu.

Býlið var þar sem nú er norðausturjaðar golfvallar Golfklúbbs Suðurnesja.

Allar byggingar á bæjarstæðinu A hafa verið rifnar eða sléttað úr þeim en á snöggt slegnum golfvellingum má sjá móta fyrir 4-6 húsveggjum sem liggja samsíða á svæði sem er um 20x20 m að stærð. Fyllt hefur verið upp í brunninn B og gróið er að mestu yfir hann. Enn sést lítil þúst með grjóti í sem er um 1,5x1 m að stærð og um 0,1 m á hæð, snýr VSV-ANA. Ekki sést til annarra minja sem voru innan túns Ólafshúsa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 11; Túnakort 1919.

**GK-103:054** *Guðrúnarkot* bæjarstæði bústaður 64°02.523N 22°35.144V

"Við Bergvík [020] voru þrjú tómtús. Guðrúnarkot stóð næst sjónum, upp af áður nefndu Stekkjarnefi [sjá 019]," segir í örnefnaskrá. Guðrúnarkot var um 30 m vestan við Stekkjarnef 019, um 60 m norðaustan við Bergvík 020 og um 856 m suðaustan við bæ 001.

Guðrúnarkot var þar sem nú er norðausturhorn golfvallar Golfklúbbs Suðurnesja.

Ekki sést til minja um Guðrúnarkot og er líklegt að sléttað hafi verið úr þeim við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 12

**GK-103:055** *Dalur* heimild um vatnsból 64°02.533N 22°35.689V

"Dálitið kvos er frá suðri til norðurs er skammt fyrir suðvestan Lindarbæ [032]. Melar eru á milli hennar og Lindarbæjar. Í þessari kvos er vatnsból, sem nefnt er Dalur ... Í dal var stundum sótt vatn til drykkjar og þveginn þvottur," segir í örnefnaskrá Innleiru. Í örnefnaskrá Hróðurness segir ennfremur: "Norður af Lindarbrekku er Dalur. Í honum er þvottaklettur." Á heimasíðu Ferlis segir: "Norður af Bergvík [020] var Grænigarður eystri og vestari [043] og þá Lindarbær [032]. Vatnsbrunnurinn [029], fállega hlaðinn, er í Dalnum. Í leysingum fór Línækur þar niður um. Í Dalnum var stundum þveginn þvottur." Mögulega var vatnsból og þvottastaður á milli nýlega hlaðinnar steinbrúar og lítills veitingaskála í Dalnum, um 500 m suðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst hvort Vatnsbrunnurinn 029 hafi verið á sama stað og er hann því skráður sér.

Mjó lækjarspræna rennur í lítilli dalkvos úr stíflu sem hlaðin er neðan brúar. Lækurinn rennur í tvær litlar tjarnir við veitingaskálann.

Í Dalnum hefur landslaginu mikið verið breytt en aðgengi virðist nokkuð gott og flatur blettur með grónum klöppum er við lækinn þar sem líklegt er að þvottur hafi verið þveginn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Innleira, 11; Ö-Hrúðurnes, 1.

**GK-103:056** garðlag traðir 64°02.705N 22°36.034V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir við vesturmörk Garðhúsatúns GK-108 til norðurs að Stóra-Hólmi 001. Garðlag er enn sýnilegt meðfram vegi að áhaldahúsi golfvallar. Það er í jaðri Kötluhólstúns 006. Garðurinn er nokkuð sokkinn. Girðing liggur eftir honum endilöngum. Hann er sleginn þegar komið er inn á lóð áhaldahúss og algróinn eins og annars staðar. Hann er um 75 m langur, liggur nálega norður-suður. Hann er um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Ekki sést í grjóthleðslur en hann hefur án vafa verið grjóthlaðinn. Hinn traðargarðurinn er horfinn vegna bygginga og annars rasks.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks  
**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-103:057** Stóravör renna lending 64°02.450N 22°35.122V  
"Suðaustan við Stekkjarnef [019] er Bergvík [sjá 020]. Aðeins suðaustar í vikinni er Stóravör. Það hafði verið miklu betri lending hér áður en í Bergvík, en þar hafði sjór gengið svo á landið, að ekki var lengur hægt að hafa þar skip," segir í örnefnaskrá og síðar: "...Stóravör er beint niður undan Gónhól og þóttust menn þar oft heyra mannamál og áraglamur að og frá landi, einkum að kvöld- og næturlagi. Trúðu menn, að þar væri huldufólk úr Gapastokk [051] á ferð."  
Vörin er suðvestast í Bergvík og liggur alveg að bakka en sjórinn hefur grafið sig undir bakkann og slútir hann yfir fjöruna sem á þessum stað er malarfjara en aðflutt stórgrýti er þar einnig til að varna frekara landbroti. Vörin er um 50x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki var hægt að greina dýpt hennar vegna flóðs.  
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots  
**Heimildir:**Ö-Innleira, 5, 12.

**GK-103:058** Krossbrekka hleðsla bústaður 64°02.743N 22°35.838V  
"Krossbrekka var tómhús, neðanhallt í miðju túni, á milli lendingar [013] og gamla bæjar [001]. Heldur ofan en á þeim stað er nú nýja húsið á Stóra-Hólmi," segir í örnefnaskrá. Líklega hefur býlið staðið um 180 m suðaustan við bæ 001, fast neðan (austan) við síðasta bæjarstæði Stóra-Hólms.  
Krossbrekka var við eða á síðasta bæjarstæði Stóra-Hólms þar sem enn standa ýmsar byggingar. Bæjarstæðið er nú inni á miðjum golfvelli, nánar tiltekið á milli æfingavallar og aðalvallar.  
Ekki sést til minja um bæinn en þar sem hann var er kantur, mögulega af kálgarði sem kann að hafa tilheyrt honum þó að ekki sé hægt að segja neitt um það með vissu. Kanturinn liggur til suðurs um 6 m og til vesturs um 4 m. Kanturinn er grjóthlaðinn og hleðslur heillegar, ef til vill hefur þetta tilheyrt síðasta bæ Stóra-Hólmi og verið mögulegur grunnur undir hús. Hleðslur eru um 0,8 m á hæð. Aðeins sjást 3 umför. Á uppdrátt Ófeigs J. Ófeigssonar er býlið merkt litlu norðar en kanturinn. Þar er steypur brunnur sem kann að hafa tilheyrt býlinu upphaflega. Aðrar minjar er ekki að sjá. Yfir meintum brunni er viðarhlemmur sem er um 1x2 m að stærð, snýr norðastur-suðvestur.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks  
**Heimildir:**Ö-Innleira, 9; Ófeigur J. Ófeigsson: uppdráttur

**GK-103:059** Leiruhólmi heimild um KAUPSTAÐUR 64°03.036N 22°35.831V  
Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Fyrir framan Leiruna liggur hólmur sá, er jörðin (máské heldur) tekur nafn af, og kallast Leiruhólmi; hann var áður grasi vaxinn, sem enn þá sér vott til. Höfðu þar þýzkir haft fyrr meir verzlunarbúðir sínar á sumrum og lagt skipum sínum við: hafa rústir eftir þá allt til skamms tíma sést." Í Íslenskum sögustöðum segir ennfremur: "Milli Keflavíkur og byggðarinnar "Leiru", sem er þekkt fyrir góðan fiskafla, gengur bratt fjall, "Hólmsberg", fram í sjóinn, þar er fuglatekja og eggja, einnig fiskveiði undir fjallinu. Á hólma fyrir landi eiga að sjást minjar frá þeim tíma er Hansakaupmenn höfðu þar verzlunarbúðir." Leiruhólmi er um 560 m norðaustan við bæ 001.  
Allt að því gróður- og jarðvegssnaður klappar- og klettahólmur.  
Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvar minjarnar voru á hólmanum sem er um 290x130 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hægt að komast út í hólmann þurrum fótum en frá landi sjást ekki neinar skýrar mannvirkjaleifar í hólmanum. Þar sem hólminn er orðinn að mestu gróður- og jarðvegssnaður vegna landbrots eru litlar líkur til þess að þar séu enn einhverjar mannvistarleifar. Það er engu að síður mikilvægt að farið verði út í hólmann og hann kannaður betur.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots  
**Heimildir:**SSGK, 73 ; KK I, 23

**GK-103:060** hleðsla legstaður 64°02.756N  
22°35.920V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Stórhólmur er með elztu jörðum (og er mælt að hana hafi byggt fornmaður nokkur, sem Hólmkell hafi heitið og skal vera heygður þarna í túninu)." Samkvæmt merkingum á loftmynd eftir Ófeig J. Ófeigsson er talið að legstaðurinn sé þar sem nú sést stutt hleðsla í túni, á golfvelli.

Mínjarnar eru um 115 m austan við bæ 001.

Mannvirkið er á æfingagolfvelli, skammt sunnan við yngsta bæjarstæði Stóra-Hólma. Það er norðaustast á litlum hól sem snýr norðaustur-suðvestur.

Grjóthlaðið garðlag eða veggþútur er á meintum legstað.

Garðlagið er um 8 m langt og um 1,5 m á breidd. Það snýr norður-suður, mjókkar til suðurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Vestari hleðslubrún er nokkuð skýr en óskýrari á austurbrún. Ekki sést fjöldi umfara.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:**SSGK, 73; Ófeigur J. Ófeigsson: uppráttur



*Hleðsla 060. horft til vesturs*

**GK-103:061** hleðsla óþekkt 64°02.143N 22°35.666V

Stutt grjóthleðsla er í Berghólum, um 155 m austan við þjóðveg.

Hleðslan er á mel, við vegarslóða.

Hleðslan er hlaðin úr stóru grjóti, sem hefur verið tekið úr klöppunum í kring. Hún er aflöng, liggur austur-vestur, 6 m löng og um 50 sm breið og 50 sm há. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-103:062** tóft óþekkt 64°02.119N 22°35.671V

Tóft er í Berghólum, 150 m austan við þjóðveg, og rúmum 50 m SSV við hleðslu 061.

Tóftin er á grónum og þýfðum klapparhól.

Tóftin er merkt "Berghólar". Hún er tvískipt. Norðurhlutinn er nánast hringlaga, um 9 m í þvermál, en til suðvesturs gengur áföst, aflöng tóft, 10 m löng og 5 m breið. Hleðslan er hæst 1 m.

Tóftin er grasi gróin og sigin. Inn í hringtóftina hefur verið hlaðið óreglulegum grjótvegg. Gólfíð í langtóftinni er fremur slétt, en í miðri hringtóft er stór þúfa eða upphækkun. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi tóft hefur verið hlaðin en á heimasíðu Ferlis segir að þarna hafi verið fjárskjól.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**<http://ferlir.is/?id=4285>



*062 horft til vesturs*

Tóft

**GK-103:063** hleðsla óþekkt 64°02.086N 22°35.644V

Hleðsla er 180 m austan við þjóðveg, og 60 SSV við tóft 062 í Berghólum.

Hleðslan er á blásnum og gróðurlitlum mel.

Hleðslan er úr grjóti, mjög ógreinileg, en virðist vera leifar af blásinni tóft. Hún hefur líklega verið um 12 m löng, en breidd er ógreinileg. Ekkert er hægt að segja um tilgang mannvirkisins.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-103:064** varða samgöngubót 64°02.049N 22°35.576V

Varða er 220 m austan við þjóðveg og 90 m SA við hleðslu 063.

Varðan er á hárra grasi vaxinni klöpp í grýttu og gróðursnauðu holti, við gamlan veg.

Varðan er mjög heilleg. Í henni eru um 6 umför af meðalstóru grjóti. Hún er ferhyrnd, um 1x1 m neðst, þar sem hún er breiðust, og um 1,2 m há.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:065** varða óþekkt

64°02.143N 22°35.312V

Vörðubrot er 290 m austan við Þjóðveg, og 80 m norðaustan við vörðu 064.

Vörðubrotið er á gróðurlitlum klöppum.

Lítið er eftir af vörðunni. Hleðslan er nú um 1x0,5 m að stær og 40 sm há. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:066** tóft óþekkt

64°02.393N 22°35.182V

Tóft er um 400 m norðvestan við Ritunýpu, á kletthól við sjó.

Tóftin er á grasi grónum hól.

Tóftin er ferhyrnd og um 4 m á kant. Veggir hennar eru um 50 sm breiðir og 50 sm háir. Rof er í veggina við suðausturhorn tóftarinnar. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin þjónaði.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-103:067** tóft óþekkt

64°02.391N 22°35.181V

Tóft er um 300 m norðvestan við Ritunýpu en 5 m sunnan við 066.

Tóftin er á grónum bletti, og liggur við klett.

Tóftin er 4x3 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni á suðausturhlið. Veggir eru um 40 sm háir. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en hún minnir talsvert á stekk.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-103:068** þúst óþekkt


64°02.353N 22°34.990V

Þúst og hrundar grjóthleðslur eru um 30 m suðvestan við Álfakirkju 050.

Minjarnar eru á milli klapparhóla sem mynda skeifulaga náttúrulegt aðhald, í brekku mót norðaustri.

Klappirnar mynda aðhald sem er um 14x10 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þeirra eru sléttir og lóðréttir. Fremst, norðaustast, í aðhaldinu er þúst og í henni sjást niðurfallnar grjóthleðslur. Þústin er um 5x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hæst er hún um 2 m til norðausturs. Gróið er yfir hana að mestu leyti en í suðausturenda sjást grjóthleðslur sem liggja í horn, eru um 5x3 m og snúa norðaustur-suðvestur. Út frá miðjum langvegg er um 1 m löng hleðsla sem liggur til norðvesturs. Hleðslan virðist mynda hól uppi við suðaustur-klapparvegg sem er um 2x5 m að innanmál, snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda eru tvö stór jarðlæg björg sem ef til vill hafa verið hluti af hleðslunni. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m og sjást tvö umför. Þarna er a.m.k. 1 hól sem er um 2x1,5 m að innanmáli.

**Hættumat:** engin hætta



**GK-103:069** varða óþekkt

64°02.020N 22°35.318V

Vörðubrot er á grónum klapparhól, um 410 m austan við þjóðveg, og 220 m suðaustan við við 064. Óljósar leifar af vörðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:070** varða óþekkt 64°01.956N 22°35.524V

Vörðubrotið er við vegarslóða, 220 m austan við þjóðveg, og 150 m SSA við vörðu 064.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:071** hleðsla óþekkt 64°02.073N 22°34.392V

D-laga hleðsla er við austurströnd syðra Leiruvatns.

Hleðslan er við vatnsströnd, í móa.

Hleðslan er lítil og ósjáleg. Hún er D-laga og í henni má greina 2 umför af laushlöðnu grjóti um 2 m á hvorn veg. Beina hliðin snýr í vestur. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hleðslunni var hrúgað upp.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-103:072** hleðsla óþekkt 64°02.163N 22°34.419V

Hleðsla er á austur bakka nyrðra Leiruvatns.

Hleðslan er í móa við vatn.

Hleðslan er óveruleg, í raun bara hleðslubrot. Grjótið er laushlaðið og er hleðslan um 1 m löng. Hún er 30 sm há. Ekki er vitað í hvaða tilgangi grjótinu var hlaðið saman.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## **GK-104 Litli-Hólmur (Minni Hólmur)**

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. JÁM III, 100. 1847, hjáleiga Stóra Hólms, JJ, 88. 1703: "Litleholmur, háflenda svokölluð, af því þar er ekki fyrirvar nema til helmings á móts við lögbýlisjörðum, og heyrir þessi hjálenda undir Stórahólms [GK-103], so að ábúandinn á Stórahólmi tekur bæði landsskuld og leigur, og stendur í svari fyrir hvorutveggja til umboðsmannsins á Bessastöðum." JÁM III, 100.

Túnakort 1919: Tún 2,9 teigar, garðar 1300m<sup>2</sup>.

**GK-104:001** *Litli-Hólmur* bæjarhóll bústaður

64°02.948N 22°36.233V

"Bærinn stóð á háum hól og var norðurhluti hans öskuhaugur. Húsið sem nú er stendur aðeins ofar á hólnum en gamli bærinn," segir í örnefnaskrá. Bærinn sem merktur er á túnakort frá 1919 (002) er 10-15 m sunnan við bæjarhólinn og er væntanlega það hús sem nefnt er í örnefnaskrá. Á túnakorti er kálgarður fast sunnan við bæjarhólinn og vestan við bæjarstæði 002 og er hann skráður með því. Síðasti bærinn í Litla-Hólmi brann fyrir nokkrum árum og var rifinn í kjölfarið. Malarplan er þar nú, sem og að hluta innan kálgarðs vestan hans.

Bæjarhóllinn er allhár hóll sem er náttúrulegur að miklu leyti. Frá bæjarhól hækkar landið lítillega upp að vegi til vesturs. Umhverfis bæjarhólinn eru grasivaxin tún en klapparhólar eru víða í því og það er mishæðótt. Bæjarhóllinn er að því er virðist að miklu leyti náttúrulegur. Hann er um 14x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Um 15 m breiður rani liggur til norðausturs frá bæjarhólnum. Hann er um 12 m langur og um 15 m breiður og kann að vera hluti af bæjarhólnum og má vera að mannvistarleifar sé einnig að finna þar. Hátt er fram af tanganum til norðausturs. Bæjarhóllinn er um 2 m á hæð að norðaustanverðu þar sem skýr mörk eru á honum og kann að hafa verið garðlag þar. Á bæjarhólnum er grjóthlaðið hús I undir þaki sem merkt er á túnakort og ætla má að hafi verið hluti af gamla bænum. Timburþak með bárujárnri er á húsínu. Samkvæmt Theódóri Guðbergssyni, heimildarmanni, hafði Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti og



*Bæjarhóll 001 og bæjarstæði 002, horft til norðausturs*

Þjóðminjavörður, mikinn áhuga á þessu húsi og var að gera það upp eftir að hann varð forseti Íslands. Múrað hefur verið yfir hleðslur á hluta suðausturveggjar. Húsið er um 6x4,5 m að stærð og veggir eru um 1,4 m á hæð. Upp að mæni eru 2,5-3 m. Fjöldi umfara er 10. Húsið snýr norðaustur-suðvestur. Á bæjarhólnum er einnig þúst II sem er um 12x16 m að stærð og snýr eins og höllinn. Næst húsi I á norðvesturhlíð þústar er grjóthleðsla og önnur slík er að hluta meðfram suðvesturhlíð. Þar sjást 3 umför hleðslu og efst á hleðslunni er múr á litlum hluta. Í suðausturenda sést móta fyrir tveimur hólfum sem eru annars vegar 6x2 að innanmáli og hins vegar um 5x2 að innanmáli og snúa norðaustur-suðvestur. Í norðurhorni sést móta fyrir vegg sem er um 4 m á lengd og liggur í hlykk frá suðvestri-norðausturs. Við norðvesturenda bæjarhóls eru steipt mannvirki (útihús 003 og 004) sem eru að litlu leyti á bæjarhól. Hleðslan er um 0,6 m á hæð en þústin er um 1,5 m há þar sem hún er hæst til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7; Túnakort 1919

**GK-104:002** bæjarstæði  
bústaður 64°02.935N 22°36.242V

"Bærinn stóð á háum hól og var norðurhluti hans öskuhaugur [001]. Húsið sem nú er stendur aðeins ofar á hólnum en gamli bærinn," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvenær bærinn var færður af bæjarhólnum þangað sem hann stóð áður en hann var rifinn en víst er að ekki

hefur það verið nógu lengi til þess að annar bæjarhóll næði að myndast. Síðasti bærinn var um 10-15 m sunnan við bæjarhólinn 001. Síðasti bærinn í Litla-Hólmi brann fyrir nokkrum árum og var rifinn í kjölfarið. Bærinn stóð þar sem nú er malarplan á milli tveggja kálgarða. Annar þeirra var áfastur bænum og er skráður með honum, hinn er skráður undir númerinu 012.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7; Túnakort 1919

**GK-104:003** mannvirki útihús 64°02.950N 22°36.254V


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús í vesturjaðri bæjarhóls 001 og sjást enn mannvistarleifar á þessum slóðum. Rústir hússins eru norðaustan við malarplan, í jaðri bæjarhóls 001 en afar grasgefið er á honum og umhverfis hann. Að öllum líkindum er það hús sem sýnt er á túnakorti það sama og leifar sjást af. Grunnur þess sést sem og norðvesturgafli. Rústin er um 3,5x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grasi vaxinn jarðvegsbingur er við suðvestur-langvegg og nær nokkuð inn í rústina. Ætla má að jarðveginum hafi verið rutt úr kálgarði sjá 001. Annað steinsteipt hús eða leifar þess eru austan við þetta hús og lítið sést eftir af því nema austurhorn. Það er um 8x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Saman eru þessar byggingaleifar á svæði sem er um 12x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:004** hleðsla útihús 64°02.952N 22°36.266V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m vestan við útihús 003. Þar var forgryfja og/eða salerni. Leifar útihússins eru á mörkum túns og bæjarhóls 001.



Bæjarhóll 001 auk útihúsa og kálgarða

Fast við norðvesturgöfl útihúss 003 er hlaðin gryfja en steipt plata er yfir henni og því ekki hægt að sjá ofan í hana. Gryfjan er um 3,5x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er um 0,2 m upp úr jörðinni. Þetta er að líkindum það mannvirki sem er sýnt á túnakorti þó að þar sé það ekki sýnt sambyggt útihúsi 003 en líklegast er að hús 003 hafi verið stækkað til norðvesturs eftir að túnakortið var gert.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:005** þúst útihús

64°02.945N 22°36.357V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 100 m vestan við bæ 001 og sést enn þúst á þessum stað.

Þústin er í túni skammt suðaustan við nýlega hestarétt úr tímri.

Allstór þúst er þar sem útihúsið stóð. Þústin er um 8x6 m að stærð og er um 1 m á hæð, snýr austur-vestur. Þústin er afar grasgefin eins og túnið umhverfis en ekki sjást hleðslur eða móta fyrir hólfum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:006** tóft naust

64°02.954N 22°36.155V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús, líklega naust, um 65 m austan við bæ 001.

Tóftin er hlaðin sunnan í klöpp í grösugu túni frammi á sjávarbakka.

Tóftin er um 6x4 m að stærð og er mesta hleðsluhæð um um 1 m. Mest sjást 3 umföer af hleðslu. Tóftin er grjóthlaðin og einföld, snýr suðvestur-norðaustur. Til norðausturs (í átt að sjó) er hleðsla aðeins 0,2 m á hæð og varla hægt að tala um vegg á þeim gaffli. Staðsetning tóftarinnar og gerð hennar benda eindregið til þess að hún sé af nausti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:007** brunnur brunnur

64°02.989N 22°36.268V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 80 m NNV við bæ 001.

Brunnurinn er í kvos milli klappa í grasi grónu túni.

Brunnurinn er grjóthlaðinn og hringlaga. Hann hefur verið byrgður að hluta en þó er hægt að sjá ofan í hann. Hann er um 3 m í þvermál að utanverðu en um 2 m að innanverðu. Hleðslur standa um 0,4 m upp úr jörðu. Múrað hefur verið ofan á efstu steinana og neðarlega í utanverðri hleðslunni, ofan jarðar, má einnig sjá svolítið af steinlími. Brunnurinn er 5-7 m djúpur og er vatn neðst í honum. Um 10 umföer af hleðslu sjást en neðst í brunninum er klöpp sem grafið hefur verið niður á og ef til vill brotið niður úr henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Brunnur 007, horft til suðvesturs*

**GK-104:008** gerði kálgarður

64°02.973N 22°36.340V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 85 m norðvestan við bæ 001.


Kálgarðurinn er í túni skammt austan við lágt klapparholt.

Kálgarðurinn er grjóthlaðinn. Hann er um 27x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan hans er lítið hólf fast við suðvesturlangvegg sem er um 10x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það stendur hærra en aðrir hlutar garðsins að innanverðu. Garðveggir eru víðast um 1m á breidd en sumstaðar allt að 2 m á breidd þar sem þeir eru útfattir. Veggir eru hæstir um 1 m á hæð. Hleðslur eru þó víðast hrundar.

Túngarður 019 gengur út frá suðvesturhorni og miðri austurlanghlið kálgarðsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919



**GK-104:009** Litla-Hólmsvör mannvirki lending

64°02.973N 22°36.156V

"Lending frá Litla-Hólmi var beint niður frá bænum ... Lendingin var kölluð Litla-Hólmsvör og var langmest mannvirki af öllum vörum í Leiru," segir í örnefnalýsingu. Í Undir Garðskagavita segir um vörina: "Litla-Hólmsvör er byggð af Páli bónda Jónssyni, er þar bjó á seinni hluta 19. aldar. Vörin er 50 m löng, 10 m breið og veggghæð einn til tveir metrar. Af þessu mikla mannvirki eru 20 metrar byggðir í sjó. Margir steinar í vegghleðslunni munu vege yfir 1 tonn, sumir allt að 2 1/2 tonn. Er hleðslan gerð af meistarahöndum og raunar hið mesta þrekvirki, svo að gengur undrum næst hvernig verkfæralaus maður hefur getað framkvæmt þetta." Vörin er merkt á túnakort frá 1919. Hún er um 80 m norðaustan við bæ 001.



*Litla-Hólmsvör 009, horft til austurs*

Vörin er í stórgryttri fjöru.

Vörin er um 10x30 m að innanmáli en var skráð á flóði og sást því ekki öll. Veggir hennar eru þráðbeinir og um 1,2 m á hæð þar sem séð verður. Gróf mól er í botni vararinnar og er hún að heita grjótlaus en henni er þó ekki haldið við af jarðeiganda. Hún snýr austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7. Undir Garðskagavita, 334; Túnakort 1919.

**GK-104:010** hleðsla sjóbúð

64°02.963N 22°36.165V

"Lending frá Litla-Hólmi var beint niður frá bænum [009] og voru þar einnig sjávarhús, fast suðaustan hennar - einnig nefnd pakkhús, en svo voru stærri sjávarhús kölluð á þessum slóðum," segir í örnefnaskrá. Húsin eru merkt á túnakort frá 1919. Leifar þeirra eru um 65 m ANA við bæ 001.

Mínjarnar eru á flötum, afar grasgefnum jarðvegsstalli austan við klapparhól. Stutt er til austurs í klappar- og grjótfjöru.

Húsin eru horfin en í háu grasinu má greina hluta af hlöðnum grunni sem er um 6x3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Aðeins sjást hlutar af austur- og norðurveggjum. Hleðslan er hæst um 0,3 m og sjást 2 umför. Hrunið hefur úr hleðslunni til norðausturs eða sjór grafið undan henni. Múrleifar eru ofan á hluta hleðslunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7

**GK-104:011** þúst traðir

64°02.964N 22°36.339V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir að bæ 001 úr vestri.

Traðirnar voru fast við kálgarð 008 í túni.

Traðirnar eru nú að mestu horfnar í tún en grjótdreif fast við kálgarð 008 kann að vera síðustu leifar þeirra. Dreifin er um 6x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki stendur steinn yfir steini.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:012** gerði kálgarður

64°02.934N 22°36.210V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast sunnan við bæjarhól 001.

Garðurinn er hlaðinn utan í hólrana sem liggur suðaustur-norðvestur í grasgefnu túni. Bæjarhóllinn er til norðurs og annar hól, nokkuð hár og brattur er til austurs. Á milli þess hóls og kálgarðsins er stór tréhlemmur og er brunnur þar undir en hann er ekki merktur á túnakort og er sennilega yngri en það og því ekki skráður sérstaklega.

Kálgarðurinn afmarkar svæði sem er um 11x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið er grjóthlaðið og hæst um 1,2 m að utanverðu. Mest sjást 4 umför. Á miðjum suðausturvegg er rof í garðinn og kann þar að hafa verið leið að brunnum áður nefnda.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:013** hleðsla

64°02.966N 22°36.167V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bryggja við lendinguna 009. Hleðslur suðvestan við vör 009 hafa mögulega verið hluti af bryggju en ekki eru önnur ummerki um hana sýnileg.

Minjarnar eru við sjávarbakka í viki suðvestur af vör 009.

Hleðslur eru á tveimur stöðum á svæði sem er 6x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Annars vegar eru hleðslur á horni sjávarbakka fast norðaustan við sjávarhús 010 og hins vegar litlu ofar, til vesturs í viki upp í allbratta brekku þar sem spilið var samkvæmt túnakorti. Fremri hleðslan I er um 3 m á lengd og um 0,6 m á breidd, 0,5 m á hæð. Mögulega hefur þessi hleðsla tilheyrt húsi 010. Efri hleðslan II er um 2 m vestan við þá neðri. Hún er einföld röð steina sem hefur ef til vill verið kantur meðfram vikinunni með spilinu. Hleðslan er um 2 m á lengd og snýr austur-vestur eins og hin. Hún er um 0,3 m á hæð og um 0,4 m á breidd. Ofar í vikinunni eru mikil klapparbjörg og fast sunnan við þau er grjótruðningur frekar en hleðsla sem að líkindum hefur verið rutt úr vikinunni.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:014** heimild um varnargarður

64°02.946N 22°36.123V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hlaðið undir sjávarbakkann á um 100 m löngum kafla til austurs frá nausti 006.

Gróinn sjávarbakki suðvestan við grýtta fjöru.

Ekki sést til minja en þær hafa horfið vegna landbrots.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:015** Aldamótagarðar garðlag túngarður

64°02.940N 22°36.458V

"Við suðvestur túnjaðar Litla-Hólms var mói. Um aldamótin síðustu var þar afmarkað svæði og hlaðinn grjótagarður allt í kring, (u.þ.b. 25 faðmar á kant). Hleðslan var kostuð af Landsjóði og var hugsuð sem atvinnubótavinna manna í Leirunni. ... Þarna voru síðar nefndir Aldamótagarðar. Seinna var byggt lítið bekkhús (líklega Reynistaður 027) í Aldamótagörðum. (Ath.: Bekkhús voru timburhús u.þ.b. 8-10 álnir á lengd og 5-6 álnir á breidd. Tæpast var manngengt út við súð. Gluggar voru á göflum, en ekki á hliðum. Yfirleitt var smáloft í risinu, frekar til að gera skýlla heldur en að þau væru nokkur geymslustaður. Venjulegast voru bekkhúsin hólfuð í tvennt - yfir um þvert)," segir í örnefnaskrá. Aldamótagarðar eru merktir á túnakorti sem viðbót við túnið á Litla-Hólma, um 140 m vestan við bæ 001. Reyndar er aðeins hluti svæðisins innan Aldamótagarða merktur sem tún og annar minni hluti merktur sem kálgarður. Aðrir hlutar voru flag og mói.

Aldamótagarðar eru á flatlendi milli túns Litla-Hólms og Garðsbrautar.

Aðeins sést garður meðfram einni hlið svæðisins sem samkvæmt túnakorti var 80x60 m að stærð og sneri norðaustur-suðvestur. Garðurinn er meðfram norðvesturlanghlið Aldamótagarða og liggur til suðvesturs frá túngarði 019 þar sem hjáleigurnar Móhús 017 og Litla-Hólmskot 016 eru. Garðlagið er um 77 m langt. Það er hrúnið og er 1-2 m á breidd, mest um 0,6 m á hæð og sjást 3 umföer hleðslu. Suðvesturhlið garðsins hefur að líkindum horfið við gerð Garðsbrautar og suðausturhliðin hefur horfið við gerð afleggjara heim að bænum 001.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 8

**GK-104:016** Litla-Hólmskot tóft býli

64°02.949N 22°36.398V

"Norðvestast í Litla-Hólmsstúni voru tvö tómtúskot. Var það efra kallað Litla-Hólmskot, en það neðra hét Móhús [017]. Örskammt var á milli þeirra. Kot þessi munu hafa farið í eyði nálægt 1916," segir í örnefnaskrá. Litla-Hólmskot var um 135 m vestan við bæ 001.

Býlið var í túnjaðri, fast við innanvert horn á túngarði 019. Seinna hefur túnið verið fært út til suðvesturs en norðvestan við það er gróinn mói. Býlisleifarnar eru á litlum náttúrulegum hól. Ein grjóthlaðin tóft er á bæjarstæðinu. Hún virðist einföld, er að miklu leyti hrunin. Tóftin er um 5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Stæðilegustu veggina á tóftin sameiginlega með túngarðinum. Í vesturvegg sést steinlím í hleðslunni og þar er hún hæst, um 1,3 m og sjást 6 umför. Ekki sést op á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 8

**GK-104:017** Móhús tóft býli

64°02.954N 22°36.394V

"Norðvestast í Litla-Hólmsstúni voru tvö tómthúskot. Var það efra kallað Litla-Hólmskot [016], en það neðra hét Móhús. Örskammt var á milli þeirra. Kot þessi munu hafa farið í eyði nálægt 1916," segir í örnefnaskrá. Móhús voru um 130 m vestan við bæ 001.

Býlið var í túnjaðri, fast við utanvert horn á túngarði [019].

Seinna hefur túnið verið fært út til suðvesturs en norðvestan við það er gróinn mói. Býlisleifarnar eru á litlum náttúrulegum hól. Ein grjóthlaðin, einföld tóft er á bæjarstæði Móhúsa. Hún er fast norðan við tóft Litla-Hólmskots, á sama hól. Tóftin er um 3,5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýr inngangur á tóftinni en hleðslur hennar eru illgreinanlegar nema í norðausturvegg sem er um 0,6 m á hæð og að innanverðu sjást 3 umför. Sá veggur er um 1 m á breidd en aðrir veggir eru um 0,5 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Þeir sjást varla vegna gróðurs. Þessi tóft virðist fornlegri en tóft Litla-Hólmskots.

Þeir sjást varla vegna gróðurs. Þessi tóft virðist fornlegri en tóft Litla-Hólmskots.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 8


**GK-104:018** Þórukot tóftir býli

64°02.967N 22°36.366V

"Í Litlahólmslandi eru hjáleigubýli Litlahólmskot [016] og Þórukot," segir í örnefnalýsingu Stóra-Hólms. Þórukot var að líkindum um 115 m norðvestan við bæ 001.

Býlið var fast suðaustan við lágt klapparholt, í grösugum móa skammt utan túns og vestan við kálgarð 008.

Minjar um býlið eru á svæði sem er um 40x12 m að stærð og snýr norður-suður. Á því eru tóft A, brunnur B og garðlag C. Bæjarstæðið er á lágum ílögnum hól, flötum að ofan sem snýr norðaustur-suðvestur. Einföld tóft A er í norðausturenda hans og fast við klapparholtið og í vesturhorni hólans er hlaðinn brunnur B. Frá brunninum er hrúnið garðlag C sem liggur til norðausturs stuttan spotta meðfram holtinu. Ekki eru greinanleg frekari mannvirki en suðvesturhluti hólans er mjög reglulegur og kann að hafa verið kálgarður hlaðinn á brúnir hans þó að ekki sjáist hleðslur. Tóftin A er um 5 m í þvermál. Veggir hennar eru greinanlegir á suðvestur- og norðausturhlíðum en síður annarsstaðar. Ekki er greinilegt op á tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m og lítið sést í grjót í greinanlegu veggjunum. Garðlag C er um 40 m langt og um 0,6 m breitt, ekki stendur steinn yfir steini. Það snýr norður-suður. Mögulega er þetta garðlag leifar af túngarði Þórukots. Við suðurenda garðlagsins er brunnurinn B sem er um 2x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, en hleðslur standa lítilllega upp úr umhverfi við suðvesturenda hans. Brunnurinn er um 1 m á dýpt en er þurr og gróinn og grjót hefur hrúnið ofan í hann. Ekki sjást fleiri en tvö umför hleðslu. Suðaustan við brunn er grjót á dreif og virðist hafa orðið nokkurt rask þarna ef marka má ummerki sem sjást á jarðvegi og gróðri. Óvíst er hverjir hafa sótt vatn í brunninn en líklega hafa það verið íbúar hjáleignanna Þórukots, Litla-Hólmskots 016 og Móhúsa



Litla-Hólmskot 016 og Móhús 017



Þórukot 018, horft til suðausturs

017.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Stóri-Hólmur, 1

**GK-104:019** garðlag túngarður

64°02.952N 22°36.386V

Túngarður sem er sýndur á túnakorti frá 1919 umkringdi allt tún Litla-Hólms ef frá er talin sú hlið sem sneri að sjávarbakkannum til norðurs.

Túngarðurinn er U-laga að sjó. Að vestanverðu liggur túngarðurinn fram á háan höfða við sjó en að austanverðu er túngarðurinn í brekku mót norðaustri.

Túngarðurinn er grjóthlaðinn og skiptist hann í tvo ólíka hluta. Annars vegar er austur- og suðurhluti túngarðsins og hins vegar er vesturhluti hans. Skilin milli hlutanna eru við núverandi afleggjara heim að bæ 001. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 195x195 m að stærð. Vesturhluti hans er að mestu leyti hruninn en ógróinn. Á milli afleggjara og Litla-Hólmskoti 016 hefur túngarðurinn verið rifinn en steinar sjást þar þó enn í sverði. Um 20 m sunnan við Litla-Hólmskots er hleðsla út frá túngarðinum, einföld röð stórra steina til austurs. Hún er um 10 m löng og 0,4 m á breidd. Á sama stað til vesturs er mögulega stétt eða húsgrunnur sem er um 2x5 m að stærð, snýr norður-suður, mjókkar til norðurs. Ef til vill er um að ræða grjót sem hrunið hefur úr garðinum eða verið ýtt út. Þar sem garðurinn stendur best á vesturhluta túngarðsins er hann einhlaðinn um 1,2 m á hæð, 0,5 m breiður og sjást 4 umför. Víðast eru þó hleðslur fallnar og eru þá um 1 m á breidd og 0,5 -1 m á hæð. Austur- og suðurhluti túngarðsins er grjóthlaðinn og vel gróinn. Hann er víða um 1 m á breidd og hæstur er hann um 1 m á hæð. Mest sjást 5 umför.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-104:020** garðlag vörslugarður

64°02.999N 22°36.392V

Garður liggur umhverfis móa norðvestan við heimatún Litla-Hólms. Hann liggur í sveig til norðausturs frá Litla-Hólmskoti 016 fram á háan sjávarbakkann.

Garðurinn liggur um grösugan og grýttan móa.

Garðurinn er grjóthlaðinn og stendur enn á nokkrum stöðum, tvöfaldur. Hann liggur norðaustur-suðvestur og er um 195 m langur. Með túngarði Litla-Hólms 019 afmarkar hann svæði sem er um 180x100 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar sem garðurinn stendur best er hann um 1,2 m á hæð og um 0,6 m breiður, sjást 5 umför. Breiðastur er hann 1-1,2 m þar sem mikið er hrunið úr honum. Gerði er áfast garðinum utanverðum, um 55 m suðvestan við norðausturenda. Það er um 9x18 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mjókkar lítillaga til austurs. Hleðslur eru hrundar, eru um 0,6 m á hæð og um 1 m á breidd víðast. Mest sjást 3 umför. Ekkert op er á gerðinu og kann þar að hafa verið kálgarður. Líklega hefur verið beitarhólf innan vörslugarðsins en ekki er ljóst hvort þarna hefur verið nátthagi.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-104:021** tóft óþekkt

64°03.024N 22°36.428V

Tóft og hleðsla eru um 45 m norðvestan við vörslugarð 020 og um 210 m norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á lágu klapparholti, grónu en stórgrýttu. Umhverfis er gróinn mói.

Minjarnar eru á svæði sem er um 15x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast er einföld grjóthlaðin tóft sem er um 3x4 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni til suðurs. Hleðslur eru hrundar. Mesta hæð veggja er um 0,6 m og mesta breidd um 1 m. Enn sjást 4 umför í hleðslu. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar en ef til vill hefur hún verið fjárskjól. Um 10 m austan við tóftina er lítill hleðsla, e.t.v. vörðubrot eða refagildra, sem er um 1 m á kant en lítillaga hefur hrunið úr henni til norðurs. Hún er um 0,3 m á hæð og sjást 2 umför.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-104:022** tóft útihús

64°02.993N 22°36.226V

Tóft er skammt ofan við sjávarbakka, um 100 m norðaustan við bæ 001.

Tóftin er á lágum klapparhól í grónu túni.



*Garðlag 020 og áfast gerði, horft til suðausturs*

Tóftin er einföld, grjóthlaðin og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er um 5x6 m að stærð og mikið hefur hrunið úr veggjum til norðurs. Að innanmáli er tóftin 3x1,5 m, opin til suðvesturs. Mesta heðsluhæð er um 1 m og sjást 5 umför. Tóftin er gróin en enn sést ágætlega í hleðslur. Óvíst er hvaða hlutverk tóftin hefur haft en þar sem hún er innan túns hefur hún að öllum líkindum verið útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-104:023** hleðsla óþekkt

64°02.985N 22°36.202V

Grjótdreif og hleðslur eru á sjávarbakkanum um 70 m norðan við bæ 001.

Minjarnar er í túnjaðri, frammi á sjávarbakka. Klappir eru til vesturs.

Minjarnar eru á svæði sem er um 16x10 m að stærð og snýr norður-suður. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Syðst á svæðinu er grjótreitur A sem gæti verið fiskreitir eða útflatt mannvirki. Grjótreiturinn er um 8x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í reitnum eru mikil björg og minni steinar á milli. Svæðið er nokkuð flatt og ekki sjást útlínur húsa eða hólfa. Hleðsla B er á sjávarbakkanum í framhaldi af grjótreitnum til norðurs. Hún er um 6 m löng, niðurfalinn. Upp af henni miðri og samtengd henni liggur ógreinileg hleðsla til vesturs, um 3 m löng og um 0,5 m breidd, ekki stendur steinn yfir steini. Premur metrum þar ofan við, til vesturs, er svo enn ein hleðslan C. Hún er hrúin og er um 12 m löng, liggur frá norðri til suðurs. Hún liggur meðfram lítilli hæð í halla mót sjó til austurs. Greinilegust er hleðslan nyrst þar sem hún er um 1 m á breidd en verður afar óskýr er sunnar dregur. Mesta hleðsluhæð er í hleðslu B á sjávarbakka, um 0,3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**GK-104:024** mannvirki lending

Vör er um 150 m norðan við bæ 001.

Vörin er í grýttri sandfjöru með ljósum sandi.

Vörin er um 7x15 m að innanmáli og snýr ASA-VSV. Hún er um 1 m djúp. Hún hefur líklega verið notuð af einhverri hjáleigunni.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**GK-104:025** hleðsla óþekkt

64°03.014N 22°36.265V

Grjóthleðsla er frammi á sjávarbakka, um 125 m norðan við bæ 001 og tæpum 30 m suðvestan við vör 024.

Hleðslan er utan heimatúns Litla-Hólms, niður við sjávarbakka, norðaustan undir háu klapparnefi sem skagar fram í fjöru.

Hleðslan liggur í horn og er um 2x2,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hleðslan hefur þjónað en ef til vill verið hluti af stærra mannvirki sem hefur hrunið fram af bakkanum. Hleðslan er um 0,6 m á breidd og um 0,3 m á hæð, mosa og skófum vaxið. Á loftmynd af svæðinu sést að mannvirkið er suðaustast í litlu túni að því er virðist. Þetta meinta tún er um 62x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gardur eða girðing virðist afmarka suðvesturhlið þess að hluta. Norðvestast í túninu virðast hafa verið tvær litlar tóftir þétt saman á svæði sem er um 10x7 m og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sást til þessara minja á vettvangi en á svæðinu vex mikið gras. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um þessar meintu minjar en vera kann að þarna hafi verið enn ein hjáleiga frá Litla-Hólmi.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**GK-104:026** hleðsla óþekkt


64°02.996N 22°36.219V

Undir sjávarbakkanum norðaustan við tóft 022 er hleðsla, mögulega tengd hleðslu í 023 eða hlaðin óháð henni sem varnargarður.

Hleðslan er undir sjávarbakkanum í grýttri klapparfjöru.

Hleðslan er um 3 m á lengd, um 0,6 m á hæð og 0,5 m á breidd. 3 umför sýnileg. Hún snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots



64°03.027N 22°36.251V



Lending 024, horft til ASA

**GK-104:027** *Reynistaður* frásögn bústaður

64°02.904N 22°36.407V

Samkvæmt Guðmundi Garðarssyni, heimildamanni, stóð býlið Reynistaður fast sunnan við núverandi afleggjara heim að Litla-Hólmi, í túni þar vestan við gamla túnið. Reynistaður er líklega bekkhúsið sem reist var í Aldamóttagörðum 015.

Býlið var í túni á milli Garðsbrautar og túngarðs 019.

Ekki sést til mannvirkja á staðnum en líklega hefur bærinn verið þar sem er gróðurlitill blettur í túninu og ber gróður þar umhverfis það með sér að þar hafi verið eitthvert mannvirki. Gróðurlausi bletturinn er um 7x8 m að stærð og snýr norður-suður. Afi Theódórs Guðbergssonar, núverandi eiganda Litla-Hólms, bjó á Reynistað. Á loftmyndum af bænum á GoogleEarth sem eru nokkurra ára gamlar sést hús þetta uppistandandi. Ekki fengust upplýsingar um það hvenær húsið var reist eða hvenær það var rífið.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-104:028** gerði kálgarður

64°02.880N 22°36.353V

Gerði, líklega kálgarður, er um 160 m norðvestan við bæ 001.

Gerðið er sem eyja á svæði sem líklega hefur verið jarðvegs- og malarnáma og er allt grafið í kringum garðinn en farið að gróa aftur.

Gerðið er gróið og ekki sjást hleðslur í honum. Hann er um 11x6 m að stærð, snýr austur-vestur. Ekki sést í grjót nema í norðausturhorni og þar sést í múrhúð ofan á steininum. Ekki er sýnilegur veggur í vesturenda garðsins. Veggir eru um 0,3 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Við norðvesturhorn er hlaðinn kantur sem er um 2 m á lengd, liggur norður-suður og er um 0,5 m á hæð, sjást 3 umför. Ekki er víst að hann tengist kálgarðinum. Innan garðs vex rabarbari.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-104:029** þúst legstaður

64°02.915N 22°36.243V

Theodór Guðbergsson, heimildamaður, man eftir álagabletti í heimatúninu sem var skipslaga. Samkvæmt munnmælum átti þar að leynast heiðið bátukuml. Theodór var ekki viss um hvar þessi staður var nákvæmlega en benti á lágan hól, afar grasgefinn í túninu, um 60 m suðvestan við bæjarhól 001.

Hóllinn er í grösugu túni.

Ekki er sýnilegt bátslag á hólnum en grasvöxtur sker sig nokkuð frá túninu umhverfis og vex þar hár puntur. Líklegt er að einhverjar minjar leynist hér undir sverði þó að e.t.v. sé ekki líklegt að það sé heiðið kuml. Úr því verður hins vegar ekki skorið nema með nánari rannsókn. Hóllinn er um 5 m í þvermál og um 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-105 Borghús (Bakkakot)**

Jarðarinnar er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. 1847, hjáleiga Stóra-Hólms, JJ, 88. Túnakort 1919: Tún 1,8 teigar, kálgarðar 1500m<sup>2</sup>.

**GK-105:001** *Borghús* bæjarhóll bústaður

64°02.866N 22°36.004V

Bærinn í Borghúsum er merktur á túnakort frá 1919 og snýr bæjarröðin norðaustur-suðvestur. Hann er um 215 m NNA við bæjarhól Stóra-Hólma 103:001.

Bæjarhóllinn er í grösugu litlu túni á flatlendi niður við sjó, skammt austan undir lágri klapparbrún. Afar grasgefið er á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er ekki ýkja afgerandi en er um 20x30 m að stærð og um 1 m á hæð. Á hólnum eru rústir bæjarins og garðlag. Að auki er útihús 007 á hólnum. Hóllinn snýr norðaustur-suðvestur. Bærinn stóð suðvestast á hólnum og af honum sjást steiptar byggingaleifar sem ná yfir svæði sem er um 12x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestast er steipt þró sem er um 5x4 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 1 m að dýpt en mikið drasl hefur verið sett í þróna. Fast við hana til norðausturs er steiptur grunnur



*Bæjarhóll 001, horft til norðausturs*

sem stendur um 0,3 m upp úr yfirborði og er um 8x7 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthlaðinn garður liggur á milli þessara mannvirkja og útihúss 007. Hann er um 7 m langur og um 1 m á breidd. Hann er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Ekki fengust upplýsingar um gerð eldri bæjar sem að líkindum hefur verið á sama stað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-105:002** *Bakkakotsvör* mannvirki lending  
Vör er merkt á túnakort frá 1919, beint norður af bæ 001. Í örnefnalýsingu segir: "Þegar lágsjávað var, kom upp sandfláki mikill út í Leirhólma. Bakkakotsvör er suðaustan til upp af þessum fláka, en hann var kallaður Bakkakotssandur ... Ekki var hægt að lenda í Bakkakotsvör fyrr en nokkuð var fallið." Lendingin er um 100 m norðaustan við bæ 001.

Næst landi er sandfjara en utar er grýtt klapparfjara. Austan við hana er Litli-Hólmur og skýlir hann lendingunni.

Allt grjót hefir verið fjarlægð úr vörinni og er sandur í botni hennar. Hún er um 40x10 m að innanmáli og um 1 m á dýpt. Vörin snýr ANA-VSV. Við NNA-kant hennar hefur múrlím verið sett í hleðslu til að halda henni í skefjum og viðarbryggja er ofan á megninu af kantinum. Hún er um 1 m á breidd og um 30 m löng.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort, Ö-Innleira, 2,3.

64°02.915N 22°35.947V



*Bakkakotsvör 002, horft til ANA*

**GK-105:003** vegur leið

64°02.875N 22°35.984V

"Frá Bakkakoti var gata niður í naust [004]," segir í örnefnaskrá. Gatan er merkt á túnakort frá 1919. Upphlaðinn vegur liggur frá brunni 010 að vör 002.

Leiðin liggur um flatlent tún milli bæjarhóls og fjöru.

Vegurinn liggur norðaustur-suðvestur. Hann sést sem grasi gróinn hryggur sem er um 23 m á lengd, um 1,2 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Ekki sést í hleðslur á veginum.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7; Túnakort 1919

**GK-105:004** heimild um naust

64°02.903N 22°35.992V

"Frá Bakkakoti var gata [003] niður í naust," segir í örnefnaskrá. Naustið var um 70 m norðaustan við bæ 001.

Þar sem naustið hefur að líkindum verið er sendin fjara nærri bakka. Undir bakkann hefur verið steiptur stokkur til varnar landbroti.

Ekki sést til minja um naust í fjörunni og man heimildamaður, Ásgeir Jóelsson, ekki eftir því. Líklegt er að það hafi horfið vegna landbrots.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7

**GK-105:005** heimild um sjóbúð

64°02.896N 22°35.981V

"Aðeins suðaustan við naustin [004] stóðu tvö sjávarhús. Var saltaður fiskur í því austara [006], en veiðarfæri geymd í hinu. Þessi hús voru pakkhús frá Bakkakoti," segir í örnefnaskrá. Húsið er merkt inn á túnakort og samkvæmt því skiptist það í fimm rými. Veiðarfærahúsið var tæpa 60 m NNA við bæ 001.

Frammi á sjávarbakkannum við endann á götu 003 er afar grösugt og þar er stæði fyrir bát og lítið hús sem Ásgeir Jóelsson notar til að salta í fisk.

Fiskhús Ásgeirs Jóelssonar stendur nú þar sem hús 005 stóð áður en ekki sést til þess húss sem skráð er á túnakort. Hús Ásgeirs er lítið blökkklætt hús sem er um 3x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Dyr eru á VSV gaffli og þil gengur út til VSV frá NNV langvegg, 2 m langt. Framan við inngang er grjótstétt og sést steypa inn á milli steina. Líklegt er að hús þetta standi á grunni þess gamla. Óvíst er hvenær hús 005 var rífið eða hvenær uppistandandi hús var reist.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7; Túnakort 1919

**GK-105:006** heimild um útihús

64°02.890N 22°35.974V

"Aðeins suðaustan við naustin [004] stóðu tvö sjávarhús. Var saltaður fiskur í því austara, en veiðarfæri geymd í hinu [005]. Þessi hús voru pakkhús frá Bakkakoti." segir í örnefnaskrá. Húsið er merkt á túnakort frá 1919. Salthúsið var um 50 m norðaustan við bæ 001.

Frammi á sjávarbakkannum við endann á götu 003 er afar grösugt og þar er stæði fyrir bát og lítið hús sem Ásgeir Jónsson notar til að salta í fisk.

Þau hús sem þarna stóðu eru horfin og sjást ekki á yfirborði. Líklega hafa þau verið rifin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 7; Túnakort 1919

#### **GK-105:007** tóft útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m norðan við bæ 001, á bæjarhólnum. Steinsteypar og hlaðnar leifar útihússins sjást enn á þessum slóðum.

Minjar um útihúsið eru á norðvesturenda bæjarhóls 001, í litlu grösugu túni.

Útihúsið er þrískipt tóft, að hluta hlaðin með sementslími og múr að utan en að hluta steinsteyp. Samtals er mannvirkid um 10x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er stærst, það er steinhlaðið, er um 6x6 m að innanmáli. Það er niðurgrafið og er um 1 m á dýpt en veggir standa um 1 m upp úr jörðu. Í norðurhorni eru þrjár tröppur niður í rýmið og lítill skúr hefur verið byggður inn í það sem er u 3x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fimm gluggar eða op eru á hólfinu, önnur en inngangurinn. Að utanverðu nema gluggarnir og opin við jörðu. Hólf II er í suðvesturenda, er steyp, um 2 m á dýpt, veggir nema við yfirborð. Það er um 5x4 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Í hólfið hefur verið reistur skúr sem er um 1,5x5 m að stærð og snýr eins. Ekki sést inngangur inn í það. Norðvestan við hólf I er lítið hólf III sem er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Það er steinhlaðið og með sementslími, hleðsluhæð um 0,7 m, ekki sést op.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

64°02.865N 22°35.995V



*Tóft 007, horft til suðvesturs*

#### **GK-105:008** garðlag kálgarður

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru 2 samliggjandi kálgarðar um 30 m norðaustan við bæ 001.

Kálgarðarnir eru á tiltölulega flötu og afar grasgefnu svæði milli bæjarhóls og túngarðs 014 og ná niður á sjávarbakka.

Samkvæmt túnakorti voru tveir samliggjandi kálgarðar fast við merkjagarð og sneru þeir norðaustur-suðvestur. Garður sem skildi kálgarðana að er enn uppistandandi sem og garður sem afmarkaði norðaustari garðinn til norðvesturs. Ekki er garður frammi á bakkannum og ekki er garður við suðvesturendann.

Túngarðurinn er enn uppistandandi, sjá 014. Garðarnir afmarka svæði sem er um 18x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þeir eru grjóthlaðnir og sjást hleðslur enn að miklu leyti en mikill gróður vex yfir þá. Þeir eru um 1 m á breidd og hæstir um 1 m, mest sjást 5 umför.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919

64°02.857N 22°35.965V



*Garðlag 008, horft til norðurs*

#### **GK-105:009** heimild um varnargarður

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hlaðið undir sjávarbakkann austan við vör 002. Hleðslan var um 55 m norðaustan við bæ 001.

64°02.891N 22°35.965V

Undan sjávarbakkanum til austurs er sendin og grýtt fjara.

Ekki sést til hleðslunnar undir bakkanum en undir honum er mikið grjót og kann eitthvað af því að hafa hrunið úr henni. Kantur hefur verið steypdur undir bakkanum og standa viðarstaurar upp úr honum. Kanturinn er um 1 m á hæð en er víða hrunninn og landbrot nokkurt þar sem hans nýtur ekki lengur við.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-105:010** brunnur brunnur

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 5 m norðan við útihús 007 og um 30 m norðan við bæ 001.

Brunnurinn er í túni í norðurjaðri bæjarhóls 001.

Brunnurinn er hlaðinn en allur gróinn svo lítið sést í hleðslur. Hann er um 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ofan í honum eru timburleifar og fleira drasl og sést ekki til botns í honum. Ekkert vatn virðist vera í honum. Mesta sýnilega dýpt er um 0,5 m og sjást 4 umför.

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-105:011** gata leið

64°02.858N 22°36.026V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata frá bæ 001 til suðurs að Nýlendu 106:001.

Leiðin liggur að hluta í sléttu túni og að hluta um grýttan móa í brekku á milli Nýlendu og Bakkakots.

Þar sem leiðin liggur frá Bakkakoti til suðvesturs liggur nú bíslóði að hluta. Á merkjum milli Nýlendu og Bakkakots er hlið á garði 015 þar sem leiðin lá. Við hliðið sést móta fyrir götu í átt að Nýlendu um grýttan móa í brekku. Gatan er um 1 m á breidd og um 0,2 m djúp.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919

64°02.870N 22°35.982V



Brunnur 010 horft til suðvesturs

**GK-105:012** Steinar bæjarstæði býli



Steinar 012 (bæjartóft), horft til norðurs


"Suðvestur af miðju Bakkakotstúni voru þrjú tómhúskot frá norðaustri til suðvesturs. Nokkrir faðmar eru á milli þeirra. Næst Bakkakoti var Traðarkot [016], þá Steinar og fjær Hábaer [017]," segir í örnefnaskrá. Steinar eru merktir á túnakort frá 1919 um 240 m suðvestan við Bakkakotsbæ 001. Samkvæmt túnakortinu voru tún Steina 0,16 teigar og kálgarðar 220 m<sup>2</sup>.

"Steinar fóru í eyði 1930," segir í örnefnaskrá Stóra-Hólms. Steinar eru um 155 m vestan við bæ 001.

Býlið stendur skammt austan við bergtungu í þýfðu og grýttu túni.

Býlið og minjar sem því tengjast eru á svæði sem er um 75x85 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan

64°02.851N 22°36.190V



Steinar 012

túngarðs D eru tvær tóftir A og B, þró C og kálgarðar E og F. Tóft A er bæjartóftin, hún er grjóthlaðin og þrískipt. Hún er um 11x7 m að stærð og snýr ASA-VNV. Á miðri tóftinni er inngangur eða göng og er gengið úr þeim til ANA inn í hólf I. Það er um 3,5x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA eins og önnur hólf. Í SSA-enda er hleðsla, um 1,5x1 m að stærð og um 0,3 m á hæð, snýr þvert á hólfid. Hólf II er í miðri tóft, það er um 5x1,5 m að innanmáli og er breiðast innst. Gengið er úr því til VSV inn í hólf III sem er stærst. Það er um 5x2,5 m að innanmáli. Ekki er veggur fyrir SSA-gafla þess hólf. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m og mest sjást 6 umför. Kálgarður E er framan við bæ til SSA og er hann um 12x14 m að stærð, snýr ASA-VSV. Ekki er hleðsla fyrir ASA-enda en hleðslan er um 1m á hæð og breidd, grjóthlaðin en gróin og grasi vaxin. Tóft B er fast norðvestan við tóft A. Hún er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 7x3 m að stærð, snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 5 umför. Í norðurenda er hólf I, um 1,5x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur, opið til austurs. Hólf II er um 1,5 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður, opið til austurs. Við norðausturhorn er dálítill grjótpúst sem er um 3x1 m og snýr austur-vestur. Samkvæmt túnakorti var þarna hólf sem tilheyrði byggingunni. Norðan við bæjartóft og vestan við útihúsatóft er kálgarður F. Hann er um 14x10 m að stærð og er afmarkaður af útflötu gerði að mestu leyti. Gerðið er greinilegt þar sem það liggur út frá bæjartóftinni til VSV. Þar er garðurinn algróinn og er um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Kálgarðurinn tengist túngarði D. Túngarður Steina er grjóthlaðinn og afmarkar svæði sem er um 77x36 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Túngarðurinn er breiðastur um 1,5 m og hæstur um 1 m. Mest sjást 4 umför í hleðslum. Garðurinn er greinilegastur næst bæ en niðurfallinn og ógreinilegur á merkjum á móti Hábae 017 og þaðan norðaustur að bænum. Um 20 m suðvestur af tóft A er gryfja C sem er um 2x1 m að innanmáli og um 1,5 m að dýpt. Reft hefur verið yfir hana en það hrunið ofan í hana síðar. Ekki sést í hleðslur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 8-9; Túnakort 1919; Ö-Stóri-Hólmur, 1.

**GK-105:013** vegur leið

64°02.853N 22°36.149V

Gamall bílfær vegur liggur um túnið hjá Steinum 012 niður til Bakkakots 001.

Vegurinn liggur um móa og tún, niður brekku að túni Bakkakots.

Vegurinn sést á um 115 m löngum kafla. Hann liggur í gegnum túngarð Steina 012 D að vestan, og er hlaðið undir hann þar innan við á um 5 m löngum kafla. Þar sést ekki í hleðslur en vegurinn er um 0,3 m á hæð. Þá liggur leiðin meðfram kálgarði Steina 012 F og beygir niður brekkuna þegar komið er á móts við bæjartóft Steina 012 A og er hlaðið undir ytri brún vegarins einfaldri steinaröð sem er hæst um 0,3 m. Vegurinn er um 2 m á breidd. Við tún Bakkakots hættir vegurinn að sjást.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-105:014** garðlag túngarður

64°02.838N 22°36.035V

Túngarður Bakkakots liggur annars vegar á merkjum milli túns Stóra-Hólma GK-103 og hins vegar við brekkurætur neðan við hjáleiguna Steina 012 að merkjum móti Litla-Hólma GK-104.

Sá hluti túngarðsins sem er á merkjum Stóra-Hólma og Bakkakots er fast vestan við kálgarð 008. Golfvöllurinn í landi Stóra-Hólma nær alveg að garðinum. Hinn hluti túngarðsins er á mörkum milli mólendis og túns.

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 125x145 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stór hluti af suðvesturvegg túngarðsins er horfinn, að líkindum vegna útfærslu túnsins. Einnig er skarð í túngarðinn við barnaskólarúst í landi Nýlendu 106:003 en um það skarð liggur slóði heim að Bakkakoti. Garðurinn er grjóthlaðinn, 1-1,5 m á breidd en er víðast gróinn. Hæstur er garðurinn um 1,5 m. Mest sjást 2 umför í hleðslum. Lítill garðbútur liggur frá túngarðinum hjá barnaskólarústinni og að henni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-105:015** garðlag vörslugarður

64°02.866N 22°36.237V

Garður liggur á milli túngarðs Steina 012D og túngarðs Litla-Hólms 104:019. Garðurinn er um 185 m vestan við bæ 001.

Garðurinn er í flötu mólendi.

Garðurinn er um 50 m langur og liggur NNV-SSA. Með túngarði Steina (sjá 012D), túngarði Litla-Hólma 104:019 og túngarði Bakkakots 014 afmarkar hann svæði sem er um 74x97 m og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er grjóthlaðinn, hruninn að mestu. Hann er um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð þar sem hann er hæstur. Mest sjást 3 umför í hleðslum.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-105:016** *Traðarkot* tóftaþyrping býli

"Suðvestur af miðju Bakkakotstúni voru þrjú tómtúskot frá norðaustri til suðvesturs. Nokkrir faðmar eru á milli þeirra. Næst Bakkakoti var Traðarkot, þá Steinar [012] og fjær Háabær [017]," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Stóra-Hólms segir enn fremur: "Þar voru tvö kot, Traðarkot þar sem þær vor, heitir nú Kúamóatraðir." Bæjarstæði Traðarkots er frammi á brekkubrún, um 115 m vestan við bæ 001.


Bæjarstæðið er frammi á brekkubrún í örlitlu túni. Allt í kring eru garðlög (sjá 015 og 020).

Bæjarstæði Traðarkots tilheyrir bæjartóft A, garður C, þúst D og leifar af tröðum B. Minjarnar eru á svæði sem er um 38x46 m að stærð og snýr VSV-ANA. Lítið sést orðið af bænum en þó sjást þar veggir af tóft A sem er um 6x7 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést veggur í suðurenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hvorki sést hólfaskipting né inngangur. Skammt norðvestan við tóftina eru líklega leifar af tröðum B sem hlaðnar hafa verið meðfram rás eða geil inn í brekkuna. Hleðslurnar eru hrundar en sjást á um 12 m löngum kafla, liggja austur-vestur og hafa væntanlega legið að Bakkakoti 001. Þær liggja frá garðlagi C þar sem það beygir til norðausturs. Mesta breidd er um 2 m og er um 1 m á milli grjótraða. Ekki sjást umför í hleðslum. Garðlag C hefur að líkindum afmarkað tún Traðarkots. Það liggur í horn og afmarkar svæði sem er um 38x46 m að stærð og snýr VSV-ANA. Garðlagið tengist garði 020 sem liggur meðfram suðurhlíð túnsins. Í horni garðlagsins, sem vísar norðvestur, er lítið gerði sem er um 20x17 m að stærð og snýr NNV-SSA. Gerðið er hlaðið úr einföldum grjótgarði, ógrónum. Hann er hruninn að miklu leyti en þó sjást 4 umför þar sem hleðslan stendur enn. Mesta hæð og breidd garðsins er um 1 m. Í horni sem myndast milli garðs 020 og þessa garðs er þúst D sem hefur að líkindum tilheyrt Traðarkoti. Þústin er um 10x5 m að stærð og mesta hæð um 0,5 m. Þústin er hlaupin í þúfur og óljóst er hvernig hólfaskipting hefur verið en hún skiptist um miðju þar sem er vik inn í hana. Þústin snýr norður-suður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira, 8-9; Ö-Stóri-Hólmur, 1.

64°02.832N 22°36.124V




**GK-105:017** *Háabær* tóftir býli

64°02.810N 22°36.225V

"Suðvestur af miðju Bakkakotstúni voru þrjú tómtúskot frá norðaustri til suðvesturs. Nokkrir faðmar eru á milli þeirra. Næst Bakkakoti var Traðarkot [016], þá Steinar [012] og fjær Háabær," segir í örnefnaskrá. Háabær er um 200 m vestan við bæ 001.

Háabær er í þýfðu og grýttu túni skammt austan við Garðsbraut. Háabæ tilheyrir minjar á svæði sem er um 115x95 m að stærð og snýr NNV-SSA. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar. Bæjartóftin A er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 7x7 m að stærð. Hólf I er í vesturhlutanum. Það er um 2,5x4,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því á miðjum austurvegg inn í hólf II sem er um 5,5x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður, Hólfíð mjókkar til suðurs og er opið í þann enda. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást mest 3 umför. Kálgarðar B eða túngarðar eru fast sunnan og vestan við bæinn. Kálgarðurinn sunnan við er um 14x20 m að stærð, snýr austur-vestur. Hleðslur eru breiðastar um 1,5 m þar sem þær eru niðurfallnar og hæstar um 1 m, sjást 4 umför. Sama lýsing á við um hinn kálgarðinn en hann er um 16x8 m að stærð og eru þeir sambyggðir. Ekki er að sjá aðrar minjar sem tilheyrir hafa þessu býli ef frá eru skilinn garður C sem liggur umhverfis Háabæ en virðist ekki afmarka tún því innan garðsins er hrjóstrugur mói. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 115x95 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er grjóthlaðinn, er hæstur um 1 m og breiðastur um 1,2 m.



Mest sjást 4 umför í hleðslum. SSA-hluti garðsins er skráður með Rófu 107:005.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Innleira, 8-9

**GK-105:018** þúst útihús

64°02.856N 22°36.076V

Þúst er í túni um 60 m vestan við bæ 001.

Þústin er í flatlendu túni.

Á þústinni vex hærra og dekkra gras en í túninu umhverfis hana. Hún er um 8 m í þvermál og sendur um 0,6 m upp úr umhverfinu. Ekki sést móta fyrir veggjum eða hólfaskiptingu en afar líklegt er að hér hafi staðið útihús eða annað mannvirki.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-105:019** tóft útihús

64°02.837N 22°36.068V

Stór tóft er um 70 m suðvestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við þúst 018.

Tóftin er í túni við merki móti Nýlendu GK-106.

Stór en ógreinileg tóft er við túngarð 014 sem skilur á milli Nýlendu og Bakkakots. Tóftin er um 12x7 m að stærð, snýr norður-suður. Báðir endarnir eru óljósir og ekki sést hvort tóftin er samtengd áðurnefndum garði. Líklega hefur hún verið opin til norðurs en ekki sést skýrt op.

Tóftin er einföld, algróin og hvergi sést í grjóti. Veggir eru útflattir, eru breiðastir um 3 m og mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Þar sem tóftin er í heimatúni Bakkakots er líklegt að hún hafi verið útihús.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft 019, horft til suðurs*

**GK-105:020** garðlag vörslugarður

64°02.817N 22°36.145V

Tveir grjóthlaðnir garðar eru í mólendi á milli Traðarkots 016 og Nýlendu GK-106. Þeir eru um 95 m suðvestan við bæ 001.

Garðarnir eru í grónum móa sem hallar til ANA.

Tveir garðar eru á svæði sem er um 96x55 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garður A er um 96 m á lengd og liggur VSV-ANA. Hann er um 1 m á hæð og breidd, vel gróinn, sést í stöku stein. Mest sjást 2 umför í hleðslum. Annar garður B liggur af þessum garði til SSA að kálgarði umhverfis bæjarhól Nýlendu 106:001. Garðurinn verður afar óljós þegar nær dregur kálgarðinum. Þessir tveir garðar, auk kálgarði Nýlendu GK-107 og garði umhverfis Hábae 017 mynda hólf sem er um 55x42 m að stærð og snýr SSA-NNV. Hólfinu er skipt í nokkurn veginn tvö jafnstór hólf með óljósum garði þvert á hólfið. Annað hólf er ANA við þetta hólf sem myndast af garði A og túngarði Nýlendu 106:004. Það er um 63x46 m að stærð og snýr ANA-VSV. Innan hólfins er mólendi.

**Hættumat:** engin hætta

## **GK-106 Nýlenda**

Jarðarinnar er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls

Vídalín frá 1703. 1847, hjáleiga Stóra-Hólms, JJ, 88.

Túnakort 1919: Tún 0,8 teigar, kálgarðar 800m<sup>2</sup>.

**GK-106:001** Nýlenda bæjarhóll bústaður

64°02.793N 22°36.125V

"Nýlenda var norðnorðvestast í Rófutúni [GK-107]. Henni fylgdi dálítið tún til austsuðausturs og norðausturs. Tún Stórhólms [GK-103] var neðan og austan þess," segir í örnefnalýsingu. Bærinn er merktur á túnakort frá 1919 um 50 m NNV við Rófu 107:001.


Kálgarður er fast vestan við bæinn og er skráður með honum.

Bæjartóftin er uppi á brekkubrún og frá henni hallar landi niður að sjó til austurs. Grasgefið tún er umhverfis bæinn.



*Bæjarhóll 001, horft til ANA*

Ekki sést eiginlegur bæjarhóll á Nýlendu og óvíst er að búið hafi verið nógu lengi á bænum til að hann hafi náð að myndast. Tóft bæjarins og kálgarður umhverfis hana sjást enn. Saman ná minjarnar yfir svæði sem er um 35x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjartóftin skiptist í fimm hólf og snýr hún norðaustur-suðvestur. Tóftin er um 10x9 m að stærð. Í suðvesturenda hennar eru tvö hólf. Hólf I er óljóst, það er um 2x1 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki er veggur í suðausturenda og kann þar að hafa verið timburþil. Inn af hólf I er hólf II. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á milli hólf I og II. Göng eru inn í miðja tóft norðaustan við hólf I og úr þeim er gengið til suðvesturs inn í hólf III. Það er að miklu leyti samfallið og er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hinum megin við göngin til norðausturs er hólf IV sem er um 2x2 m að innanmáli. Hólf V er svo við enda ganganna til norðvesturs. Það er um 2x2 m að innanmáli en mjókkar til suðvesturs. Lítillega sést í hleðslur og sjást í þeim 5 umför af hleðslu. Mesta hleðsluhæð er um 1,6 m. Kálgarður er meðfram öllum hliðum tóftarinnar nema suðausturhlið. Hann er grjóthlaðinn en mjög grasi vaxinn. Hann er um 16x35 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kálgarðurinn er um 1 m á breidd og hæstur um 1 m.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innleira 9; Túnakort 1919

**GK-106:002** gryfja útihús

64°02.789N 22°36.112V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m austan við bæ 001. Þar var forgryfja og/eða salerni.

Gryfjan sést enn fast austan við bæjartóft í grónu túni.

Gryfjan er um 7 m á lengd og 2 m á breidd en breiðkar í VSV-enda og er þar 3 m á breidd. Gryfjan er um 0,8 m djúp. Grjóthleðsla hefur verið í henni innanverðri en aðeins sést eitt umfar og er hún mjög grasi vaxin. Grjóthrun og timburleifar eru í ANA-enda. Þar hefur verið reft yfir gryfjuna og sjást þar einnig leifar tjörupappa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-106:003** heimild um útihús

64°02.830N 22°36.036V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 90 m norðan við bæ 001. Þetta hús var steinsteyptur barnaskóli sem reistur var árið 1910 en var ekki lengi í notkun.

Húsið var í túnjaðri við merki móti Stóra-Hólma og Brekkukots.

Húsið var um 10x4 m að stærð og snéri austur-vestur. Það er hrunið eða hefur verið rífið að mestu leyti en uppi standa norðurveggur og hálfur vesturveggur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-106:004** garðlag túngarður

64°02.783N 22°36.114V

Grjóthlaðinn túngarður er umhverfis tún Nýlendu og mætir túngarði Bakkakots 105:014 við rúst barnaskólans 003.

Garðurinn liggur umhverfis tún sem er að mestu leyti í aflíðandi brekku mót austri.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 130x90 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er grjóthlaðinn, er um 1 m á hæð og breidd þar sem hann er hæstur og breiðastur en algengt er að hann sé um 0,5 m á hæð. Mest sjást 3 umför af hleðslu.

**Hættumat:** engin hætta



Garðlag 004, horft til VSV

**GK-106:005** heimild um vatnsból

64°02.823N 22°36.081V

Á heimasíðu Ferlis segir: "Uppsprettilind er þar sem bærinn Nýlenda stóð, rétt hjá gamla barnaskólahúsinu [003]." Ljósmynd af lindinni er í grein eftir Guðmund A. Finnbogason sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 22. desember 1984. Á myndinni sést að lindin er um 40 m VSV við barnaskólahúsið 003, en upplýsingar um lindina lágu ekki fyrir þegar skráningarmaður var á vettvangi og sást hún ekki. Mögulega hefur hún verið þurr um það leyti (í byrjun júlí).

Lindin er að öllum líkindum í grýttum móa í jaðri grösugs túns nærri merkjum á móti Bakkakoti.

Ekki sást til lindarinnar á vettvangi en líkur eru til þess að sé hennar leitað sjáist enn til hennar. Á myndinni sem áður en greint frá má sjá að lindin er í grjóturð við túnjaðar en ekki sést af myndinni að mannaverk hafi verið á henni.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** <http://ferlir.is/?id=4285>; Guðmundur A. Finnbogason, Lesbók Morgunblaðsins 22. desember 1984, 33-34

**GK-107 Rófa**

Jarðarinnar er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. 1847, hjáleiga Stóra-Hólms, JJ, 88. Túnakort 1919: Tún 0,8 teigar, kálgarðar 480m<sup>2</sup>.

**GK-107:001** Rófa bæjarhóll bústaður

64°02.761N 22°36.160V

"Rófa var grasbýli vestur frá Stórhólmi [GK-103] og lágu túnin saman. Bærinn stóð nokkurn veginn í miðju túni," segir í örnefnalýsingu. Bærinn er merktur á túnakort frá 1919 um 140 m sunnan við Bakkakotsbæ 105:001. Kálgarður var fast við bæinn til suðausturs og er skráður með honum.

Bæjarhóllinn er í afar grasgefnu, nokkuð hæðóttu túni.

Ekki sést til neinna minja á bæjarhólnum eða umhverfis hann.

Að líkindum er hóllinn um 60 m suðvestan við Nýlendu

106:001. Hann er um 15x10 m að stærð og um 0,5 m á hæð.

Hann er afar grasi vaxinn og ekki sést móta fyrir veggjum eða

hólfum. Bilslóði liggur fast sunnan við hann. Suðaustan við

bæjarhóllinn er stærri hóll, afar grasgefinn, og var kálgarðurinn

sem sýndur er á túnakorti að líkindum þar en ekki sést til hans.

Sá hóll virðist náttúrulegur að miklu leyti.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Innleira, 10; Túnakort 1919.



*Bæjarhóll 001, horft til vesturs*

**GK-107:002** heimild um útihús

64°02.763N 22°36.177V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m suðvestan við bæ 001. Þar var forgryfja og/eða salerni. Kálgarður var fast sunnan við húsið og er hér skráður með því.

Minjarnar voru í grasgefnu túni.

Hvorki sést til gryfju né kálgarðs og er líklegt að sléttað hafi verið úr minjunum við túnagerð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-107:003** hleðsla leið

64°02.729N 22°36.122V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá bæ 001 að Kötluhóli [103:006]. Leiðin sést við austurenda kálgarðs norðan við Kötluhól.

Leiðin lá um um grasi vaxin tún milli bæja.

Leiðin er greinileg á stuttum kafla í dálítilli gróf milli kálgarðs Kötluhóls 103:006 og kálgarðs sem skráður er með bæjarhól Stóra-Hólma 103:001. Grjóthleðsla er meðfram grófinni að hluta. Hún er um 10 m á lengd og um 1 m á breidd, 0,6 m djúp. Hleðslurnar eru lítilfjörlegar, nokkrir steinar á brúnum. Hleðslan er um 3 m löng á austurbakka og um 4 m löng á norðurbakka. Leiðin hefur stefnuna norður-suður.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-107:004** garðlag túngarður 64°02.746N 22°36.217V

Túngarður Rófu liggur frá Nýlendu GK-106 meðfram túni Háþéjar 105:017 til suðurs.

Garðurinn er í túnjaðri Rófu.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 140x110 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Allar hliðar hans eru greinilegar nema hliðin sem skilur á milli Stóra-Hólms GK-103 (Kötluhóls 103:006) og Rófu og er til SSA.

Garðurinn er grjóthlaðinn og er hæstur um 1 m á móti Háþé en þar sem garðurinn beygir til suðvesturs er hann niðurfallinn. Kálgarður er áfastur innanverðum túngarði á vesturmörkum túns og er hann um 24x24 m að stærð.

Garðurinn er 0,5-1 m á breidd. Mest sjást 4 umför.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-107:005** garðlag túngarður

64°02.746N 22°36.211V

Mikill fornlegur garður liggur á milli Kötluhóls og Rófu og liggur að nokkru leyti umhverfis tún Rófu að norðvestanverðu.

Garðurinn er í túnjaðri Kötluhóls og Rófu.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 120x80 m að stærð og snýr NNW-SSA. Hann er er 2-3 m á breidd og mesta hæð hans er um 1 m. Garðurinn er nær allur gróinn en þó finnst fyrir grjóti undir sverði og hefur garðurinn vafalaust verið grjóthlaðinn. Garðurinn er ólíkur öðrum gördum á svæðinu fyrir það hversu veglegur hann er. Hann er ekki merktur inn á túnakort. Á loftmynd virðist vera lítið gerði áfast innanverðum garðinum þar sem hann mætir garði sem liggur að húsabaki Kötluhóls 103:006. Gerðið er um 12x12 m að stærð en það sást ekki á vettvangi. Ef til vill hefur þarna verið kálgarður eða einhvers konar aðhald. Garðurinn er líklega mun eldri en aðrir garðar á þessum slóðum en gæti verið eldri túngarður.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag 005, horft til suðurs*

**GK-107:006** tóft óþekkt


64°02.755N 22°36.227V

Ógreinileg tóft er um 55 m vestan við bæ 001.

Tóftin er á litlum hól í mólendi, fast við utanverðan túngarð 004.

Tóftin er hringlaga, um 8 m í þvermál og er túngarður 004 hlaðinn utan í hana austanverða. Hún virðist því vera eldri en túngarðurinn. Veggir eru útflattir, um 2 m breiðir og um 0,3 m á hæð þar sem hæstir. Tóftin er mjög gróin og ekki sést í grjóthleðslur. Ekki sést greinilegt op á tóftinni. Óvíst er hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklega er hér um einhvers konar útihús að ræða því þó að tóftin sé utan túns er hún fast við það.

**Hættumat:** engin hætta



## GK-108 Garðhús

1703 og 1847, hjáleiga Stóra-Hólms, JÁM III, 105 og JJ, 88.

1703: "Fóðrast kann í kýr og tveim þriðjungum ... Eldiviðartak af fjöruþangi nægilegt" JÁM III, 105.

Túnakort 1919: Tún 1 teigur, kálgarðar 400 m<sup>2</sup>.

**GK-108:001** Garðhús bæjarhóll bústaður

64°02.680N 22°36.005V

"Suðaustur frá Kötluhólstúni voru Garðhús ft., grasbýli. U.þ.b. 100-150 m eru milli Kötluhóls [103:006] og Garðhúsa," segir í örnefnalýsingu. Á túnakort frá 1919 eru merktar 'rústir' um 100 m VSV við Ráðagerði 109:001 og virðist sem þá sé ekki búið í Garðshúsum. Bærinn í Garðhúsum var skammt sunnan við þar sem nú (2009) er áhaldahús golfvallar Golfklúbbs Suðurnesja og hefur það að líkindum verið jafnað við jörðu við framkvæmdir á því húsi og við gerð golfvallarins en bæjarrústirnar voru þar sem nú er golfvöllur. Engin merki um bæinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 10; Túnakort 1919.

**GK-108:002** heimild um útihús 64°02.675N 22°35.995V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m austan við rústir bæjarins 001. Kálgarður var fast norðan við útihúsið og er hér skráður með því.

Útihúsið og kálgarðurinn voru innan golfvallar.

Ekki sést til minja og hefur líklega verið sléttað úr þeim þegar golfvöllur var gerður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-108:003** heimild um útihús 64°02.650N 22°35.997V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 50 m SSA við bæjarrústirnar 001.

Útihúsið var innan golfvallar, nærri suðurmörkum hans.

Ekki sést til minja og er líklegt að sléttað hafi verið úr því við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919

## **GK-109 Ráðagerði**

1703 og 1847, hjáleiga Stóra-Hólms, JÁM III, 105 og JJ, 88.

Túnakort 1919: Tún 1,4 teigar, kálgarðar 1020 m<sup>2</sup>.

**GK-109:001** *Ráðagerði* bæjarhóll bústaður 64°02.650N 22°35.874V

"Ráðagerði er í austsuðaustur frá Garðhúsum [108:001] u.þ.b. 250 m, og lágu tún þeirra saman," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð bærinn í Ráðagerði um 60 m VSV við efri bæinn í Hróðurnesi 102:003. Kálgarðar voru fast norðan og austan við bæinn og eru skráðir með honum.

Bærinn í Ráðagerði var innan marka golfvallar og hefur að líkindum verið þar sem er hólótt svæði á golfvellingum, nærri suðurmörkum hans.

Ekki sést til minja og hefur að líkindum verið sléttað úr þeim við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Innleira, 10; Túnakort 1919

**GK-109:002** heimild um kálgarð 64°02.644N 22°35.882V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 5 m sunnan við bæ 001.

Kálgarðurinn var inni á golfvelli, í lægð milli lágra hóla, nærri suðurmörkum vallarins.

Ekki sést til minja og er líklegt að sléttað hafi verið úr þeim við gerð golfvallarins..

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919.

## **GK-110 Keflavík**

Ekkert fyrirvar 1703, konungseign. JÁM III, 106. Keflavíkur [líklega er hér átt við víkina sjálfa fremur en jörðina] er getið í grein um rekaskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270 og í grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi, sama ár, DI II, 76,78. Þá er hennar getið í máldaga kirkjunnar í Kallaðarnesi í Flóa árið 1419, DI VII, 46. Jarðarinnar er einnig getið í leigna, landskylda og skreiðargjaldsreikningi Kristjáns skrifara árin 1549-1550, DI XII, 158 og í hlutabók og sjávarútgerðarreikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá 1553, DI XII, 578. "Og víst er að hingað hafa erlendir kaupmenn sótt um langan aldur, snema á 16. öld er getið um Þjóðverja í Keflavík [DI XI, 842] og einnig er vitað til,

að hér hafi enskir verið á ferð. ...Keflavíkurjarðarinnar er fyrst getið í jarðamatsbókum árið 1597 og er eiginleg ábúð hér því ekki gömul. ... Enn fyrr höfðu Hróðunes og Keflavík byggst úr landi Hólms. BG: Saga Keflavíkur 1766-1890, 11. Árið 1556 beiddust Borgmeistarar í Brimum verslunar í Keflavík og Grindavík af konungi sem þeir höfðu áður haft gegn fullu gjaldi, DI XIV, 417 og þá skirfa þeir dr. Jóakim Hinck bréf um sama efni árið 1566, DI XIV, 472. Árið 1566 veitir svo konungur Jochim Thim, borgara í Hamborg leyfi til siglinga til Keflavíkur, DI XIV, 502. 1703: "Engjar öngvar" JÁM III, 106 "Heimaland Keflavíkur er talið naumlega einn kýrvöllur og jörðin á úthaga í betra lagi, en engar engjar. Einnig fylgja henni nokkur hlunnindi ..." Á 18. öld stækkaði Jakobæus tún jarðarinnar um meira en helming. BG: Saga Keflavíkur 1766-1890, 11, 43

**GK-110:005** *Rósuselstjarnir* þúst sel 64°00.213N 22°35.630V  
"Svo er þar uppi í heiðinni Rósuselstjarnir og Keflavíkurborg." segir í örnefnaskrá AG "Um nafngift vatnanna a er það helzt að segja að það felur í sér að þar hefur verið sel. Segir frá því í hinum óprentaða hluta Suðurnesjaannáls Sigurðar Sívertssen að Stóri-Hólmur í Leiru hafi haft þar í seli til forna líklega á 18. öld og fyrr. Mér vitanlega eru engar rústir sjáanlegar af kofum á staðnum en vera má að þær leynist innanum þúfur og steina sem þar eru á víð og dreif. Rósuselsvötn eru vestur af Keflavík." segir í viðbótum við örnefnaskrá. Rósuselstjarnir eru vestan við Keflavík en austan við Reykjanesbraut. Norðaustan við tjarnirnar er þúst sem líkist mannvistarleifum. Þústin er 350-400 m austan Reykjanesbrautar en um 10 m norðaustan við tjarnirnar. Við norðaustur horn tjarnanna er þýft en gróið svæði. Á þessum stað er nokkuð þýft. Greina má mjög óljósar leifar tóftar/þústar sem er nærri alveg hrunin og sigin. Þústin sker sig ekki mikið úr umhverfinu en þó er lögun hennar of regluleg til að um náttúrumyndun sé að ræða. Tóftin virðist vera um 10 X 4-5 m að stærð og skiptast í 2-3 hólf. Ekki sjást grjóthleðslur og veggir tóftarinnar eru einungis um 0,2 m að hæð. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur.  
**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 1; Ö-Keflavík viðbætur SM, 7

**GK-110:031** heimild um mógrafir 64°00.233N 22°35.713V  
Mór var tekinn við Rósuselsvötn, sjá 005, síðast í fyrra stríði segir í viðbótum við örnefnaskrá. Rósuselsvötn eru vestan við Keflavík. Mjög þýft og rakt er umhverfis vötnin en ekki er hægt að koma auga á einn, ákveðin stað þar sem mógrafir hafa verið. Dældir eru hér og hvar en skýrar mógrafir eru ekki greinilegar.  
**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Ö-Keflavík viðbætur SM, 7

**GK-110:080** tóft óþekkt 64°00.185N 22°35.862V  
Um 10 m suðvestan við Rósuselstjarnir er greinileg tóft. Tóftin er um 140 m sunnan við afleggjara að Keflavík/Garði og 220-230 m (norð)vestan við hringtorgið við Leifstöð. Beint vestan við er Reykjanesbrautin í um 160-170 m fjarlægð. Tóftin er á stórgrýttu og deiglendu svæði. Hún er við vatnið á mosagrónu svæði. Tóftin samanstendur af tveimur hölfum. Samtals er hún um 8 X 7 m að stærð. Op virðist hafa verið á vesturvegg. Enn má sjá grjóthleðslur í tóftinni, sérstaklega í vestara (ytra) hölfinu. Austara hólfid er grónara og veggirnir þar allt að 1,5 m á þykkt. Tóftin er ekki mjög fornleg. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gengdi en hún er varla í nokkrum tengslum við Rósasel þar heimildamenn voru sammála um að leifar þess væru ill- eða ógreinilegar og þær því að líkum eldri en þessi tóft.  
**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**GK-110:090** tóft óþekkt 64°01.763N 22°33.661V  
Tóft er við lágan klett, um 220 m suðvestan við vitann á Hellisnýpu og 20 m sunnan við sjávarbakka. Á klapparholti. Af tóftinni sést nú aðeins grjóthleðsla sem er um 7 m löng og 60 sm breið, með dyr við suðurenda.  
**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**GK-110:091** hleðsla óþekkt 64°01.777N 22°33.631V  
Hleðsla er við Selvík, um 180 m ASA við vitann á Hellisnýpu og 35 m NA við 090. Brúin er gróðurlaus klöpp, en svolitill gróður er þar sem tóftin er.

Út á bjargbrúninni er ógreinileg hleðsla um 3 m á hvorn veg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hleðslan var gerð.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-110:092** varða samgöngubót 64°01.464N 22°34.780V

Varða er 350 m austan við Þjóðveg og 200 m sunnan við afleggjara frá Þjóðvegi að Helgúvík.

Mólandi er allt umhverfis.

Varðan er reisuleg, sennilega endurhlaðin eða vel við haldið. Hún er ferhyrnd, um 1m á hvorn veg, og 1,5 m há. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

**GK-110:093** varða óþekkt 64°00.832N 22°33.589V

Varða er um 550 m vestan við Hellunef.

Mólandi er allt umhverfis.

Varðan er aðeins lítið, óverulegt vörðubrot. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**GK-110:094** varða óþekkt 64°00.805N 22°33.578V

Varða er um 550 m vestan við Hellunef.

Mólandi er allt umhverfis.

Varðan er aðeins lítið, óverulegt vörðubrot. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**GK-110:095** varða óþekkt 64°00.805N 22°33.567V

Varða er um 550 m vestan við Hellunef.

Mólandi er allt umhverfis.

Varðan er aðeins lítið, óverulegt vörðubrot. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**GK-110:096** hleðsla óþekkt 64°00.778N 22°34.078V

Hleðsla er um 350 m austan við Þjóðveg, á mótis við Keflavíkurborg, og 12 m vestan við vegaslóða.

Hleðslan er hjá gamalli leið, á grýttu holti.

Hleðslan er lítil og nærri hringlaga. Hún er lauslega hlaðin, um 1,2 m í þvermál, og 40 sm há. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hleðslan var hlaðin.

**GK-110:097** hleðsla óþekkt 64°00.802N 22°34.122V

Hleðsla er um 50 m NNV við hleðslu 096.

Hleðslan er hjá gamalli leið, á grýttu holti.

Hleðslan er lítil og ferhyrnd. Hún er um 2,5 m á hvorn veg. Í henni sjást 2 umför af lauslega hlöðnu, stóru grjóti.

Hleðslan er 40 sm há.

**GK-110:098** hleðsla óþekkt 64°00.835N 22°34.166V

Hleðsla er um 60 m NNV við 097.

Hleðslan er hjá gamalli leið, á grýttu holti.

Hleðslan er lítil um 2 m á hvorn veg, hlaðin úr grjóti.



*Hleðsla 098*

**GK-110:099** varða samgöngubót 64°01.032N 22°34.316V

Varða er um 450 m austan við Þjóðveg, sunnan hringtorgs.

Framkvæmdasvæði.

Varðan er ferhyrnd. Hún er tæpur 1 m á hvorn veg og um 1 m á hæð. Allt í kring er stórkostlegt jarðrask vinnuvéla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-110:100** varða samgöngubót

Varða var um 120 m SSA við 099. Varðan er horfin, en sést á loftmynd.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-110:101** varða óþekkt

64°01.431N 22°33.868V

Varða er um 530 m vestan við Stakksnef.

Á framkvæmdasvæði.

Varðan er lítil, og að mestu hrúnin. Hún stendur á klettahól, þar sem talsvert rask hefur átt sér stað. Ekki er vitað hvaða tilgangi varðan þjónaði.

## GK-633 Óskipt land

Landið ofan vegar og byggðarinnar í Rosmhvalanesi var óskipt og samnýtt. Hluti af því var tekinn eignanámi af ríkinu árið 1941. Í örnefnalýsingu Innleiru segir: "Heiðarlandið tók svo við suðvestan þjóðvegarins. Voru það einkum blásnir melar og börd á stöku stað. Engin örnefni voru á því ... Svæði þetta var einu nafni nefnt Heiði." Ö-Innleira, 13. Í lýsingu Útskálaprestakalls frá 1839 segir enn fremur: "...í svokallaðri Heiði, í hverri helztu jarðirnar eiga ítök; hún er mikið uppblásin og grýtt, með moldarflögum og melum. Í henni vex beiti- og berjalýng, sem rífið er til eldis skepnum á vetrum." SSLN, 163.

Landsvæðið er að mestu leyti grónir móar, víða allgrýttir og sumstaðar eru uppblásinn moldarflög.

**GK-633:026** Þrívörður varða landamerki

64°02.494N 22°38.147V

"Þaðan [frá Hríshólavörðu 099:032] sjónhending suður heiði og í svokallaðar Þrívörður," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Þrívörður eru þrjár og sjást þær vel í suðvestur frá Ytra-Langholti." Þrívörður eru um 1,9 km suðvestan við Stóra-Hólma 103:001.

Vörðurnar eru á lágu, grónu holti og umhverfis það er mói, uppblásinn á köflum.

Vörðurnar eru á svæði sem er um 27x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vörðurnar voru hrundar en hafa verið endurhlaðnar lauslega af Guðmundi Garðarssyni. Þær eru 0,6-0,7 m á hæð og um 1 m í þvermál. Mest sjást 4 umför af grjóthleðslum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 2, 7.



Þrívörður 026, horft til suðausturs

**GK-633:027** heimild um óþekkt

64°02.909N 22°36.999V

"Sunnanvert, ofan við þetta svæði [ofan við núverandi þjóðveg], eru löng holt, nokkuð há, sem liggja frá norðvestri til suðausturs. Þau kallast Langholt ft. Sandmelur skilur þau í sundur í Ytra-Langholt og Innra-Langholt. ... Vörður eru á báðum Langholtum, lítil á Ytra-Langholti [sú sem skráð er hér], en stór og mikil á því innra [663:031]," segir í örnefnalýsingu. Varðan á Ytra-Langholti var um 780 m suðvestan við Gufuskála 100:001. Mosagróid og grýtt klapparholt.

Ekki sést til vörðunnar á Ytra-Langholti en þar hefur orðið mikið rask vegna grjótnáms og steinsteypra mannvirkja sem kunna að vera í tengslum við setu Bandaríkjahers. Ekki er ljóst hvar varðan stóð nákvæmlega.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 6-7.

**GK-633:028** náma mógrafir

64°02.761N 22°36.033V

Mógrafir eru uppi á Langholti, um 650 m norðvestan við Stóra-Hólma 103:001.

Lítill mógröf er við austurbrún Langholts, mosagróins og grýttis holts.

Mógröfin er um 2x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,3 m djúp, gróin. Í henni er blautur leir en ekkert vatn.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-633:029** hleðsla samgöngubót

64°02.781N 22°36.811V

Ferhyrind hleðsla er á Langholti, um 85 m austan við tóft 030 og um 620 m VNV við bæjarhól Stóra-Hólms 103:001.

Hleðslan er á mosavöxnu og grýttu klapparholti.

Hleðslan er um 3x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hún er grjóthlaðin og er hæst í suðausturenda þar sem hún er um 1,2 m á hæð og sjást 7 umför. Hleðslan er full af grjóti og er líklegt að hún hafi verið mið en það er óvíst. Framan við hleðsluna til suðvesturs er þrep sem er um 0,5x1 m og snýr suðvestur-norðaustur, tveir stórir steinar. Hleðslan er nokkuð gróin og steinar mosa og skófum vaxnir.

**Hættumat:** engin hætta



*Hleðsla 029, horft til suðvesturs*

64°02.758N 22°36.903V

**GK-633:030** tóft beitarhús

Tvískipt tóft er vestan við Langholt, um 685 m vestan við Stóra-Hólma 100:001.

Tóftin er við lágan hól í mólendi en víða er uppblásið í kring og mikið rask hefur orðið skammt norðan við tóftina vegna jarðvegs- og grjótnáms.

Tóftin er tvískipt, um 5x9,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er hól I sem er um 4x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er op á því en sést í grjót þó að hleðslur séu hrundar. Hól II er um 1x6m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,9 m. Guðmundur Garðarsson, heimildamaður, hefur spurt marga um þessa tóft en enginn virðist vita hvaða bæ hún tilheyrði eða hvaða hlutverk hún hafði. Líklegt er að tóftin hafi verið beitarhús og bendir lag tóftar, staðsetning og fjarlægð frá bæ einna helst til þess.

**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs



*Tóft 030, horft til suðausturs*

**GK-633:031** Ranglát varða

"Sunnanvert, ofan við þetta svæði [ofan við núverandi þjóðveg], eru löng holt, nokkuð há, sem liggja frá norðvestri til suðausturs. Þau kallast Langholt at. Sandmelur skilur þau í sundur í Ytra-Langholt og Innra-Langholt. ... Vörður eru á báðum Langholtum, lítil á Ytra-Langholti [663:027], en stór og mikil á því innra," segir í örnefnalýsingu Gufuskála. "Á vesturhluta Langholts var 1793 hlaðin varða, nefnd Ranglát. Var hún merki þess, hvar mætti leggja línu," segir í örnefnaskrá. Ranglát stendur syðst á Langholti og er um 440 m vestan við Stóra-Hólma 103:001. Á heimasíðu ferlis segir:

"Syðst á Langholti er mikil varða; Ranglát. Ásgeir M. Hjálmarsson í Garði sagði vörðuna hafa verið reista af opinberum aðilum, en ekki er vitað hvenær það var. Hún átti að þjóna þeim tilgangi að það var dregin lína úr henni yfir flóann í eitthvað kennileiti upp í Hvalfirði. Þetta var

einskonar landhelgislína þannig að bátar úr byggðalögum fyrir sunnan hana, Keflavík og Vogum, máttu ekki fara norður fyrir hana, sama gildi fyrir báta sem voru gerðir út frá Garði, þeir máttu ekki fara suður fyrir línuna. Menn voru mjög ósáttir við þetta, því var varðan jafnan nefnd Ranglát."

Varðan stendur á mosavöxnu og grýttu klapparholti. Umhverfis er blásinn hraunmói.

Varðan er mikil um sig, ferköntuð og er um 2,5 m á kant og um 1,7 m á hæð. Í henni sjást 10-11 umför.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gufuskálar, 6-7.; Ö-Stóri-Hólmur, 1; <http://ferlir.is/?id=4403>

64°02.742N 22°36.598V



*Ranglát 031, horft til austurs*

**GK-633:032** Prestsvarða varða

samgöngubót

64°02.390N 22°36.755V

Prestsvarða er um 400 m suðvestan við vörðu 103:008 og um 880 m suðvestan við Stóra-Hólma 103:001. Á heimasíðu Ferlis segir: "Í Rauðskinnu [VI. hefti, bls. 50-51] segir frá Prestsvörðunni: "Í heiðinni skammt fyrir ofan Leiru er mannhæðar há grjótvörða sem alltaf var nefnd Prestsvarða. Sagt var, að síra Sigurður Sívertsen (1808-1887), sem prestur var á Útskálum fyrrum, hafi einhverju sinni verið þarna á ferð að vetrarlagi. Kom hann úr Keflavík eða lengra innan að og ætlaði heim til sín að Útskálum. Talið var, að leiðin væri tveggja tíma gangur eða meira eftir þeim vegi, sem þá var farinn. En við lestagang voru allar vegalengdir miðaðar á þeim tímum. Þegar prestur kom út á mótis við miðja Leiru villtist hann af leið og fannst honum líðan sín þannig, að hann treystist ekki til þess að halda áfram ferðinni, og þótti varla einleikið. Prestur tók það ráð að leggjast fyrir og vera kyrr alla nóttina. Nokkru síðar lét



*Prestsvarða 032, horft til vesturs*

síra Sigurður hlaða upp vörðu á þessum stað. [...] Varðan var ferstrend eins og margar grjótvörður. En eitt var það, sem gerði hana frábrugðna öllum öðrum vörðum [...]. Á hlið þeirri, sem að austri snéri var allstór flöt hella sem á var höggvið sálmavers." Sálmaversið á hellunni er 4. Davíðs Sálmur 8. vers. ("Í friði leggst ég til hvíldar og sofna, því að þú, Drottinn, lætur mig búa óhultan í náðum")." Sagan er eilítið frábrúðin í frásögn sem finna má á heimasíðu Keflavíkurkirkju úr predikun sr. Skúla S. Ólafssonar, 17. júní 2008: "Nú á sunnudaginn var fórum við í gönguferð í stað þess að efna til hefðbundinnar guðspjónustu hér í kirkjunni. Þessar sumarmessur okkar eru farnar að minna á dagskrá skátafélaganna gönguferðir og uppátæki utanhúss af ýmsum toga. Og á meðan viðtökurnar eru góðar eru ekki líkur á öðru en að við höldum áfram þessu næstu árin. Já, við fórum í gönguferð á sunnudaginn var og ákvörðunarstaðurinn var hin svonefnda Prestsvarða sem stendur skammt sunnan við Golfvöllinn. Lagt var af stað frá Hólmsbergskirkjugarði og það er nú alveg í anda þeirrar uppbyggingar sem hér er á öllum sviðum að búið var að reisa myndarlegan hól sem náði yfir hluta stikuðu leiðarinnar sem við hugðumst ganga en það kom ekki að sök því við náðum leiðinni fljótlega aftur. Loks komum við að vörðunni sem hefur þetta sérstæða nafn og ég rifjaði upp fyrir hópnum tildrögin að baki gerð hennar: Söguna af Útskálaprestinum séra Sigurði Sívertssen sem hafðist þar við í ofsavæðri í janúar 1876 er hann varð viðskila við hópinn sinn á leið frá Keflavík út í Garð. Það varð honum til lífs að hann skyldi spara orkuna og halda kyrru fyrir í stað þess að eigna stefnulaust um í blindbylnum. Leitarmenn fundu hann undir morgunn og var hann þá með fullri rænu og nokkru fjöri eins og kemst sjálfur að orði. Svo ári síðar lét hann reisa vörðu á þessum stað og við hana klappaðan texta á steinhellu: Þetta vers úr Davíðsálmum "í friði leggst ég til hvíldar og sofna, því að þú, Drottinn, lætur mig búa óhultan í náðum"."

Þessi frásögn hefur leitað á mig eftir gönguferðina okkar og deili ég þeim hughrifum með ykkur nú á sjálfan þjóðháttíðardaginn. Þarna birtast þeir svo vel valkostirnir sem við stöndum stundum frammi fyrir, þegar taka þarf stórar ákvarðanir – ekki síst ef þær varða framtíð okkar og heill. Jú, séra Sigurður var villtur í sortanum og gat enga björg sér veitt, að því er virtist. Hann gat ekki lengur treyst á fætur sína og skilningarvit til þess að komast klakklaust á leiðarenda. Við slíkar aðstæður er hætt við því að hugurinn fipist og örvæntingin taki völdin. Viða í óbyggðum er að finna minnisvarða sem greina frá öðrum og sorglegri endalokum á lífsbaráttu ferðalanga er orðið höfðu úti. Kunnugir segja örvæntingin geti verið helsta ógnin þegar svona stendur á – að fólk örmagnist, missi trúna og traustið og eyði allri orku sinni í ráp, stundum hring eftir hring uns styrkurinn þrýtur. En viðbrögð séra Sigurðar voru af öðrum toga. Þau lýsa hugarró manns sem býr yfir sterku trúartrausti. Hann hugleiddi sálminn góða, setti traust sitt á Guð þegar allar bjargar virtust bannaðar og fyrir þann innri styrk"

Varðan er í flatlendum móa sem er víða ógróinn.

Varðan er grjóthlaðin og ferköntuð. Hún er um 1 m á hvern kant og um 1,3 m á hæð. Varðan er skófum vaxin og í hleðslum hennar sjást 7 umför. Fast austan við vörðuna er hleðsla sem er um 0,5x1 m að stærð, snýr norður-suður og er um 0,3 m á hæð. Ofan á þeirri hleðslu er flöt hella reist upp á rönd og er hún um 0,6x0,8 m á stærð. Hún snýr eins og hleðslan. Á helluna er letrað ártalið 1876 og svo 5 línur af texta (versi) sem erfitt er að lesa vegna skófa sem vaxa í stöfunum. Hornin eru brotin af steininum á suðurenda hellunnar og kann hluti textans að hafa glatast með þeim. Viðarkross með álímdum steinum stendur upp úr vörðunni.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** <http://ferlis.is/?id=4285>; Rauðskinnu VI, 50-51;

<http://www.keflavikurkirkja.is/?C=ConnectionString&Groups=2&ID=124&Index=3&Q=Top%20%20Pages&path>

=Controls/14

## 5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ

Eins og fyrr segir eru þekktar um 234 fornleifar á skráningarsvæðinu. Hér á eftir fylgir umfjöllun um helstu minjaflokka, ástand þeirra og einkenni.

### Bæjarhólar og býli

Gufuskálar og Stóri-Hólmur eru einu jarðirnar á skráningarsvæðinu sem getið er í varðveittum heimildum fyrir 18. öld og benda heimildir og fornleifar til þess að þær hafi byggst mjög snemma. Líklegast hafa aðrar jarðir á svæðinu byggst úr landi þeirra, aðallega þó úr landi Stóra-Hólms. Ekki virðist hafa verið mikið um hjáleigubbyggð í landi Gufuskála en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem rituð var 1703 er getið um tvær hjáleigur í landi Gufuskála. Þá eru hins vegar a.m.k. sjö hjáleigur í landi Stóra-Hólms (Ráðagerði, Garðhús, Kötluhóll og Vesturhús auk þriggja ónefndra hjáleigna) auk Litla-Hólms (sem nefnd er háflenda 1703) og mögulega einnig Hróðurness. Hjáleigum og tómhúsum fjölgar að líkindum mikið á skráningarsvæðinu á 19. og 20. öld en heimildir eru rýrar um nákvæman aldur flestra þeirra þeirra.

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir og má heimfæra það upp á flest gömlu lögbýlanna, þ.e.þar sjást víða bæjarhólar en almennt ekki á yngri hjáleigum. Bæjarhólar verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakort, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem hefur farið einna verst í uppbyggingu í landbúnaði og endurbótum á húsakosti á 20. og 21. öld.

Bæjarhólarnir á Gufuskálum (GK-100:001) og Stóra-Hólmi (GK-103:001) skera sig frá öðrum á svæðinu hvað varðar stærð enda að líkindum elstu jarðirnar á skráningarsvæðinu. Bæjarhóllinn á Gufuskálum virðist vera sérstaklega vel varðveittur en þar hafa yngstu húsin verið rifin, líklega nærri lokum 20. aldar. Enn sjást mannvirkjaleifar á bæjarhól Stóra-Hólms en bærinn var í eyði árið 1919 þegar túnakort voru gerð fyrir svæðið. Aftur var byggt á jörðinni um 1926 en þá var reistur nýr bær sem enn stendur um 155 m austan við bæjarhóllinn. Bæjarhóll Litla-Hólma (GK-104:001) er einnig nokkuð veglegur. Óverulegir bæjarhólar eru í Bakkakoti (Borghúsum) (GK-105:001), Rófu (GK-107:001) og Kötluhól (GK-103:006). Tóftir eru á bæjarhól Kötluhólms og steypdir grunnar á bæjarhól Bakkakots sem mögulega hafa raskað honum að einhverju leyti.

Engin mannvirki sjást á bæjarhól Rófu. Ekki sést til bæjarhóla á öðrum býlum og er það oftast einfaldlega sökum stopullar eða stuttrar búsetu sem þeir hafa þá ekki náð að myndast.

Nokkur hjáleigubýggð var í landi Stóra-Hólms um 1703 eins og áður er getið. Árið 1801 voru 13 býli í Leirunni. Árið 1836 hafði þeim fækkað í 6 en fjölgaði aftur í 13 um 10 árum síðar. Árið 1870 voru býlin 16 að tölu í Leirunni en árið 1930 hafði þeim fækkað niður í 5 býli. Um 1960 var Stóri-Hólmur einn eftir í byggð á skráningarsvæðinu<sup>4</sup>. Af þessum tölum er greinilegt að miklar sveiflur hafa verið í fjölda býla og íbúa á svæðinu á 19. og 20. öld og hefur byggðin líklega verið hvað þéttust á síðari hluta 19. aldar. Lítið er vitað um þróun hjáleigubýggðarinnar fram undir 18. öld og má vera að hún hafi verið óstöðug um mun lengra skeið en heimildir segja til um. Á skráningarsvæðinu var skráð 31 hjáleiga eða tómhús. Staðsetning 6 býla er ekki þekkt, 15 býli eru horfin en tóftir sjást á 10 býlum og sumsstaðar jafnvel útihús og kálgarðar. Skemmtileg dæmi um minnstu varðveittu tómhúsin eru Litla-Hólmskot (GK-104:016) og Móhús (GK-104:017). Þar sést sitthvor tóftin sem búið hefur verið í og eru þær staðsettar á sama litla hólnum. Ekkert jarðnæði virðist hafa tilheyrt býlunum. Veglegri minjar eru um býlin Kötluhól (GK-103:006), Steina (GK-105:012) og Kóngsgerði (GK-100:012) en þar eru bæjartóftir eða húsgrunnar auk fjölda garðlaga og útihúsatófta.

Í töflunni hér að neðan er gerð grein fyrir öllum bæjarstæðum á skráningarsvæðinu en ítarlegri umfjöllun er að finna í fornleifaskrá.

Númer	Heiti	Í byggð	Ástand
100:001	Gufuskálar	Fyrst getið um 1270	Bæjarhóll varðveittur að mestu leyti
100:011	Hausthús	19. öld?	Tóft
100:012	Kóngsgerði	19. öld	Tóftir, húsgrunnar, kálgarðar og garðlög
100:027	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
100:028	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
101:001	Vesturkot	Getið 1847	Ekki eiginlegur bæjarhóll. Tóftir, kálgarðar og húsgrunnur
102:001	Hrúðurnes	Getið 1703	Horfið v/ sjávarágangs
102:002	Neðra-Hrúðurnes	Í byggð 1919	Horfið undir golfvöll, óvíst að bæjarhóll hafi náð að myndast
102:003	Efra-Hrúðurnes	Í byggð 1919	Horfið undir golfvöll
102:020	Ónefnd hjáleiga	?	Horfið v/ sjávarágangs

<sup>4</sup> Guðmundur A. Finnbogason, 1984, 33-34.

102:021	Í Naustum	?	Horfið
102:024	Melbær	19. öld	Tóftir og garðlag
103:001	Stóri-Hólmur	Fyrst getið um 1270	Bæjarhóll varðveittur að mestu leyti, á honum eru tóftir
103:006	Kötluhóll	Getið 1703	Lítillsháttar bæjarhóll, tóftir og garðlög
103:020	Bergvík	Í byggð á 19. öld	Horfið undir golfvöll
103:030	Gerðið/Pálsbær	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:031	Bakki	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:032	Lindarbær	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:035	Brautarholt/Nýibær	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:038	Fjósvellir/Fjósakot	19.-20. öld?	Horfið
103:042	Vesturhús	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
103:043	Græningarður	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:044	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
103:045	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
103:046	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
103:048	Melshús	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll, sést í tvö útflött garðlög
103:052	Brandsbær	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:053	Ólafshús	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:054	Guðrúnarkot	19.-20. öld?	Horfið undir golfvöll
103:058	Krossbrekka	19.-20. öld?	Horfið
104:001	Litli-Hólmur	Getið 1703	Bæjarhóll varðveittur að miklu leyti
104:002	Litli-Hólmur	20. öld	Hús rifin
104:016	Litla-Hólmskot	19.-20. öld?	Tóft
104:017	Móhús	19.-20. öld?	Tóft
104:018	Þórukot	19. öld?	Tóft og garðlag
104:027	Reynistaður	20. öld	Hús rífið
105:001	Bakkakot (Borghús)	Getið 1847	Óverulegur bæjarhóll, steyptir grunnar og tóft
105:012	Steinar	19.-20. öld?	Tóftir og kálgarðar
105:016	Traðarkot	19. öld?	Tóft
105:017	Hábær	19.-20. öld?	Tóft og kálgarðar
106:001	Nýlenda	Getið 1847	Ekki eiginlegur bæjarhóll. Tóftir og kálgarður
107:001	Rófa	Getið 1847	Óverulegur bæjarhóll
108:001	Garðhús	Getið 1703	Horfið undir golfvöll
109:001	Ráðagerði	Getið 1703	Horfið undir golfvöll

## **Kirkjur, kuml og legstaðir**

Ekki er vitað um nein staðfest kuml á skráningarsvæðinu en þrjár legstaðir voru skráðir (GK-103:034, GK-103:060, GK-104:029). Sagnir eru um að Steinunn landnámskona sé grafín í landi Stóra-Hólms, um 80 m suðaustan við bæjarhólinn (GK-103:034). Þar hafa að sögn sést ummerki um legstað en þau sjást ekki lengur, líklega vegna sléttunar. Skammt frá þessum stað, um 90 m norðaustar, er hleðsla í túni Stóra-Hólma þar sem sagnir eru um að fornmaður að nafni Hólmkell sé heygður (GK-103:060). Hólmkell þessi á að hafa búið á jörðinni. Að lokum er þúst í túni Litla-Hólms, um 60 m suðvestan við bæjarhólinn, þar sem munnmæli segja að leynist heiðið bátskuml (GK-104:029). Allir eru þessir meintu legstaðir innan túns en það þekkist ekki á Íslandi að heiðnar grafir séu í tünnum þó að dæmi séu um að þær séu í túnjaðri eða fast utan túns. Það er hins vegar óvíst hvar túnin voru við upphaf byggðar á svæðinu og ekki hægt að útiloka að frásagnirnar af legstöðunum geti byggt á sagnaminni og kuml leynist á þessum stöðum. Hvorki leyndust kirkjur né bænhús á skráningarsvæðinu en ein hálfkirkja er skráð, í landi Stóra-Hólms (GK-103:002). Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en líklegt er að hún hafi verið þar sem öskuhaugur bæjarins var síðar, fast austan við bæjarhólinn. Ekki er vitað hvenær kirkjan var aftekin.

## **Garðlög og kálgarðar**

Garðlög setja mikinn svip á skráningarsvæðið en þau þjónuðu víðast hlutverki túngarða. Þar sem byggðin var þéttust og hjáleigurnar áttu lítið annað jarðnæði en túnin umhverfis bæina, þjónuðu túngarðarnir líka hlutverki landamerkjja. Hjáleigubbyggðin var þéttust þar sem Hólmsvöllur er og hefur mikill fjöldi garða verið rifinn á því svæði enda segir á golfvef NAT um gerð golfvallarins: „Fyrstu árin miðuðust framkvæmdir við að rífa grjótgarða, grjóthreinsa mela og fullrækta svæðið [...]“. Erfitt er að segja til um aldur þeirra garðlaga sem enn standa en mörgum þeirra hefur væntanlega verið haldið við í gegnum tíðina. Einn garður á skráningarsvæðinu sker sig úr hvað varðar útlit og er að öllum líkindum með eldri garðlögum á svæðinu. Það er garðlag (GK-107:005) í landi Rófu. Það er mjög gróið og sigið en er á svipuðum stað og yngri túngarður Rófu (GK-107:004).

Samkvæmt túnakortum sem gerð voru 1919 voru kálgarðar við alla bæi og kot, oft tveir eða þrjár saman. Utan Hólmsvallar sést enn fjöldi kálgarða og eru margir þeirra vel varðveittir. Sem

dæmi má nefna tvo sambyggða kálgarða fast suðvestan við bæjarhól Stóra-Hólms (GK-103:001), kálgarð sem sambyggður er bæjartóft Nýlendu (GK-106:001) og kálgarða við bæjarhól Litla-Hólms (GK-104:001 og GK-104:012). Kálgarðarnir eru líklega flestir ef ekki allir fremur ungar minjar en Jón Þ. Þór telur að jarðrækt á svæðinu hafi fyrst færst í aukana á 19. öld<sup>5</sup>.

## Skepnuhald

Aðeins ein útihúsatóft með þekkt hlutverk hefur varðveist á skráningarsvæðinu en það er hesthústóft sem tilheyrði hjáleigunni Kötluhól (GK-103:006) í landi Stóra-Hólms. Heimildir eru um að fjós hafi verið á bæjarhólum Gufuskála (GK-100:001) og Stóra-Hólms (GK-103:001) og að fjós hafi verið í túni Neðra-Hrúðurness (GK-102:007). Þá gefur bæjarnafnið Fjósvellir/Fjósakot (GK-103:038) til kynna að býlið hafi staðið þar sem áður var fjós eða að fjós hafi verið á býlinu. Ekki er vitað um hlutverk annarra útihúsa. Mikill fjöldi útihúsa er horfinn, ekki síst vegna framkvæmda við gerð golfvallar Golfklúbbs Suðurnesja. Aðrar minjar um skepnuhald en útihús eru afar fáar og undirstrikar það að áherslan hefur jafnan verið á fiskveiðar en ekki búfjárræktun á svæðinu. Tóft af einum beitarhúsum (GK-633:030) hefur varðveist og heimild er þekkt um einn stekk (GK-103:019) í landi Stóra-Hólms. Ekki virðist hafa verið haft í seli á bæjunum í Leirunni og eru engar minjar eða heimildir sem benda til að seljabúskapur hafi tíðkast þar. Eitt sel (GK-110:005) er þó skráð á svæðinu, við Rósuselstjarnir) og hefur það tilheyrt jörðinni Keflavík. Þar sést aðeins þúst af seli. Eitt fjárskýli var skráð þar sem örnefni gaf slíkt mannvirki til kynna (Borgin GK-103:049). Fjárskýlin eru líkast til fleiri á svæðinu og kunna tóftir GK-100:036 og GK-104:021 að vera leifar fjárskýla þó að erfitt sé að fullyrða um það.

## Sjósókn

Miðað við mikla sjósókn á skráningarsvæðinu og mikilvægi fiskveiða hefur lítið af minjum um sjósókn varðveist. Líklega helgast það af því að margar minjanna hafa horfið vegna ágangs sjávar enda flestar þeirra staðsettar við sjávarmálið. Víða má enn sjá ruddar varir á skráningarsvæðinu og hafa flestar þeirra verið merktar á undanförunum árum af Guðmundi Garðarssyni. Best varðveitta vörin er án efa Litla-Hólmsvör (GK-104:009). Hún er mikið mannvirki, veggir hennar eru þráðbeinir og er hún um 10 m breið. Alls voru skráðar 14 varir á skráningarsvæðinu og sjást

---

<sup>5</sup> Jón Þ. Þór 1998, 91.

mannaverk á 12 þeirra (sjá töflu). Aðrar varðveittar minjar um sjósókn eru 2 naust (GK-104:006 og GK-100:024) og Sundvarða (GK-103:018), mið á Stórhólmsundi. Aðeins voru skráðar örfáar aðrar varðveittar minjar með óþekkt hlutverk sem talið var líklegt að tengdust sjósókn (GK-100:026, GK-104:010, GK-104:013 og GK-104:023).

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Tegund
GK-103:010	Árnakrókur	lending	heimild
GK-104:009	Litla-Hólmsvör	lending	mannvirki
GK-102:016	Hrúðurnesvör	lending	mannvirki
GK-103:028	Lásagat	lending	mannvirki
GK-100:021	Kóngsgerðisvör	lending	mannvirki
GK-105:002	Bakkakotsvör	lending	mannvirki
GK-103:014	Ráðagerðisvör	lending	mannvirki
GK-103:021	Bergvíkurvör	lending	mannvirki
GK-102:027	Jónsvör	lending	mannvirki
GK-102:026	Melbæjarvör	lending	mannvirki
GK-100:008	[Gufuskálavör]	lending	mannvirki
GK-103:013	Stórhólmsvör	lending	mannvirki
GK-104:024		lending	mannvirki
GK-103:057	Stóravör	lending	renna

## 6. NIÐURSTÖÐUR

Mjög umfangsmiklar breytingar á landslagi og landnotkun hafa orðið á því svæði sem skráð var 2009 á allra síðustu áratugum. Á stórum hluta þess er nú golfvöllur Golfklúbbs Suðurnesja, Hólmsvöllur. Völlurinn nær yfir mikinn hluta lands Stóra-Hólms og alls Hróðurness auk hjáleigna og tómthúsa sem tilheyrðu þessum jörðum. Klúbburinn var stofnaður árið 1964 og var 18 holu völlur vígður árið 1986. Í golfskála klúbbsins hangir uppi stækkuð loftmynd Landmælinga Íslands frá árinu 1954. Á árunum 1975-76 merkti Ófeigur J. Ófeigsson læknir heiti býla og örnefni inn á loftmyndina auk ýmissa annarra upplýsinga og var myndin færð Golfklúbbum að gjöf árið 1987. Myndin er einstök heimild um þá miklu og þéttu byggð sem var á svæðinu og öll þau mannvirki og fornleifar sem hafa þurft að víkja við gerð golfvallarins.

### Minjar í hættu

Langflestar minjar á skráningarsvæðinu eru neðan gamla þjóðvegarins að Garði 095:019. Af þeim 234 fornleifum sem skráðar hafa verið þar eru 48 fornleifar taldar í hættu, flestar vegna framkvæmda eða landbrots. Talsvert hátt hlutfall minja, eða 72 fornleifar töldust í stórhættu. Flestar þeirra eru inni á Hólmsvelli og stafar þeim mikil hætta af raski vegna framkvæmda innan hans, en einnig eru nokkrar fornleifar í stórhættu vegna landbrots. Ekki var gert hættumat fyrir 6 fornleifar þar sem staðsetning þeirra er ekki þekkt. Aðrar minjar voru ekki taldar í hættu. Meðal þeirra minja sem eru í stórhættu er bæjarhóll Stóra-Hólms (GK-103:001) og meint kirkjustæði og öskuhaugur (GK-103:002). Þessar minjar eru líklega með þeim allra elstu á skráningarsvæðinu og búast má við að mikið af upplýsingum um búsetu á jörðinni sé að finna á þessum stöðum.

Nauðsynlegt er að fylgst sé með öllum framkvæmdum á golfvallarsvæðinu og hugsanlegri stækkun á því. Því þó að flestar minjanna innan golfvallarins sjáist ekki lengur á yfirborði er líklegt að einhverjar leifar þeirra leynist enn undir grassverði.

### Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu sem skráð var 2009 en þar er að finna margar merkar fornminjar sem ástæða er að vekja athygli á vegna kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi sem þær hafa. Sem dæmi um fornleifar sem hafa hátt minjagildi má nefna:

- **Bæjarhóll Gufuskála** (GK-100:001) virðist vera mjög vel varðveittur og er hann afar umfangsmikill. Ætla má að leifar um mannvist í hólnum nái langt aftur í aldir. Hann hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi.
- **Bæjarhóll Stóra-Hólms** (GK-103:001) og **meint kirkjustæði undir öskuhaug** (GK-103:002). Minjarnar teljast í stórhættu vegna þess að þær eru inni á Hólmsvelli og hætt er við að þeim verði raskað. Minjarnar eru að líkindum með elstu minjum á svæðinu og geta varpað ljósi á landnám í Leirunni og þróun byggðarinnar.
- **Prestsvarða** (GK-633:032) er allsérstæð varða sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi. Skemmtileg saga er um tilurð vörðunnar og áletrunarinnar sem er við hana en afar fá dæmi eru um slíka áletrun við vörður sem hafa varðveist.
- **Leiruhólmi** (GK-103:059). Í hólminum voru Hansakaupmenn með verslunarbúðir en svæðið er nú afar illa farið af ágangi sjávar. Afar brýnt að rannsakað verði hvort og þá hvers konar leifar kunna að leynast þar þó að líkur séu á því að allt sé horfið í sjó.
- **Minjar um tómtúsið Steina** (GK-105:012) eru afar heillegar og gefa góða mynd af því hvernig umhorfs var á slíkum býlum. Á bænum er bæjartóft og útihúsatóft auk kálgarða og túngarðs. Búið var á Steinum fram um 1930 og því furðu stutt síðan búið var þar í grjóthlöðnum bæ. Minjarnar hafa gott varðveislu- og kynningargildi.
- **Litla-Hólmsvör** (GK-104:009) er best varðveitta vörin í Leirunni og hefur hún mikið varðveislu- og kynningargildi. Hún er afar vel hlaðin og breið og hefur það verið gríðarmikið afrek að ryðja hana á sínum tíma án stórvirkra vinnuvéla en vörinni hefur ekki verið haldið við síðastliðin 50 ár. Fjöldi annarra vara er í Leirunni sem vert er að skoða.
- **Þúst** (GK-100:029) á sjávarbakka ANA við bæjarhól Gufuskála (GK-100:001). Rof er komið í þústina vegna ágangs sjávar og þústin því í bráðri hættu. Í rofinu sést þykkt lag af beina- og skeljaleifum, aðallega fiskibeinum. Nauðsynlegt er að rannsaka þústina sem fyrst áður en sjórinn rífur meira úr henni til þess að komast að því um hvers konar minjar er þarna að ræða og hversu gamlar þær eru.
- **Sundvarða** (GK-103:018) er eina varðveitta miðið á skráningarsvæðinu. Varðan er fallin og er talin í stórhættu en hún hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.
- **Varðan Ranglát** (GK-633:031) hafði óvanalegt hlutverk og er því allsérstæð fyrir þær sakir auk þess sem hún er afar vegleg og vel hlaðin. Hún var að sögn hlaðin af opinberum aðilum og átti að þjóna sem einhvers konar merki um landhelgi; máttu bátar úr byggðalögum fyrir sunnan línuna,

Keflavík og Vogar, ekki fara norður fyrir línuna, og bátar sem gerðir voru út frá Garði máttu ekki fara suður fyrir línuna. Hlutverk vörðunnar er sérstakt og saga hennar skemmtileg og hún hefur því gott varðveislu- og kynningargildi.

- Eina varðveitta **beitarhúsatóftin** (GK-633:030) á skráningarsvæðinu er vestan við Langholt en henni stafar hættu af uppblæstri. Brýnt er að koma í veg fyrir skemmdir menningarminja á svæðinu enda hefur tóftin gott varðveislugildi.
- Einu varðveittu minjarnar um **sel** (GK-110:005) á skráningarsvæðinu eru við Rósuselstjarnir nærri suðurmörkum sveitarfélagsins. Minjarnar eru ákjósanlegt rannsóknarefni til þess að varpa ljósi á sögu og þróun seljabúskapar á svæðinu.

Um verndun og kynningu minjastaða sem skráðir voru 2008 vísast til skýrslu sem kom út það sama ár<sup>6</sup>.

Nú þegar skráningu á fornleifum í Sveitarfélaginu Garði er lokið er ljóst að þar gefast mörg tækifæri til að kynna fjölbreytilegar mannvistarleifar fyrir heimafólki sem og ferðamönnum og miðla þannig sögu svæðisins. Ein áhrifamesta aðferðin við kynningu á menningarminjum svæðisins gæti verið að sýna saman loftmyndir af minjasvæðum eins og þéttbýlinu í Garði og Leirunni frá miðri síðustu öld og nýlegar loftmyndir af sömu svæðum. Inn á myndirnar mætti merkja býlisnöfn og helstu örnefni. Með þessum hætti fengi fólk sterka tilfinningu fyrir þeim miklu breytingum sem á svæðinu hafa orðið á fáum áratugum. Þessa leið væri hægt að fara þar sem mestar breytingar hafa orðið; í mesta þéttbýlinu og á Hólmsvelli. Frábært útsýni er yfir Hólmsvöll frá Gapastokki (GK-103:051) og væri hægt að koma kynningarskilti fyrir þar um sögu svæðisins og minjarnar sem þar voru.

Margar minjar í Sveitarfélaginu Garði hafa þegar verið merktar, eins og varir og ýmis býli og minjar. Þessar merkingar mætti auka og útbúa göngukort sem leiðir fólk á milli athyglisverðra staða. Til dæmis væri hægt að útbúa minjakort af tünnum Gufuskála og Litla-Hólms þar sem lítið rask hefur orðið síðustu áratugi og gæti fólk gengið um með kortin og skoðað staði sem það hefði ef til vill ekki borið kennsl á sjálf og fengið upplýsingarnar um þá og aðra staði af kortinu og/eða upplýsingaskiltum.

---

<sup>6</sup> Birna Lárusdóttir. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. Fornleifastofnun Íslands.

Á Garðskagatá eru mörg tækifæri til að miðla upplýsingum um fjölda merkilegra minjastaða og tengja við þau söfn og aðra ferðatengda þjónustu sem eru á svæðinu. Á Garðskagatá er þekktasta fornleif sveitarfélagsins, Skagagarður (GK-080:036) auk akurlanda (GK-080:035), einu friðlýstu fornminjanna innan sveitarfélagsins. Fornleifarannsókn var gerð á akurlöndunum árið 1999 og væri hægt að koma niðurstöðum hennar á framfæri. Það sama má segja um niðurstöður merkilegs uppgrafar sem gerður var á bæjarhól Útskála 2005-2006. Varðveisluskilyrði reyndust einstaklega góð og leiddi uppgröfturinn í ljós umfangsmiklar mannvistarleifar.

## HEIMILDAMENN

Ásgeir Jóelsson, f. 1924

Guðmundur Garðarsson, f. 1943

Theodór Guðbergsson, f. 1950

## HEIMILDASKRÁ

Adolf Friðriksson. 2006. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík* [FS324-06201]. Fornleifastofnun Íslands.

*AM 263 fol.* Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ágústa Edwald. 2008. *Aðalskráning fornleifa við suðurmörk Sveitarfélagsins Garðs*. Óútgefin bráðabirgðaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands.

**Árbók Suðurnesja 1988**= Sigurður B. Sívertsen. 1988. 'Samanburður á fortíð og nútíð í Rosmhvalaneshreppi frá því fyrir 60 árum.' *Árbók Suðurnesja 1988*, 81-108.

Birna Lárusdóttir o.fl. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)* [FS404-08011]. Fornleifastofnun Íslands.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1853-1976.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifakönnun. Reykjanesbraut* [FS133-00141].  
Fornleifastofnun Íslands.

Guðmundur A. Finnbogason. 1984. 'Leiran.' *Lesbók Morgunblaðsins* 22. desember 1984, 33-34.

[http://www.nat.is/golf/golf\\_keflavik\\_holmsvollur.htm](http://www.nat.is/golf/golf_keflavik_holmsvollur.htm)= Golfvefur NAT. 2010. Sótt 29. mars af:  
[http://www.nat.is/golf/golf\\_keflavik\\_holmsvollur.htm](http://www.nat.is/golf/golf_keflavik_holmsvollur.htm)

<http://www.ferlir.is/>= Heimasíða FERLIR. Greinar sóttar veturinn 2009-2010 af: [www.ferlir.is](http://www.ferlir.is)

<http://www.keflavikurkirkja.is>= Heimasíða Keflavíkurkirkju. 2010. Sótt 25. mars af:  
<http://www.keflavikurkirkja.is/?C=ConnectionString&Groups=2&ID=124&Index=3&Q=Top%205%20Pages&path=Controls/14>

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11. 1913-43. Kaupmannahöfn.

**JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Jón Þ. Þór. 1998. *Gerðahreppur 90 ára*. Útg. Gerðahreppur.

**KK I=** Kaalund, Kristian. 1986. *Íslenzkir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur I. Örn og Örlygur*, Reykjavík.

Loftmyndir af GoogleEarth.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

**Ófeigur J. Ófeigsson: uppdráttur=** Ófeigur J. Ófeigsson. 1975-76. Uppdráttur gerður á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1954. Uppdrátturinn hangir uppi í aðstöðuhúsi Golfklúbbs Suðurnesja á Hólmsvelli.

**Rauðskinna VI=***Rauðskinna VI (sögur og sagnir)*. 1945. Safnað hefir Jón Thorarensen. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

**SSGK=** Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sögufélag, Reykjavík.

**Undir Garðskagavita**= Gunnar M. Magnúss. 1963. *Undir Garðskagavita*. Héraðssaga Garðs og Leiru. Ægisútgáfan, Reykjavík.

### **Óprentaðar heimildir**

**Túnakort 1919:** Túnakort fyrir Rosmhvalaneshrepp frá því um 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Gufuskálar:** Örnefnaskrá fyrir Gufuskála. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hrúðurnes:** Örnefnaskrá fyrir Hrúðurnes. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Innleira:** Örnefnaskrá fyrir Innleiru. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Keflavík viðbætur SM:** Örnefnaskrá fyrir Keflavík, viðbætur. Skúli Magnússon skráði upp úr blaðinu Faxa frá árinu 1967. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Keflavík, AG:** Örnefnaskrá fyrir Keflavík. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Stóri-Hólmur:** Örnefnaskrá fyrir Stóra-Hólm. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## SÉRHEITASKRÁ

Sérheiti	Samtala
Aldamótagarðar	GK-104:015
Álfakirkja	GK-103:050
Árnakrókur	GK-103:010
Bakkakotsvör	GK-105:002
Bakki	GK-103:031
Bergvík	GK-103:020
Bergvíkurvör	GK-103:021
Borghús	GK-105:001
Borgin	GK-103:049
Brandsbær	GK-103:052
Brautarholt	GK-103:035
Dalur	GK-103:055
Efrivegur	GK-095:019
Fjósvellir	GK-103:038
Gapastokkur	GK-103:051
Garðhús	GK-108:001
Gerðið	GK-103:030
Grænigarður	GK-103:043
Guðrúnarkot	GK-103:054
Gufuskálar	GK-100:001
Hausthús	GK-100:011
Hábær	GK-105:017
Hjallarif	GK-103:007
Hólgarður	GK-100:002
Hólmavarða	GK-103:011
Hrúðunesbrunnur	GK-102:011
Hrúðurnes	GK-102:001
Hrúðurnes	GK-102:003
Hrúðurnes	GK-102:002
Hrúðurnesvör	GK-102:016
Huldufólkshamar	GK-100:032
Í Naustum	GK-102:021
Jónsvör	GK-102:027
Kalka	GK-110:102
Kóngsgerði	GK-100:012
Kóngsgerðisvör	GK-100:021

Krossbrekka	GK-103:058
Kötluhóll	GK-103:006
Lásagat	GK-103:028
Leiruhólmi	GK-103:059
Lindarbær	GK-103:032
Litla-Hólmskot	GK-104:016
Litla-Hólmsvör	GK-104:009
Litli-Hólmur	GK-104:001
Melbæjarvör	GK-102:026
Melbær	GK-102:024
Melshús	GK-103:048
Móhús	GK-104:017
Neðrivegur	GK-100:016
Nikulásarnaust	GK-103:023
Nýlenda	GK-106:001
Ólafshús	GK-103:053
Prestsvarða	GK-633:032
Ranglát	GK-633:031
Ráðagerði	GK-109:001
Ráðagerðisvör	GK-103:014
Reynistaður	GK-104:027
Rófa	GK-107:001
Rósuselstjarnir	GK-110:005
Sjávargata	GK-100:004
Skökk	GK-102:019
Steinar	GK-105:012
Stekkjarnef	GK-103:019
Stóravör	GK-103:057
Stórhólmsvör	GK-103:013
Stóri-Hólmur	GK-103:001
Sundtré	GK-103:033
Sundvarða	GK-103:018
Traðarkot	GK-105:016
Vesturhús	GK-103:042
Vesturkot	GK-101:001
Þórukot	GK-104:018
Þrívörður	GK-633:026

## VIÐAUKI 1: Hnitaskrár á ISN93

Hér að aftan er birt hnitaskrá frá 2009 á ISN93.

Samtala	Longitude	Latitude
95019	323648.05	398813.66
100001	323685.92	399675.38
100002A	323691.05	399700.43
100002B	323681.38	399711.68
100003	323695.58	399657.04
100004	323711.16	399713.65
100005	323698.34	399717.4
100006	323709.19	399706.55
100007	323649.82	399621.93
100008A	323748.44	399741.46
100008B	323718.86	399762.17
100009	323729.7	399776.37
100010	323702.29	399794.12
100011A	323661.46	399905.36
100011B	323637.79	399742.05
100012A	323653.97	399973.6
100012B	323649.03	399971.63
100012C	323651.01	399979.32
100012D	323651.2	399980.51
100012E	323636.61	399961.57
100012F	323648.05	399955.85
100012G	323687.89	399960.78
100012H	323689.66	399963.15
100012I	323694.2	399959.01
100012J	323630.3	399985.04
100012K	323631.68	399959.4
100012L	323618.07	400011.47
100012M	323625.37	399973.21
100013A	323607.02	399670.06
100013B	323536.41	399783.08
100013C	323618.86	399646.79
100014	323674.48	399944.61
100015	323205.45	400471.62
100016A	323611.56	399532.19
100016B	323643.31	399426.28
100017	323730.49	399299.45

100018	323722.21	399714.44
100019	323717.28	399713.65
100020	323708.8	399793.13
100021	323713.73	399930.41
100022	323820.04	399357.84
100023	323578.03	399574.2
100024	323716.29	399749.35
100025	323629.11	399646.59
100026A	323731.87	399806.15
100026B	323728.52	399800.43
100026C	323723.59	399834.16
100029	323721.03	399717.59
100030	323709.98	399869.07
100031A	323651.6	399818.38
100031B	323662.84	399832.19
100032	323592.03	399782.88
100033A	323568.56	399670.06
100033B	323552.39	399663.95
100034	323610.38	400046.19
100035	323583.75	400102.79
100036A	323485.33	400057.82
100036B	323501.7	400067.29
100037	323773.49	399599.05
100038	323732.66	399582.49
100039	323734.44	399682.88
100040	323711.56	399725.88
100041A	323746.07	399654.28
100041B	323743.12	399648.96
100042	323706.82	399580.71
100043	323603.08	399769.86
101001	323592.63	399872.03
101002	323582.76	399892.34
101003	323552.98	399898.06
101004	323600.32	399877.75
101005	323579.8	399863.55
102001	324579.59	398541.68
102002	324488.27	398526.69

102003	324382.75	398425.31
102004	324394.78	398425.7
102005	324381.37	398412.09
102006	324380.97	398380.73
102007	324395.96	398459.82
102008	324490.44	398515.64
102009	324472.1	398526.49
102010	324478.61	398528.46
102011	324478.8	398520.77
102012	324492.21	398531.62
102013	324442.51	398591.18
102014A	324424.76	398640.89
102014B	324411.74	398692.36
102014C	324438.37	398588.82
102015	324437.58	398579.74
102016	324504.84	398545.82
102017	324494.58	398531.42
102018	324472.89	398508.94
102019	324579.79	398518.21
102021	324603.26	398501.84
102022	324364.6	398576.98
102023	324408.78	398450.55
102024A	324609.96	398436.75
102024B	324628.31	398419.59
102024C	324593.4	398449.57
102024D	324692.41	398386.85
102024E	324580.77	398447.6
102024F	324576.24	398445.82
102024G	324672.09	398408.54
102024H	324596.16	398459.82
102024I	324588.07	398460.61
102025	324571.7	398408.74
102026	324558.68	398551.54
102027	324569.14	398576.98
103001A	324171.9	398641.08
103001B	324153.36	398637.53
103001C	324119.24	398615.05
103001D	324170.52	398651.73
103002	324203.07	398640.49
103003	324400.7	398677.18
103004	324174.47	398593.16

103005	324308.59	398762.78
103006A	324112.34	398571.06
103006G	324125.16	398547.2
103006H	324118.45	398538.52
103006I	324124.77	398515.05
103006J	324120.43	398459.43
103006K	324083.15	398528.07
103006Li	324171.9	398472.25
103006Lii	324066.78	398562.98
103007	324413.91	398705.97
103008	323837.59	398302.83
103009	323955.34	398236.16
103010	324392.41	398718.79
103011	324414.11	399115.83
103012	324326.14	398637.73
103013	324462.24	398625.9
103014	324464.8	398617.42
103015	324194.19	398656.67
103016	324765.39	396558.67
103017	324857.69	396404.44
103018	324196.76	398290.4
103019	324920.41	398181.53
103020A	324848.82	398133.79
103020B	324851.97	398139.71
103020C	324893.98	398153.32
103020D	324872.29	398121.76
103020E	324838.56	398137.34
103020F	324862.43	398088.23
103020G	324837.38	398133.99
103020H	324897.73	398046.02
103020I	324856.11	398091.39
103021	324900.89	398112.3
103022	324894.18	398112.89
103023	324317.86	398780.13
103024	324285.71	398823.72
103025	323669.15	398831.81
103026	324853.75	398259.83
103027	325944.66	396748.81
103028	324433.83	398891.57
103030	324275.45	398384.68
103031	324722.19	398365.35

103032A	324536	398342.86
103032B	324523.97	398349.18
103033	324457.5	398639.51
103034	324219.24	398577.77
103035	324360.07	398328.47
103036	324861.83	398152.14
103037	324877.22	398152.93
103038	324319.04	398619.19
103039	324426.54	398725.11
103040	324295.77	398838.52
103041	324237.39	398526.1
103043A	324542.12	398269.1
103043B	324546.45	398279.75
103043C	324541.92	398274.82
103043D	324550.6	398236.95
103043E	324549.61	398245.04
103048A	324681.76	398092.57
103048B	324699.51	398088.23
103048C	324685.11	398081.92
103048D	324665.39	398094.94
103048E	324669.92	398104.21
103049	324299.52	397337.95
103050	325021.59	397870.09
103051A	324861.24	397941.69
103051B	324853.35	397937.15
103051C	324857.1	397945.04
103052	324863.02	398162
103053A	324778.01	398311.7
103053B	324785.5	398314.46
103053C	324774.26	398353.12
103053D	324771.5	398347.79
103053E	324772.68	398314.66
103054	324892.41	398174.42
103055	324450.2	398218.61
103056	324188.08	398553.51
103057	324902.46	398036.95
103058	324350.99	398615.05
103059	324387.68	399157.05
103060	324285.51	398642.07
103061	324427.52	397493.57
103062	324421.01	397449.19

103063	324439.36	397386.67
103064	324490.83	397314.87
103065	324715.49	397477.2
103066	324847.44	397934.78
103067	324848.22	397931.04
103068	324999.31	397852.34
103069	324697.73	397249.19
103070	324523.38	397139.93
103071	325456.3	397304.81
103072	325443.87	397473.06
103073	325483.52	397398.11
104001A	324051.99	399013.07
104001B	324043.5	399008.14
104002	324042.72	398988.81
104003	324034.43	399016.82
104004	324025.16	399021.55
104005	323950.21	399012.48
104006	324115.69	399020.37
104007	324027.53	399091.37
104008	323966.98	399063.56
104009	324116.68	399056.46
104010	324108.79	399037.33
104011	323967.17	399046.8
104012	324068.55	398986.25
104013	324107.01	399042.65
104014	324140.54	399003.8
104015	323867.77	399008.34
104016	323917.67	399023.52
104017	323921.42	399030.82
104018A	323945.68	399053.7
104018B	323936.41	399044.63
104018C	323937.79	399047.19
104019A	323927.92	399028.06
104019B	323918.26	399003.6
104019C	324000.7	398904.2
104020A	323927.73	399114.84
104020B	323946.07	399153.5
104021A	323909.58	399176.38
104021B	323901.1	399162.77
104022	324061.85	399095.91
104023	324080.98	399079.54

104024	324045.28	399161.19
104025	324032.85	399136.93
104026	324068.16	399101.43
104027	323905.24	398940.29
104028	323946.86	398893.35
104029	324040.35	398952.12
105001	324229.5	398850.94
105002	324280.98	398937.92
105003	324246.07	398866.52
105004	324242.91	398918.2
105005	324251	398905.38
105006	324255.73	398892.76
105007	324236.4	398848.18
105008	324259.48	398831.61
105009	324263.22	398894.93
105010	324247.25	398857.45
105011A	324210.17	398837.33
105011B	324164.02	398784.87
105012A	324076.44	398831.22
105012B	324070.53	398836.94
105012C	324053.37	398813.66
105012D	324091.43	398815.04
105013	324109.97	398833.78
105014A	324201.1	398799.07
105014B	324092.62	398910.7
105015	324039.95	398861.79
105016A	324127.72	398793.74
105016B	324113.52	398807.94
105016C	324100.31	398796.9
105016D	324107.01	398784.08
105017A	324043.9	398757.45
105017C	323989.86	398720.37
105018	324169.14	398834.18
105019	324174.07	398799.27
105020	324109.38	398766.13
106001	324122.99	398719.78
106002	324133.25	398712.29

106003	324199.52	398784.87
106004	324130.49	398700.65
106005	324162.04	398775.01
107001	324091.04	398662.58
107002	324077.82	398666.33
107003	324119.05	398602.03
107004	324043.31	398637.93
107005	324048.44	398637.34
107006	324036.4	398655.09
108001	324208.99	398504.4
108002	324216.28	398495.52
108003	324211.75	398449.37
109001	324312.14	398443.26
109002	324305.04	398432.8
110005	324253.17	393911.58
110031	324187.68	393952.41
110080	324061.26	393870.36
110089	326435.77	395978.61
110090	326015.46	396646.05
110091	326044.26	396720.8
110092	325076.62	396193
110093	325979.57	394965.8
110094	325985.68	394915.11
110095	325994.75	394914.72
110096	325575.83	394888.09
110097	325542.69	394934.64
110098	325510.34	394997.75
110099	325408.96	395370.13
110101	325815.27	396089.65
633026	322447.48	398259.63
633027	323424.78	398975.99
633028	323551.01	398845.62
633029	323564.03	398730.63
633030	323487.1	398691.18
633031	323732.86	398647.79
633032	323568.56	398003.03


## **VIÐAUKI 2: MINJAKORT**

(Á eftir að setja inn minjakort)

Aftast eru túnakort frá 1919 með þeim fornleifum sem þekktar eru innantúns.


# Túnakort 1919

## Gufuskálar og Vesturkot



Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða skv. túnakorti
	leifar túngarðs
	traðir


# Túnakort 1919



Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða skv. túnakorti
	leifar túngarðs
	træðir

# Túnakort 1919



## Litli-Hólmur og Borghús (Bakkakot)



Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða skv. túnakorti
	leifar túngarðs
	traðir

# Túnakort 1919


Hrúðurnes, Stóri-Hólmur, Nýlenda, Rófa, Garðhús, Ráðagerði




Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða skv. túnakorti
	leifar túngarðs
	traðir

# Túnakort 1919

## Hjáleigur og tómthús



Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða skv. túnakorti
	leifar túngarðs
	traðir



# Túnakort 1919

103:020 Bergvík

